

**SANDRA DAÐADÓTTIR**

*Langþráður draumur að synda með höfrungum*

ferðir • veiði • heimili • bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**FLUTNINGAR**

*Lengsta sendiferð Íslandssögunnar*

Sérblað um flutninga

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**FRIÐRIK ÓMAR OG REGÍNA ÓSK**

*Mætt í ræktina um miðja nótt*

Strangur undirbúningur fyrir Eurovision í Serbíu

FÓLK 34




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. maí 2008 — 129. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Fluttur í sveitina

Bubbi Morthens er fluttur með fjölskyldu sína að Meðalfellsvatni í Kjós. Hann lofar sveitasæluna.

FÓLK 34



### Langar að brúa kynslóðabilið



Árbæjarsöfnuður er fjörutíu ára.

TÍMAMÓT 20

### Module aðlagast umhverfi sínu

Færanlegt sýningarrými hýsir tíu verk á Listahátíð í Reykjavík.

MENNING 24

### Lið umferðarinnar valið



Tryggvi Guðmundsson er besti leikmaður 1. umferðar Landsbankadeildar karla.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI OG MILT** Í dag verður hæg breytileg átt. Víða bjart með köflum en stöku skúrir úti við norðausturströndina. Hætt við þokulofti með ströndum framan af degi. Hiti 8-17 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4

# Opin samkeppni um höfnina í Reykjavík

**Stjórn Faxaflóahafna samþykkti í gær tillögu um opna hugmyndasamkeppni um skipulag Reykjavíkurhafnar. Stjórnin vill heildarsýn til framtíðar.**

**SKIPULAGSMÁL** Efna á til opinnar hugmyndasamkeppni um skipulag Reykjavíkurhafnar frá Ingólfsgarði vestur í Örfirisey, samkvæmt ákvörðun stjórnar Faxaflóahafna í gær.

„Mikilvægt er á þessum tímapunkti að mótuð sé heildarsýn varðandi skipulag svæðisins. Það varðar ekki aðeins ásýnd gömlu hafnarinnar heldur íbúa- og atvinnuþróun borgarinnar allrar þar sem horft verður til atvinnustarfsemi á hafnarsvæðinu, framtíðarnota, íbúðarbyggðar og samgangna,“ segir í tillögu formanns hafnarstjórnarinnar, Júlíusar Vífils Ingvarssonar.

„Það eru auðvitað ákveðnir þættir, eins og tónlistarhúsið, sem eru bundnir í skipulagi. Hins vegar eru nokkur svæði sem á eftir að skipuleggja þannig að þau rími við það sem þegar hefur verið ákveðið. Þetta eru til dæmis Örfirisey og svæðið milli Mýrargötu og tónlistar- og ráðstefnuhússins,“ segir Gísli Gíslason hafnarstjóri.

Að sögn Gísla er ætlunin með samkeppninni ekki að breyta skipulagi. „Í takt við það sem margar borgir eru að vinna er verkefnið fyrst og fremst að fá hugmyndir og skapa heildarsýn til lengri tíma,“ segir Gísli.

Ekki liggur fyrir hvenær hugmyndasamkeppnin fer fram.

Tveir fulltrúar minnihlutans úr borgarstjórn Reykjavíkur, Björk Vilhelmsdóttir og Óskar Bergsson, sátu hjá við afgreiðslu tillögunnar á fundi hafnarstjórnar.

„Tillögu formanns um opna hönnunarsamkeppni um gamla hafnarsvæðið ber að með engum fyrirvara og óljóst hvað meirihluti stjórnar hyggst fyrir með þessari tillögugerð. Spurningar vakna hvort gildandi skipulag við Mýrargötu sé í uppnámi við þessa ákvörðun og svo og þær framkvæmdir sem þar hafa verið unnar samkvæmt gildandi skipulagi,“ segir í bókun Bjarkar og Óskars.

„Mýrargötuskipulagið er ekki hluti þessa máls og villandi að blanda því saman,“ svaraði Júlíus í bókun og hafnarstjórinn tekur í sama streng. „Það er samþykkt deiliskipulag sem unnið er eftir þannig að Mýrargötusvæðið er ekki hluti af þessu verkefni,“ segir Gísli Gíslason.

gar@frettabladid.is



**MENGUN** Olía og hreinsiefni bárust í gær að ósum Elliðaáa. Þró, sem notuð var til að hreinsa búnað sem notaður var vegna mengunarslyssins í höfninni á mánudag, yfirfylltist í rigningu með fyrrgreindum afleiðingum. Sjá bls. 8 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fleiri íslenskir sjónvarpsþættir:

## Lögfræðidrama í burðarliðnum

**FÓLK** Réttur, nýr íslenskur sjónvarpsþáttur um daglegt líf lögfræðinga og störf þeirra, er í burðarliðnum. Skapari þáttanna er Sigurjón Kjartansson, en auk hans skrifa þau Kristinn Þórðarson og Margrét Örnólfsdóttir handritið að þeim.



BRYNJAR NÍELSSON

Skrifteymið hefur að undanförnu sótt réttarhöld í héraðsdómi og átt fundi með Brynjari Níelssyni, hæstaréttarlögmanni. Hann fagnar gerð þáttanna og telur löngu tímabært að gera íslenskum lögfræðingum skil í sjónvarpi.

„Við erum ekki eins leiðinlegir og menn kynnu að halda,“ segir Brynjar.

- fgg / sjá síðu 34

Nýjar reglur kalla á breytingar:

## KR tekur yfir reksturinn

**VIÐSKIPTI** „Það sem gerist hjá okkur er að rekstrinum verður skilað til knattspyrnudeildar félagsins,“ segir Jónas Kristinsson, stjórnarformaður almenningshlutafélagsins KR Sport, sem rekið hefur meistaraflokk karla í KR, 2. flokk og knattspyrnuakademíu undanfarin ár.



JÓNAS KRISTINSSON

Nýjar reglur gera það að verkum að íþróttafélög verða að eiga meirihluta í félögum sem reka knattspyrnustarfsemi. Knattspyrnudeild KR mun því eftir þetta keppnistímabil sjá um reksturinn. Samningar leikmanna eru við KR Sport. „Félagið fær þessa samninga,“ segir Jónas.

- ikh / sjá Markaðinn

Yfirmenn löggæslumála ekki á einu máli um framtíðarskipulag:

# Ágreiningur um skipulag löggæslu

**LÖGGÆSLUMÁL** Yfirmenn löggæslumála í landinu eru ekki á einu máli um hvernig skipulagi þeirra sé best fyrir komið. Þetta kemur fram í viðtölum Fréttablaðsins við Harald Johannessen ríkislögreglustjóra og Stefán Eiríksson lögreglustjóra.

Haraldur telur vænlegast að sameina lögregluna í landinu í eitt lögreglulið undir stjórn embættis ríkislögreglustjóra, jafnframt því að lögreglustjóraembættum verði fækkað enn frekar, eða niður fyrir tíu. Ríkislögreglustjóri kveðst telja að ákæruvaldið eigi ekki að vera í höndum lögreglustjóranna, heldur eigi þeir nánast eingöngu að sinna lögregluverkefnum.

Stefán telur hins vegar mjög koma til álita að færa deildir sem sinna sérhæfðri almennri löggæslu frá embætti ríkislögreglustjóra til stærstu lögregluembætta landsins, það er höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Um er að ræða sérsveitina, alþjóðadeildina, efnahagsbrotadeildina og fjarskiptamiðstöðina. Stefán álítur jafnframt að til greina komi að flytja þessa starfsemi til fleiri lögregluembætta eftir atvikum ef tillögur um frekari stækkun embætta ganga eftir.

- jss / sjá síðu 16


germanwings.com

Nýtt: Flug til Þýskalands!

Frá 19€ Ásamt*



*Ásamt skatti, báðar leiðir og fyrir áfanga, takmarkaður fjöldi.

Pantaðu núna: germanwings.com

Einstaklingstilboð nr. 2

Pizzasneið, 2 brauðstangir og gosglas

690 kr.

sbarro



Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46

www.sbarro.is • sími 517 7750

muundu eftir mjólkinni!

Muu

## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, byggirðu söguna um svínið á reynslu þinni úr pólitík?*

„Nei ég þurfti ekki að kafa þangað til að sækja efniviðið. Þetta er bók um lífið."

Guðmundur Steingrímsson leggur nú lokahönd á barnabók ásamt Halldóri Baldurssyni. Aðalsöguhetjan er svínið Pétur. Guðmundur hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum í stjórnmálum.

Fimm sóttu um embætti ríkisendurskoðanda en ákveðið var að auglýsa aftur:

# Auglýsingin fór framhjá fólki

**STJÓRNSÝSLA** Alþingi hefur framlengt umsóknarfrest um embætti ríkisendurskoðanda þar sem ábendingar bárust um að fyrri auglýsing hefði farið framhjá fólki sem kynni að hafa áhuga á starfinu.

Embættið var upphaflega auglýst í Lögbirtingablaðinu 11. apríl og í Morgunblaðinu 13. apríl. Var umsóknarfrestur auglýstur til 5. maí.

7. maí var framlengdur umsóknarfrestur til 16. maí auglýstur í Morgunblaðinu og hinn 8. var auglýsing sett á starfatorg.is.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins höfðu fimm umsóknir borist þegar fyrri frestur var útrunninn.

„Ástæða þess að umsóknarfrestur um embætti ríkisendurskoðanda var framlengdur er sú að ábendingar höfðu komið fram um að fyrri auglýsing hefði farið framhjá einhverjum og því ekki borið fyrir augu allra sem áhuga kynnu að hafa á embættinu," sagði Þorsteinn Magnússon, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið.

Spurður hvort seinni auglýsingin hefði birst víðar eða í sömu miðlum svaraði hann því til að Morgunblaðið væri rótgróinn og velþekktur miðill fyrir atvinnuauglýsingar og að líklegast væri að þeir sem hefðu hug á embætti ríkisendurskoðanda læsu það blað. - bþs



**ALÞINGISHÚSIÐ** Umsóknarfrestur um embætti ríkisendurskoðanda rennur út á föstudag.

Tölur Vinnumálastofnunar:

# Atvinnuleysi minna en 2007

**ATVINNUMÁL** Skráð atvinnuleysi á Íslandi í apríl 2008 var eitt prósent. Þannig voru að meðaltali 1.717 manns atvinnulausir í apríl, að sögn Vinnumálastofnunar. Það eru 43 fleiri en í mars.

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar var atvinnuleysi í apríl um átta prósentum minna en á sama tíma í fyrra.

Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er 0,8 prósent eða það sama og í mars. Á landsbyggðinni minnkar atvinnuleysi örlítið og er 1,4 prósent, en var 1,5 prósent. Atvinnuleysi karla er 0,9 prósent og atvinnuleysi kvenna er 1,3 prósent eins og í mars. - gar

Háskóli Íslands:

# Ráðherra Clintons útnefndur heiðursdoktor

**MENNTAMÁL** Donna E. Shalala, prófessor og fyrrverandi heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, hefur hlotið heiðursdoktorsnafnbót frá Háskóla Íslands.

Dr. Shalala er rektor og prófessor við Háskólann í Miami á Flórída. Hún var heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna í átta ára valdatíð Bills Clinton en gegndi þar áður starfi prófessors í stjórnmálafræði við Wisconsin-háskóla. Kristín Ingólfsdóttir rektor, ásamt viðskipta- og hagfræðideild, mun veita dr. Shalala heiðursdoktorsnafnbótina 11. júní næstkomandi og heldur hún fyrirlestur í hátíðarsal skólans af því tilefni. - shá

Könnun á fylgi í Reykjavík:

# Borgarstjóri næði ekki kjöri

**SKOÐANAKÖNNUN Ólafur F. Magnússon borgarstjóri næði ekki kjöri sem borgarfulltrúi, samkvæmt nýrri könnun Gallup um fylgi stjórnmálaflokka í Reykjavík. Samfylkingin bætir við sig þremur borgarfulltrúum og er nálægt hreinu meirihlutafylgi. Sjálfstæðisflokkur tapar tveimur mönnum. Framsóknarflokkurinn fengi engan mann kjörinn.**

**Samkvæmt könnun Gallup fengi Samfylkingin rúm 47 prósent, sem er aukning um 6,5 prósentustig frá fyrri könnun, en Sjálfstæðisflokkurinn 31 prósent og tapar átta prósentustigum. Fylgi Vinstri grænna eykst um 2,5 prósent og Framsókn eykur lítillega við sig. Fylgi F-lista er nánast óbreytt.** - shá

# Meðferðargangurinn bjargaði syninum

**Heilbrigðisráðherra og dómsmálaráðherra hafa undirritað samning sem tryggir rekstur meðferðargangs á Litla-Hrauni. Móðir ungs fanga, sem var langt leiddur fíkill, segir hann hafa náð tökum á lífi sínu á meðferðarganginum.**

**FANGELSISMÁL** „Sonur minn var mjög langt leiddur fíkill þegar hann fór inn á Litla-Hraun. Í fangelsinu hélt hann áfram í bullandi neyslu og var skiljanlega settur á gang sem gekk undir nafninu neyslugangurinn í fyrstu," segir Svala Kristín Pálsdóttir, móðir ungs fanga. Hún segir líf sonar síns hafa breyst mjög til batnaðar eftir að hann komst inn á meðferðarganginn á Litla-Hrauni.

„Það er ekkert leyndarmál að það hafði mikil áhrif á mig að skoða aðstæður á Litla-Hrauni. Á meðferðarganginum er jákvætt andrúmsloft og hefur reynslan af því starfi sem þar hefur verið unnið sýnt að það ber að halda því áfram," segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra. Guðlaugur undirritaði fyrir skömmu samning ásamt Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra sem tryggir fé til að standa undir rekstri meðferðargangsins á Litla-Hrauni. Guðlaugur segir hvort ráðuneyti leggja fram sjö og hálfa milljón fyrir rekstrinum þetta ár.

Fréttablaðið fjallaði um rekstur meðferðargangsins snemma á þessu ári. Í þeirri umfjöllun kom fram að í átta ár höfðu fangelsismálayfirvöld óskað eftir fjármagni til reksturs gangsins en án árangurs. Seint á síðasta ári leiddi úttekt Fangelsismálastofnunar í ljós að rúmlega 70 prósent fanga á Litla-Hrauni voru með fíkniefni í blóði. Þótti starfsmönnum þá sýnt að ekki væri hægt að bíða lengur eftir fjármagni og var meðferðargangi



**UNDIRRITUN** Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra og Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ásamt Páli Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar. MYND/HELGI MÁR ARTHÚRSSON



**FANGINN** Þessi mynd var tekin þegar Fréttablaðið heimsótti Litla-Hraun í byrjun þessa árs og ræddi þá meðal annars við son Svölu. Hann er nú á Kvíabryggju sem ætluð er fyrirmyndarföngum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

komið á í tilraunaskyni. Með samningi ráðuneytanna er ljóst að starfinu verður áfram haldið úti.

Sonur Svölu var langt frá því að vera fyrirmyndarfangi í byrjun fangelsisvistarinnar. Síðasta sumar lenti hann í útistöðum við samfanga sinn og slasaði. Við það var hann settur í einangrun í rúmar tvær vikur. Þegar hann losnaði úr henni varð honum ljóst að hann yrði að hætta neyslu fíkniefna. Það var þó vitanlega erfitt þar sem framboðið á fíkniefnum í fangelsinu hefur verið mikið. Þegar meðferðargangurinn opnaði í nóvember á síðasta ári fékk hann þar inni. „Veran þar gerði honum kleift að halda sig við sett markmið og styrkti hann mikið," segir Svala. Sonur hennar er nú á Kvíabryggju sem ætlað er fyrirmyndarföngum og segir hún skammt í að hann komist á áfangaheimilið Vernd. Þennan árangur megi þakka því að hann hafi náð tökum á fíkn sinni á meðferðarganginum. karen@frettabladid.is

Eldhúsdegi flýtt að ósk RÚV:

# Pólitíkin víkur fyrir fótbolta

**STJÓRNMÁL Að beiðni Ríkisútvarpsins verða eldhúsdagsumræður að kvöldi þriðjudagsins 27. maí en ekki miðvikudagsins 28. maí eins og áður var ákveðið og ráðgert var í starfsáætlun þingsins.**

**Eldhúsdagsumræður eru almennar stjórnmálaumræður með þátttöku allra flokka á Alþingi. Skal þeim bæði útvarpa og sjónvarpa.**

**Að sögn Sturlu Böðvarssonar, forseta Alþingis, óskaði Ríkisútvarpið eftir því að umræðurnar yrðu fluttar um dag. Ástæðan er sú að á miðvikudagskvöldinu eigast við Ísland og Wales í knattspyrnu og verður leikurinn í beinni útsendingu Sjónvarpsins.** - bþs

Guðmundur í Byrginu:

# Meiddist í árás og hyggst kæra

**LÖGREGLUMÁL** Ráðist var á Guðmund Jónsson, kenndan við Byrgið, við heimili hans í Grímsnesi um kvöldmatarleytið á mánudag. Fréttavefurinn Vísir.is segir frá þessu.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON**

Samkvæmt heimildum Vísis hlaut Guðmundur minni háttar áverka og hyggst kæra árásina. Árásarmaðurinn vann auk þess nokkrar skemmdir á bifreið hans þar sem hún stóð fyrir utan heimili hans. Árásarmaðurinn var einn á ferð og var á bak og burt þegar lögregla kom á vettvang.

Guðmundur var á föstudag dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórum konum sem voru skjólstæðingar hans í Byrginu. - shá

HEIMSÞORPIÐ

Háskólinn í Reykjavík er suðupottur þekkingar frá ólíkum samfélögum og menningarheimum þar sem starfa kennarar frá 23 löndum.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0608

Sjálfstæðismenn ætla að halda sérstaka fundi um málefni Evrópusambandsins:

# Kostir og gallar ESB metnir

**STJÓRNMÁL** Aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru eru til umræðu á vettvangi Sjálfstæðisflokksins og í undirbúningi er að halda sérstaka fundi um málið á vegum flokksins.

Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, upplýsti þetta á opnum fundi flokksins á Akureyri í gær.

Sagði hann sjálfstæðismenn ætla að fara nákvæmlega í gegnum kosti og galla málsins, enda ætti fólk rétt á því.

Um leið og Geir ítrekaði að hann teldi galla aðildar vega þyngra en kostina og að afstaða stjórnarflokkanna til málsins væri ólík sagðist hann telja heppilegra að tekist væri á um það innan þar til gerðra hreyfinga fremur en stjórnmálaflokka. Benti hann á að til væru samtökin Heimsýn, sem eru andsnúin Evrópusambandsaðild, og Evrópusamtökin, sem eru henni hlynnt.

Á fundinum fjallaði Geir um efnahagsástandið og sagði unnið að lántöku til að auka gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Sagði hann fleiri verkefni í vinnslu sem tryggja mættu varnir Íslands þegar vandi steðjaði að efnahagskerfinu.

Geir sagði að við núverandi aðstæður væri mikilvægt að ríkisstjórnin hefði traustan þingmeirihluta. Nú byði hann ekki í að hafa haldið áfram stjórnarsamstarfinu við Framsóknarflokkinn svo ekki væri minnst á samstarf við VG. Rómaði hann samstarfið við Samfylkinguna og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann hennar. - bþs



**GEIR Á HÓTEL KEA** Forsætisráðherra sagði aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru til umræðu á vettvangi Sjálfstæðisflokksins, á opnum fundi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri í gær. Hann lofaði einnig samstarfið við Samfylkinguna og Ingibjörgu Sólrúnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR




Nú höfum við opnað nýja Vínbúð í Borgartúni 26 og
aukum þar með þjónustu okkar við viðskiptavini.

VÍNBÚÐIN

vinbudin.is

ENNEMM / SIA

## GENGIÐ 13.05.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 78,69 | 79,07 |
| Sterlingspund | 153,26 | 154,00 |
| Evra | 121,69 | 122,37 |
| Dönsk króna | 16,303 | 16,399 |
| Norsk króna | 15,506 | 15,598 |
| Sænsk króna | 13,107 | 13,183 |
| Japanskt jen | 0,759 | 0,7634 |
| SDR | 127,38 | 128,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

157,4689

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**BÍLABORG** Fólk á að ganga fyrir í skipulagsmálum borga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrirlestur um borgir og bíla:

## Bílar víki fyrir fólki í borgum

**UMHVERFISMÁL** Leiðin til að skapa rými fyrir fólk í borgum er að ganga á rými bifreiða, sagði Jan Gehl, arkitekt og fyrrverandi prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, á fyrirlestri á vegum Félags íslenskra landslagsarkitekta í gær. Gehl segir að fleiri og betri vegir og bílastæði merki aðeins meiri umferð og loftmengun.

Gehl hefur skrifað bók um hvernig Kaupmannahöfn hvarf frá því að vera bílaborg til þess að vera borg útilífs og útivistar. Hlutfall þeirra sem nú hjóla til og frá vinnu í Kaupmannahöfn er nú 36 prósent. Gehl sagði að leiðin til að bjarga borg undan bílnum væri að greiða götu gangandi og hjólandi með áberandi og áþreifanlegum hætti. **- shá**

**LANDHELGISGÆSLAN**

### Bilaður neyðarsendir

Þyrlu Landhelgisgæslunnar TF-GNÁ var snúið við í gær eftir að hún hafði hafið leit að ítölskum ferðamanni. Sendir sem hann bar hafði farið af stað fyrir slysni. Lögregla mun taka skýrslu af manninum.

Miðasala á atburði Listahátíðar í Reykjavík gengur vel:

# Mikill áhugi á Wayne Shorter

**LISTAHÁTÍÐ** „Allur undirbúningur og miðasala gengur mjög vel,“ segir Guðrún Kristjánsdóttir, kynningarstjóri Listahátíðar í Reykjavík, en hátíðin verður sett í Hafnarhúsinu á morgun.

Nær uppselt er á hljómleika bandaríska djasstónlistarmannsins Wayne Shorter í Háskólabíói þann 24. maí. Litlu virðist skipta að sama kvöld fer fram úrslitakeppni Eurovision í Serbíu, enda markhópur tónleika Shorter líklega annar en Eurobandsins. Einnig hefur verið rífandi sala á tónleika afrísku hljómsveitarinnar Super Mama Djombo frá Gíneu-Bissá og gengur



**SUPER MAMA DJOMBO** Mikill áhugi er á tónleikum sveitarinnar frá Gíneu-Bissá á Nasa 30. og 31. maí.

miðasala á þá mjög vel. Super Mama Djombo, sem er ein vinsælasta hljómsveit Vestur-Afríku, tók upp hljómplötu hér á landi í nóvember síðastliðnum. Egill Ólafsson syngur í einu lagi plötunnar og mun stíga á stokk með sveitinni á Nasa 30. og 31. maí.

Guðrún segir mikla stemningu ríkja fyrir Listahátíð í ár. „Hátíðin er orðin að órjúfanlegum hluta af tilveru mjög margra, hvort sem um er að ræða menntaskólanema eða virðulega eldri borgara. Ég veit ekki hversu lengi hátíðin getur stækkað, en gæðin eru alltaf í fyrirrúmi.“

Best er að nálgast miða á viðburði á listahatid.is og midi.is. **- kg**

Rauði kross Íslands:

## Sendir 20 milljónir til Búrma

**HAMFARIR** Rauði kross Íslands hefur sent 20 milljónir til hamfarasvæðanna í Búrma. Síðar í vikunni er von á endurskoðaðri neyðarbeiðni frá Búrma. Í kjölfar hennar verður fjárþörfin metin.

Sólveig Ólafsdóttir hjá Rauða krossinum segir ekki víst hvort Íslendingar fari til Búrma nú. Líklegra er að það verði í uppbyggingarstarfi næstu mánaða.

Rauða krossinn í Kína hefur safnað 1,3 milljörðum íslenskra króna vegna jarðskjálftans þar. Ekki er víst hvort nauðsyn er á alþjóðlegri hjálparbeiðni. **- kóp**



DAGUR B. EGGERTSSON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON

# Segja Jakob Frímann pólitískan ráðgjafa

**Minnihluti borgarstjórnar óskar eftir áliti borgarlögmanns vegna orða Jakobs Frímanns Magnússonar um borgarfulltrúa. Spurt er hvort reglur hafi verið brotnar og hann sé ráðgjafi borgarstjóra en ekki hlutlaus embættismaður.**

**BORGARMÁL** Minnihluti borgarstjórnar segir Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóra miðborgar, tjá sig sem pólitískur ráðgjafi borgarstjóra og óskar álits Kristbjargar Stephensen borgarlögmanns um ummæli sem Jakob hefur látið falla í fjölmiðlum. Orð hans, meðal annars um Dag B. Eggertsson, borgarfulltrúa Samfylkingar, túlkar minnihlutinn sem svo að hann gæti ekki hlutleysis sem embættismaður borgarinnar og hugsanlega séu lög sem skilgreini réttindi og skyldur starfsmanna borgarinnar brotin.

Jakob lét meðal annarra þau orð falla í þættinum Vikulok á Rás eitt og Mannamáli á Stöð 2 að Dagur væri bitur læknir sem uni ekki kollega sínum að sitja í stól borgarstjóra.

Dagur segir minnihlutann hafa óskað eftir áliti borgarlögmanns vegna framgöngu Jakobs og svara sé beðið við níu spurningum varðandi ráðningu hans sem framkvæmdastjóra miðborgar. Spurður um persónuleg ummæli sem Jakob viðhafði um hann segist Dagur ekki ætla að munnhöggvast yfir þeim. „Mér finnst Jakob fyrst og fremst með þessari framgöngu og orðavali gera lítið úr þeim málflutningi borgarstjóra að hann sé faglegur embættismaður. Jakob virðist líta á sig sem pólitískan málsvara og það er í samræmi við það sem okkur hefur fundist ráðning hans bera keim af allt frá upphafi.“

Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir að ef ummæli Jakobs teljist utan þeirra marka sem skilgreind séu í reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar sé nauðsynlegt að fá úr því skorið með áliti borgarlögmanns. „Orð hans um borgarfulltrúa minnihlutans staðfesta að hann er pólitískur talsmaður borgarstjóra en ekki hlutlaus embættismaður. Rökræða við borgarstjóra um stöðu Jakobs Frímanns er óþörf, því hann hefur komið fram með mjög skýrum hætti sem talsmaður hans. Við þurfum ekki að fá úr því skorið heldur hvort Jakob sé að fara á svig við þær reglur sem hlutlausir embættismenn eiga að vinna eftir.“

Jakob Frímann segir umleitan minnihlutans til borgarlögmanns ekki þess eðlis að hann sjái ástæðu til að tjá sig um hana.

Ekki náðist í borgarlögmann við vinnslu fréttarinnar.

svavar@frettabladid.is

Forsætisráðherra Palestínu:

## Hátíðahöldin ekki viðeigandi

**PALESTÍNA, AP Salam Fayyed, forsætisráðherra Palestínustjórnar, segir það óviðeigandi að Ísraelar skuli halda upp á 60 ára afmæli ríkis síns meðan Palestínumenn þjást.**



SALAM FAYYED

**Fayyad þykir hófsamur og er ekki vanur að taka sterkt til orða, en sagði ekki rétt að halda hátíð meðan Ísrael er enn með herlið og landtökufólk á Vesturbakkanum.**

**Ísraelar fögnuðu 60 ára afmæli ríkisins með pompi og prakt í síðustu viku, en í dag minnast Palestínumenn upphafs þjáninga sinna árið 1948. Palestínumenn kalla þetta sextíu ára tímabil „nabka“ eða hamfarir.** **- gb**

Eignarnám vegna virkjana:

## Úrskurðar ef til þess verður þörf

**STJÓRNMÁL** „Ég mun fara yfir þetta mál ef beiðni kemur um eignarnám vegna virkjana,“ sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra að loknum ríkisstjórnarfundi í gær, en ekki liggur fyrir enn hvort forsvarsmenn Landsvirkjunar fari fram á eignarnám vegna virkjanaframkvæmda í Þjórsá.

Landeigendur við Þjórsá hafa neitað því alfarið að þeir ætli að semja við Landsvirkjun og því getur komið til kasta iðnaðarráðherra. Hann var ekki tilbúinn til þess að gefa upp skoðun sína á málinu. „Ég mun taka á þessu ef til þess kemur og skoðun mín mun koma í ljós þá,“ sagði Össur. **- mh**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**HÆGVIÐRASAMT**
Fram á föstudag verður hægviðrasamt um mestallt land en um helgina eru horfur á að lægð gangi yfir landið með vætu. Samfara því mun bæta í vind. Dagurinn í dag verður mildur með hita allt að 17-18 stigum til landsins en á morgun kólnar nokkuð norðan og austan til.




**Á MORGUN** Hæg, vestlæg eða breytileg átt.

**FÖSTUDAGUR** Hægar, austlægar áttir.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Billund | 19° |
| Ósló | 21° |
| Stokkhólmur | 9° |
| Gautaborg | 19° |
| London | 22° |
| París | 25° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Berlín | 21° |
| Alicante | 22° |
| Mallorca | 25° |
| Basel | 25° |
| Eindhoven | 26° |
| Las Palmas | 24° |
| New York | 22° |
| Orlando | 30° |
| San Francisco | 28° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.




| 2. umferð | Landsbankadeild karla | | |
|---|---|---|---|
| mið. 14. maí | Valur | 19:15 | Grindavík |
| fim. 15. maí | Fjölnir | 19:15 | KR |
| fim. 15. maí | Breiðablik | 19:15 | Þróttur R. |
| fim. 15. maí | Fram | 19:15 | HK |
| fim. 15. maí | Keflavík | 19:15 | Fylkir |
| fim. 15. maí | FH | 20:00 | ÍA |
| **2. umferð** | **Landsbankadeild kvenna** | | |
| sun. 18. maí | Valur | 19:15 | HK/Víkingur |
| sun. 18. maí | Stjarnan | 19:15 | Fjölnir |
| sun. 18. maí | Fylkir | 19:15 | Afturelding |
| sun. 18. maí | Breiðablik | 19:15 | Keflavík |
| mán. 19. maí | Þór/KA | 19:15 | KR |

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völlinn.
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.

ÍSLENSKA SIA.IS / LBI 42371 05/2008

## KJÖRKASSINN



*Er nýfallinn dómur í Byrgismálinu sanngjarn?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 61,1% |
| NEI | 38,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú framboð Íslands til öryggisráðs SÞ?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Átök stjórnarliða og Hizbollah-manna í Líbanon hafa staðið yfir í viku:

# Herinn hyggst stöðva átökin

**LÍBANON, AP** Herinn í Líbanon hefur tilkynnt að hann muni grípa inn í átök stjórnarliða og Hizbollah-manna, sem nú hafa staðið í viku og kostað tugi manna lífið.

Herinn hefur til þessa haldið hlutleysi sínu og nýtur virðingar beggja aðila átakanna. Herinn hefur forðast að grípa inn í átökin, en sendi frá sér yfirlýsingu seint á mánudag þar sem báðir hóparnir eru hvattir til að halda sig til hlés. Vopnaðir einstaklingar á götum úti verði stöðvaðir.

„Hersveitir munu koma í veg fyrir öll brot, hvort heldur þau eru framin af einstaklingum eða hópum, í samræmi við lög jafnvel þótt það leiði af sér valdbeitingu,“ segir í yfirlýsingunni.



**HERMENN Á GÖTUM BEIRÚT** Fjöldi hermanna var kominn til Beirút í gær til að koma í veg fyrir frekari átök. NORDICPHOTOS/AFP

Í gær fylgdi herinn svo þessari yfirlýsingu eftir með því að senda sveitir til nokkurra helstu spennusvæða landsins.

Ástæða þess að herinn hefur staðið hjá í þessum átökum er meðal annars sú að hætta þykir á að herinn klofni í tvennt og hersveitirnar skipti sér í lið með Hizbollah annars vegar og stjórninni hins vegar, rétt eins og gerðist þegar heiftúðug borgarastyrjöld ríkti í landinu árin 1975-1990.

Í höfuðborginni Beirút sáust liðsmenn Hizbollah og stuðningsmenn þeirra úti á götum í gær, en enginn þeirra var vopnaður. **- gb**

Olmert í kröggum:

# Lögregluleit í ráðuneytinu

**ÍSRAEL, AP Lögreglan gerði húsleit í skrifstofum Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis Ísraels. Lagt var hald á fjölda gagna í tengslum við rannsókn á spillingarásökunum á hendur Ehud Olmert forsætisráðherra.**

**Olmert var iðnaðar- og viðskiptaráðherra árin 2003-2006, áður en hann tók við sem forsætisráðherra. Hann er grunaður um að hafa þegið fé frá bandarískum kaupsýslumanni í skiptum fyrir viðskiptasamninga.**

**Stjórnarandstæðingar hafa hvatt Olmert til að segja af sér vegna lögreglurannsóknarinnar.**

**- gb**






# Geir Haarde undrast dóm Hæstaréttar

**Geir Haarde forsætisráðherra undrast dóm Hæstaréttar í máli JB byggingarfélags og Trésmiðju Snorra Hjaltasonar gegn íslenska ríkinu. Sala á 39,86 prósenta hlut ríkisins var dæmd ólögmæt. Ekki gott, segir formaður einkavæðingarnefndar.**

**DÓMSMÁL** „Ég undrast þennan dóm,“ sagði Geir Haarde forsætisráðherra um dóm Hæstaréttar frá því á fimmtudag síðastliðinn, en þá var framkvæmd útboðs vegna sölu á hlut íslenska ríkisins í Íslenskum aðalverktökum (ÍAV) dæmd ólögmæt. Salan fór fram árið 2003. „Við töldum ferlið hafa verið eðlilegt,“ sagði Geir. Óljóst er hvaða áhrif dómurinn mun hafa en svo kann að vera að einhverjir aðrir bjóðendur í hlutinn eigi rétt á skaðabótum, þar sem hugsanlegt er að hæsta boði í hlutinn hafi ekki verið tekið í ljósi mats dómkvaddra matsmanna þess efnis. Samkvæmt þeirra mati áttu Jarðboranir hf. hæsta boð.

„Þetta sýnir hvernig málið var vaxið á sínum tíma. Það var brotið gegn tveimur meginreglum í útboðum á vegum hins opinbera. Annars vegar að gætt sé jafnræðis bjóðenda og hins vegar að hæsta boði sé tekið,“ segir Sigurbjörn Þorbergsson lögmaður JB byggingarfélags (JBB) og Trésmiðju Snorra Hjaltasonar (TSH) í máli félaganna gegn íslenska ríkinu. JBB og THS höfðuðu mál á hendur íslenska ríkinu en þau buðu saman í 39,86 prósenta hlut ríkisins. Ásamt þeim buðu Jarðboranir, Joco, og Eignarhaldsfélagið AV ehf. (EAV) í hlutinn, en hið síðastnefnda fékk hlutinn á um tvo milljarða króna.

Í febrúar í fyrra var málinu vísað frá, en þeim dómi var snúið við í Hæstarétti. Ekki var þó fallist á skaðabótakröfu.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að stjórnendum Íslenskra aðalverktaka, sem buðu í hlut ríkisins undir merkjum EAV, hafi haft stöðu fruminnherja í skilningi þágildandi laga um verðbréfaviðskipti og þeir hafi ekki virt skyldur sem á þá voru lagðar vegna viðskipta með hluti í ÍAV. Ekki er þó tekið fram í dómnum að stjórnendur hafi búið yfir gögnum sem aðrir höfðu ekki. Í dómnum segir að ekki hafi verið tryggt jafnræði þeirra sem tóku þátt í útboðinu eða réttra samskiptareglna gætt. „Verður því að fallast á með áfrýjendum að framkvæmd útboðs stefnda á nefndum eignarhlut í Íslenskum aðalverktökum hafi verið ólögmæt,“ segir orðrétt í dómi Hæstaréttar.



**FORSÍÐA FRÉTTABLAÐSINS** Greint var frá því á forsíðu Fréttablaðsins 12. desember 2006 að Halldór Ásgrímsson hefði haft afskipti af tilboðum í Íslenska aðalverktaka. Vitnað var til fundargerða einkavæðingarnefndar. Baldur Guðlaugsson, sem sat í nefndinni, sagði það ekki samræmi við hefðbundið vinnulag þar sem það væri einkavæðingarnefndar að leggja tillögur fyrir ráðherra en ekki öfugt.



**HÖFUÐSTÖÐVAR ÍAV** Sala á hlut íslenska ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hefur verið dæmd ólögmæt í Hæstarétti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Baldur Guðlaugsson, núverandi formaður einkavæðingarnefnar (framkvæmdanefndar um einkavæðingu), segir óljóst hvaða áhrif dómurinn hafi. Baldur var ekki formaður nefndarinnar þegar salan fór fram. „Það er auðvitað ekki gott að fá þessa niðurstöðu dómstóla. Hæstiréttur staðfestir nú samt þá niðurstöðu að áfrýjendur í þessu tiltekna máli hafi ekki átt rétt á bótum.

**magnush@frettabladid.is**






Greiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega hækka um níu milljarða í ár:

# Mestu kjarabætur um árabil

**KJARAMÁL** Áður en árið er liðið munu þeir lífeyrisþegar sem verst eru settir hafa fengið einhverjar mestu kjarabætur sem um getur í langan tíma, sagði Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, í ávarpi sínu á sambandsstjórnarfundi Landssambands eldri borgara í gær. Sagði hún að þegar áætlaðar aðgerðir þessa árs yrðu komnar til framkvæmda myndu greiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega hækka um níu milljarða króna á ársgrundvelli, eða um rúm 17 prósent miðað við síðasta ár.

Atvinnumál, velferðarmál og kjaramál voru til umræðu á fundinum. Jóhanna ræddi þar áherslur sínar í uppbyggingu öldrunarþjónustu, áform um flutning málaflokksins til sveitarfélaga og um stefnu sína og aðgerðir á sviði almannatrygginga. Ráðherra ræddi í ávarpi sínu þá gagnrýni sem fram hefur komið um að ríkisstjórnin hafi með aðgerðum sínum í kjölfar samninga Aþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins farið á svig við fyrri yfirlýsingar eða samkomulag ríkisstjórnar við aldraða og öryrkja. „Þær ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar af núverandi ríkisstjórn eru þess valdandi að milljarðar króna renna til lífeyrisþega umfram þær skuldbindingar sem fyrri ríkisstjórnir Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks kváðu á um.“ Jóhanna segir fullyrðingar um annað vera beinlínis rangar.

**- shá**



**FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Jóhanna Sigurðardóttir blæs á fullyrðingar um að samkomulag við aldraða og öryrkja hafi ekki verið virt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK




# LAGERSALA

# MIKILL AFSLÁTTUR

**KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP.**
**OPIÐ MÁN-LAU FRÁ KL. 12-18.**

**ASKALIND 1, KÓPAVOGI.**
(gamla Habitat húsið)

PENNINN SALTFÉLAGIÐ habitat



HVERNIG Á AÐ BREGÐAST VIÐ KRÍSUM?

MÁLÞING Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK 16. MAÍ

Þegar slæmir hlutir henda góð fyrirtæki eða stofnanir getur gott orðspor glatast á einu augnabliki. Nauðsynlegt er að fyrirtæki hafi neyðaráætlun reiðubúna, jafnvel gagnvart fyrirsjáanlegum vandamálum eins og því slæma efnahagsástandi sem nú ríkir.

Fyrirlesarinn er Mary Schnack, en hún hefur starfað sem sérfræðingur í almannatengslum og samskiptum í tæp 30 ár. Hún hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af rekstri almannatengslafyrirtækja og er margverðlaunaður rithöfundur, fréttamaður og ráðgjafi.

Meðal umræðuefnis
- Neyðaráætlun
- Þjálfun í samskiptum við fjölmiðla
- Frumkvæði í fjölmiðla-/samfélagstengslum
- Lykilatriði í tilkynningum

Staður:
Háskólinn í Reykjavík
Ofanleiti 2, stofa 201

Stund:
Föstudaginn 16. maí kl. 9:00 - 12:00
Boðið verður upp á morgunmat frá kl. 8:30

Frekari upplýsingar og skráning:
Lóa Ingvarsdóttir
lii@ru.is, sími 599-6350
Verð kr. 19.800,-

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


Olía og hreinsiefni bárust að ósum Elliðaánna í gærmorgun:

# Aðstöðuleysi ástæða lekans

**OLÍUSLYS** Yfirfull safnþró gerði það að verkum að olíubrák barst að ósum Elliðaánna í gær.

Um 300 til 600 lítrar af svartolíu fóru í sjóinn úr skipinu Medemborg við Vogabakka á mánudag. Slökkvilið eyddi deginum við hreinsistörf og nýtti safnþró á Gelgjutanga til að þrífa hreinsibúnaðinn. Vegna mikillar úrkomu yfirfylltist þróin í fyrrinótt með þeim afleiðingum að olía úr búnaðinum og hreinsiefni rak að ósum Elliðaánna.

Höskuldur Einarsson, deildarstjóri mengunarvarna slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, segir brýnt að aðstaða liðsins til þrífa verði bætt. „Við getum ekki tekið olíublautar dælur og þess háttar upp á slökkvistöð og smúlað þær þar því þá fer allt í niðurfallið, sem við viljum ekki. Aðstaða til að þrífa búnað eftir olíuslys er ekki til staðar. Þetta er mál sem allir aðilar, slökkviliðið, Faxaflóahöfn, Umhverfisstofnun og fleiri, þurfa að finna lausn á í sameiningu.“



**HREINSUNARSTARF** Olían lak úr Medemborg, hátt í 600 lítrar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í gær voru ekki merki þess að mengunin ógnaði lífríki Elliðaánna. Guðni Guðbergsson, deildarstjóri hjá Veiðimálastofnun, vonast til að laxaseiði í ánni hafi sloppið. „Við vitum ekki hvort gönguseiðin eru lögð af stað en það gerist yfirleitt um þetta leyti. Hefði þetta gerst á miðjum göngutíma með tugi þúsunda seiða syndandi úti á sundum hefði þetta getað haft áhrif, en það er afar erfitt að giska á svona lagað. Það kemur ekki í ljós fyrr en á næsta ári þegar seiðin verða fullorðnir laxar,“ segir Guðni. **- kg**

Málþing um lýðræði:

## Skeggrætt um lýðræðismál hjá sveitarstjórnum

**STJÓRNMÁL** Samband íslenskra sveitarfélaga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ standa fyrir málþingi á föstudag klukkan 16. Þar verður skeggrætt um það hvernig lýðræði virkar í sveitarfélögum.

Fjallað verður um með hvaða hætti sveitarstjórnir á Íslandi haga samstarfi við ólíka aðila í samfélaginu. Fjöldi fyrirlesara tekur til máls, meðal annarra Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, og Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar. Málþingsstjóri er Dagur B. Eggertsson.

Áhugasamir geta skráð sig á heimasíðunni www.stjornsyslustofnun.hi.is. **- kóp**



**BEÐIÐ EFTIR AÐSTOÐ** Nemandi í framhaldsskóla sem hrundi í Beichuan sinnir skólafélaga sínum, sem bíður þess að björgunarmenn hjálpi honum upp úr rústunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sífellt fleiri finnast látnir

**Björgunarstarf á skjálftasvæðunum í Kína fór hratt og vel af stað. Tugir þúsunda liggja enn grafnir undir rústum. Óttast er að margir þeirra séu látnir.**

**KÍNA** „Kínverjar eru mjög stoltir af ríkisstjórninni akkúrat núna,“ segir Arnar Ágústsson, ungur Íslendingur sem býr í Peking. „Samkvæmt mínum heimildum voru fyrstu hermennirnir sendir á staðinn klukkan 15 að staðartíma, aðeins hálftíma eftir skjálftann. Þetta eru töluvert betri viðbrögð en til dæmis þegar fellibylurinn Katarína reið yfir New Orleans í Bandaríkjunum.“

Sjálfur fann Arnar ekki fyrir skjálftanum á sunnudag, enda er Peking í 1.500 kílómetra fjarlægð frá upptökunum. Margir íbúar Peking fundu þó fyrir skjálftanum og byggingar voru margar hverjar rýmdar í höfuðborginni af ótta við eftirskjálfta.

Fimmtíu þúsund lögreglumenn og hermenn unnu að því að bjarga fólki úr rústum skóla og annarra bygginga á jarðskjálftasvæðunum í Sechuan-héraði, þar sem tjónið varð mest eftir jarðskjálftann á mánudag. Skjálftinn mældist 7,9 stig og voru upptök hans skammt norðan við Chengdu, höfuðstað héraðsins.

Stjórnvöld í Kína sögðu að minnsta kosti tólf þúsund manns hafa farið í þessu eina héraði, en líklegt þykir að tala látinna eigi enn eftir að hækka mikið.

Hermenn, sem þurftu að fara gangandi til bæjarins Yinxiu, þar sem 9.000 manns hafa búið, segja að líklega hafi einungis um 2.300 bæjarbúa lifað af hildarleikinn. Vegir til bæjarins eru ófærir vegna skemmda af völdum jarðskjálftans.

Víða hefur fólk enn ekki hætt sér inn í þau hús sem enn standa, heldur bjó sig í gær undir að sofa úti aðra nóttina í röð af ótta við eftirskjálfta.

Víða skipuðu stjórnvöld fólki að halda sig úti við og settu öryggisverði á vakt til að fylgja því banni eftir.

Aðkoman var víða skelfileg. Í Beichuan er til dæmis talið að um þúsund nemendur og kennarar í framhaldsskóla hafi farist þegar skólabyggingin hrundi. Í Dujiangyan hrundi sömuleiðis skólabygging, og er talið að þar hafi um 900 nemendur grafist undir.

Í Gansu-héraði kviknaði í fjórutíu vagna flutningalest sem fór út af teinunum. Þrettán tankvagnar fullir af bensíni brunnu enn, meira en sólarhring síðar.

**gudsteinn@frettabladid.is**





Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

VÍS Þar sem tryggingar snúast um fólk

**Óbreytt verð - engar hækkanir!**

# VANDAÐAR

## HÁGÆÐA ELDHÚSINNRÉTTINGAR




**LINE**
Hvítt lakkað háglans, höldurlaus




**COUNTRY**
Fulningur - hvítt lakkað, háglans



**HORIZONTAL**
Amerísk hnota spónlögð



**DUCALE**
Ljós eik - innfelld handföng

## ...eitt hagstæðasta verðið á markaðnum

Töfra hornskápur



BLUM mjúklokandi skápahurðir





BLUM fullútdraganlegar og mjúklokandi skúffur
Skúffur breidd 40-60-90-120 sm



Búr skápur

Fjölbreytt úrval af áhaldaskúffum





Glerskápar með ljósi í botni

Hálfmáni hornskápur



## Til afgreiðslu af lager

Skoðið hugmyndabankann fyrir eldhús á heimasíðunni

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is




MIÐVIKUDAGURINN 14. MAÍ

**Húsavík • Salka • kl. 09.00**
Geir H. Haarde fer yfir stjórnmálaviðhorfið – þingmenn sitja fyrir svörum við pallborð.

**Varmahlíð • Hótel Varmahlíð • kl. 12.00**
Geir H. Haarde fer yfir stjórnmálaviðhorfið – Einar K. Guðfinnsson situr fyrir svörum við pallborð.

**Ísafjörður • Stjórnsýsluhúsið • kl. 20.30**
Geir H. Haarde fer yfir stjórnmálaviðhorfið – Einar K. Guðfinnsson og Herdís Þórðardóttir sitja fyrir svörum við pallborð.

**Eyrarbakki • Rauða húsið • kl. 20.00**
Árni Johnsen fer yfir stjórnmálaviðhorfið og málefni kjördæmisins.

**Selfoss • Hótel Selfoss • kl. 20.00**
Kjartan Ólafsson og Pétur H. Blöndal fara yfir stjórnmálaviðhorfið.

**Reykjavík • Valhöll • kl. 17.15**
Ármann Kr. Ólafsson, Gísli Marteinn Baldursson og Ragnheiður Ríkharðsdóttir á fundi samgöngunefndar Sjálfstæðisflokksins um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu.

**Kópavogur • Félagsheimili sjálfstæðismanna í Hlíðasmára • kl. 20.00**
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fer yfir stjórnmálaviðhorfið – þingmenn svara spurningum við pallborð.



XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN


Lóðahafar í Vatnsendahlíð í Kópavogi:

# Bærinn lofar betri kjörum

**SVEITARSTJÓRNIR** Þeir sem fengu lóðir í Vatnsendahlíð í útboði Kópavogsbæjar í nóvember munu fá lóðirnar á hagstæðari kjörum en þá var samið um. Þetta samþykkti bæjarráð vegna þess sem það segir vera gjörbreyttar og ófyrirséðar aðstæður á fasteigna- og lánamarkaði.

Ekki er enn nákvæmlega ljóst hvernig komið verður til móts við lóðarhafana en í tillögunni sem bæjarráð samþykkti er þó gert ráð fyrir endurskoðun á kjörum skuldabréfa og á staðgreiðsluafslætti. **- gar**



**GUNNAR I. BIRGISSON** Koma á til móts við lóðahafa í Vatnsendahlíð vegna breyttra aðstæðna.



**MÓTMÆLI** Breytingar á eftirlaunalögum ráðherra og þingmanna ollu miklu uppnámi í íslensku þjóðfélagi þegar þær voru til meðferðar á Alþingi veturinn 2002 til 2003.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lög um eftirlaun í skoðun

**Unnið er að því í forsætisráðuneytinu að endurskoða lög um eftirlaun ráðamanna. Helsta breytingin er að menn geti ekki verið á eftirlaunum hjá hinu opinbera og þegið laun á almennum vinnumarkaði.**

**STJÓRNMÁL** „Við höfum verið að undirbúa þetta mál á grundvelli þess sem fram kemur í stjórnarsáttmálanum," sagði Geir Haarde um endurskoðun á svokölluðum eftirlaunalögum frá 2003, að loknum ríkisstjórnarfundi í gær.

Ríkisstjórnin vinnur nú að endurskoðun á laga um eftirlaun þingmanna og ráðherra. Samkvæmt stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar verða „eftirlaunakjör alþingismanna og ráðherra [...] endurskoðuð og meira samræmi komið á í lífeyrismálum ráðamanna og almennings."

Geir sagði unnið að því í forsætisráðuneytinu að endurskoða lögin. Hann sagði stjórnarflokkanna vera að ræða málið sín á milli. „Það verður að koma í ljós hvort það næst samstaða um þetta mál og hvort tekst að afgreiða það fyrir þinghlé. Aðalatriðið er að breyta reglunum þannig að menn geti ekki verið bæði á launum hjá hinu opinbera og eftirlaunum. Þá þarf að hafa það í huga að það er almenna reglan í þjóðfélaginu," sagði Geir. „Það eru stórir hópar í þjóðfélaginu sem eru komnir á eftirlaun og eru jafnframt út á vinnumarkaðnum án þess að það hafi áhrif á þá skerðingu."

Þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks reyndu að ná saman um breytingar á eftirlaunalögunum árið 2006. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær segir Guðni Ágútsson, formaður Framsóknarflokksins, sjálfstæðismenn hafa stöðvað breytingartillögu Halldórs Ásgrímssonar á eftirlaunalögunum. Aðspurður segist Geir ekki viss um lyktir málsins nú en fyrst og fremst þurfi að taka mið af stjórnarsáttmálanum. „Það var engum sérstökum um að kenna að breytingar á eftirlaunalögunum náðu ekki fram að ganga. Það þarf að hafa það í huga að frumvarpið sem samþykkt var 2003, og er nú lög, var flutt af fulltrúum allra þingflokka. Það hefur verið reynt að hafa samstöðu um mál af þessu tagi þvert á þingflokka og það verður gert áfram."



**GEIR H. HAARDE**

Geir sagði misskilnings hafa gætt meðal almennings um ýmis atriði eftirlaunalaganna. „Það hefur ekki farið hátt í umræðunni að í þessum lögum felst breyting til hins verra fyrir stóran hóp þingmanna. Í gamla kerfinu frá 1965 var það þannig að réttindaáherslan var mismunandi eftir því hvað menn voru búnir að vera lengi á þingi. Núna er hins vegar föst prósenta fyrir hvert ár. Eftir síðustu kosningar fóru nokkrir þingmenn á eftirlaun og þá kusu flestir að fara á eftirlaun eftir gamla kerfinu, vegna þess að það var betra fyrir þá."

Aðspurður sagði Geir að passað yrði sérstaklega að ganga ekki á rétt fólks sem fær eftirlaun á grundvelli laganna sem tóku gildi 2003. „Það var ekki rétt eftir Ingibjörgu haft, að það ætti að afnema lögin, heldur hefur verið rætt um að gera á þeim tilteknar breytingar. Við viljum ekki gera neitt sem brýtur gegn rétti fólks og það munum við ekki gera."

**magnush@frettabladid.is**




MacBook Air 1,36 kg, þyngd í samanburði við:
Fartölvu ........ 2,50 kg
Erlent tímarit ........ 1,64 kg
Handtösku ........ 2,37 kg



**Fágun. Upplifun. Óviðjafnanleg.**
MacBook Air – örþunn, fislétt, líka fyrir Windows
Þegar þú snertir nýju MacBook Air breytist allt sem þú taldir þig vita um fartölvur og verður aldrei eins aftur. MacBook Air á þig um leið og þú sérð hana.
Létt, örþunn, öflug.

Apple IMC | Humac ehf.
Sími 534 3400 www.apple.is
Laugavegi 182 105 Reykjavík
Kringlunni 103 Reykjavík
Apple IMC

Margæsin er komin til landsins á leið sinni til Kanada:

# Fleiri margæsir en í fyrra

**NÁTTÚRA** Margæsin er komin til landsins og mun fjöldi hennar ná hámarki á næstu dögum. Hún kemur hingað frá Írlandi á leið til heimskautasvæða Kanada. Hingað er hún komin til að fita sig, enda um 3.000 kílómetra ferðalag framundan.

Guðmundur A. Guðmundsson, dýravistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, hefur fylgst með margæsinni um langt skeið. Hann segir hana halda til við Faxaflóa og Breiðafjörð og séu hér um 37 þúsund fuglar sem skiptist nokkuð jafnt á milli svæðanna.

Hann segir að á síðustu árum hafi orðið breyting á dreifingu margæsarinnar. „Henni hefur fjölgað mjög á Álftanesi til dæmis. Um 1970 telja menn að hér hafi verið um 200 fuglar en í fyrra voru þeir um 3.300 og verða líklega enn fleiri í ár,“ segir Guðmundur.

Margæsin lifir mest á marhálmi og sjávargróðri, en hefur á síðustu árum sótt meira í tún. **- kóp**



**MARGÆSIR** Hópur á beit við Bessastaði. Þær hverfa á braut í lok maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 28. júní 2008

Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis kemur saman til fundar í íþróttahúsinu Strandgötu 53, Hafnarfirði, fimmtudaginn 22. maí nk., kl. 13:00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaframboða samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur, ef unnt er, skili listum með nöfnum meðmælenda til oddvita yfirkjörstjórnar, Jónasar Þórs Guðmundssonar hdl., Strandgötu 25, Hafnarfirði, þriðjudaginn 20. maí nk., til þess að unnt sé að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

**Hafnarfirði, 8. maí 2008.**

F.h. yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis,
Jónas Þór Guðmundsson, oddviti




**BARÁTTUFÓLK GEGN TÓBAKI** Tekið er á móti tilnefningum til 10. maí næstkomandi.

Tóbakslausi dagurinn 31. maí:

## Baráttufólk gegn tóbaki

**HEILBRIGÐISMÁL** Í tilefni alþjóðlega tóbakslausa dagsins, sem haldinn er 31. maí ár hvert, ætla Reyksíminn og Lýðheilsustöð að veita viðurkenningu þeim einstaklingi eða hópi sem með baráttuvilja, framsýni og hugrekki hafa lagt sitt af mörkum í tóbaksvörnum eða tóbaksmeðferð þeirra sem heyja baráttu við tóbakið.

Annars vegar er viðurkenningin veitt heilbrigðisstarfsmanni eða hópi heilbrigðisstarfsmanna sem unnið hafa sérstaklega við að hjálpa fólki að hætta að reykja. Hins vegar á að veita viðurkenningu þeim sem á opinberum vettvangi hefur unnið sérstaklega að tóbaksvörnum á Íslandi. Tekið er á móti tilnefningum til 10. maí á netfangið reyklaus@reyklaus.is **- ovd**

Landbúnaðarráðherra:

## Norskt erindi ekki borist

**TOLLAMÁL** Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, staðfestir að tollar séu á skrautrunnum og garðplöntum milli Noregs og Íslands og því sitji vörur frá Noregi ekki við sama borð og tollfrjálsar vörur frá ESB. Hann kveðst ekki vita til þess að erindi hafi borist frá norskum stjórnvöldum út af þessu en segir að málið verði skoðað ef slíkt erindi berist.



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

Fréttablaðið greindi frá því nýlega að norska garðyrkjustöðin Grimstad planteskole hefði skrifað norska landbúnaðarráðherranum Terje Riis-Johansen bréf og óskað eftir því að norsk stjórnvöld hlutuðust til um það að tollar yrðu felldir niður á þessum vörum milli landanna. **- ghs**






**BAÐAR SIG VIÐ GULLNA HOFIÐ** Blár vefjarhöttur þessa indverska sikha stendur upp úr vatninu við gullna hofið í Amritsar á Indlandi þar sem maðurinn brá sér í helgibað. NORDICPHOTOS/AFP

Rekstrarbreytingar til umræðu hjá fjarskiptafyrirtækinu Mílu á Austurlandi:

# Órói meðal starfsmanna

**VINNUMARKAÐUR** Stjórnendur fjarskiptafyrirtækisins Mílu hafa kynnt starfsmönnum fyrirtækins á Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði, alls um tíu manns, umræður sem eru í gangi um að annað fyrirtæki taki yfir starfsemi Mílu á svæðinu. Viðskiptavinir finni ekki fyrir breytingunum.

Sigurrós Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Mílu, segir að ekki verði um uppsagnir að ræða en staðfestir að á öðrum stöðum hafi fólki verið sagt upp og það í langflestum tilfellum ráðið til verktakafyrirtækisins sem tekur við þjónustunni.

„Ef af verður er eingöngu um aðilaskipti að rekstrinum að ræða,



**KLAUFALEG VINNUBRÖGÐ** Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að breytingarnar séu ekki alslæmar en klaufalega sé staðið að málum.

engar uppsagnir,“ segir Sigurrós. „Það er búið að upplýsa starfsmenn á svæðinu um að þessar viðræður séu í gangi en ekki sé búið að taka neina ákvörðun og ekki búið að tímasetja nokkurn skapaðan hlut. Þetta er á algjöru frumstigi.“

Sigurrós segir að verið sé að vinna „aðilaskiptin“ á Austurlandi öðruvísi en áður hafi verið gert. „Við höfum verið í viðræðum við starfsfólkið á svæðinu og látið þau vita af því að þessar viðræður séu í gangi, og möguleiki sé á því að þetta geti gerst í framtíðinni en ekki sé búið að festa það niður. Það er kannski mesti munurinn.“

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að breytingarnar hjá Mílu séu kannski ekki alvondar en klaufalega sé staðið að málum og það valdi óróa meðal starfsmanna.

Um tíu starfsmenn starfa nú hjá Mílu á Egilsstöðum og Höfn. - ghs

Aðalfundur Landverndar:

# Endurskoðun Gjábakkavegar

**UMHVERFISMÁL Á aðalfundi Landverndar fyrir skömmu var samþykkt ályktun sem segir að fundurinn hvetji til þess að öll áform Vegagerðarinnar um Gjábakkaveg verði tekin til endurskoðunar. Er þar tekið undir áhyggjur menntamálaráðherra vegna áforma Vegagerðarinnar og þingmenn Suðurlands hvattir til að taka málið upp og finna lausn þar sem tekið er tillit til athugasemda um áhrif áformaðrar vegagerðar á Þingvallavatn, þjóðgarðinn á Þingvöllum og stöðu svæðisins á heimsminjaskrá UNESCO.** - ovd

Málið látið niður falla:

# Sauðaþjófnaður í Hornafirði

**LÖGREGLUMÁL Lögreglustjórinn á Eskifirði hefur hætt rannsókn á meintum sauðaþjófnaði í Nesjum í Hornafirði.**

**Tuttugasta desember síðastliðinn leituðu lögreglumenn í fjárhúsum Bjarna Sigjónssonar, bónda á Fornustekkum, eftir að fimm sveitungar kærðu hann fyrir sauðaþjófnað. Í kjölfarið voru lambshöfuð send til frekari rannsókna. Í ákvörðun lögreglustjóra er vísað til 112. greinar laga um meðferð opinberra mála en þau gögn sem fram komu í málinu þykja ekki nægjanleg til sakfellis. Bændurnir sem kærðu Bjarna geta nú kært ákvörðun lögreglustjóra til ríkissaksóknara en vegna vensla kærða og kærenda hefur málið verið íbúum í Nesjum afar erfitt.** - ovd

Framkvæmdir í Álafosskvos langt komnar:

# Malbika tengibrautina

**SKIPULAGSMÁL** Verktakar hófust nýverið handa við að malbika umdeilda tengibraut við Helgafellsland í Mosfellsbæ. Tengibrautin liggur um Álafosskvos og mótmæltu íbúar veglagningunni harðlega á síðasta ári.



**MALBIKAÐ** Framkvæmdir við tengibraut við nýtt hverfi í Helgafellslandi eru langt komnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gunnlaugur Ólafsson, varaformaður Varmársamtakanna, reiknar ekki með frekari mótmælum, enda búið að láta reyna á allar mögulegar leiðir í stjórnsýslunni. Framkvæmdir hafi verið í gangi í vetur og gott að þeim sé að ljúka.

Hann segir að Varmársamtökin muni hugsanlega berjast fyrir færslu vegarins síðar.

„Þrátt fyrir allt sem á gekk er þetta orðin staðreynd. Það sýnir okkur hvað við höfum lítið að segja þegar stjórnvöld ætla sér að gera eitthvað,“ segir Jóhannes Bjarni Eðvarðsson, íbúi við Álafossveg.

Hann sakar bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ um að draga lappirnar með breytingar á deiliskipulagi í Álafosskvos. Þær hafi verið boðaðar síðasta haust. Hann segir að samráði hafi verið lofað, en íbúar hafi ekki orðið varir við það. - bj



**NÓG EFTIR** Annir eru fram undan á Alþingi. Fjöldi mála bíður afgreiðslu þegar aðeins um tíu starfsdagar eru eftir af vorþinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Næstum þrjú hundruð mál til meðferðar

**Alþingi hefur til meðferðar 79 stjórnarfrumvörp, níu stjórnartillögur, 71 þingmannafrumvarp og 76 þingmannatillögur. 178 mál eru í nefndum þingsins. Tíu starfsdagar eru eftir af þinghaldi vorsins.**

**ALÞINGI** Viðbúið er að þinghaldið síðustu daga vorþingsins verði annasamt. Alls eru 275 mál óafgreidd í málsmeðferðarkerfi Alþingis og bíða þau ýmist umræðu sjálfs þingheims, afgreiðslu fastanefnda þingsins eða svara ráðherra.

Óafgreidd stjórnarfrumvörp eru 79. Fjögur bíða fyrstu umræðu, sjö bíða annarrar umræðu og þrjú þriðju umræðu. Þá eru 65 stjórnarfrumvörp í nefndum. Líklegt er að ríkisstjórnin eigi enn eftir að leggja fram frumvörp á því þingi sem nú stendur, en til að svo megi verða þarf að leita afbrigða frá þingsköpum þar sem skammt er til áætlaðra starfsloka Alþingis.

Meðal óafgreiddra viðamikilla stjórnarfrumvarpa eru frumvörp um sjúkratryggingar, opinbert eignarhald á auðlindum og framhalds-, grunn- og leikskóla. Þá hafa ráðherrar meðal annars boðað frumvörp um breytingar á lögum um eftirlaun þingmanna og skiptingu löggæsluembætta á Suðurnesjum.

Það sem af er þingi hafa 49 stjórnarfrumvörp verið samþykkt, þrjár stjórnartillögur, þrjú þingmannafrumvörp og ein þingmannatillaga. 174 munnlegum fyrirspurnum hefur verið svarað og 82 skriflega.

Skammt er til þingloka. Samkvæmt starfsáætlun þingsins verður því frestað fimmtudaginn 29. maí. Fram að því eru sjö hefðbundnir þingfundadagar áætlaðir og þrír dagar fara í fundi nefnda. Í dag er kjördæmadagur á Alþingi.

bjorn@frettabladid.is

**ÓAFGREIDD MÁL Á ALÞINGI**

| | |
|---|---|
| **Stjórnarfrumvörp:** | |
| Bíða 1. umræðu | 4 |
| Í nefnd | 65 |
| Bíða 2. umræðu | 7 |
| Bíða 3. umræðu | 3 |
| **Stjórnartillögur:** | |
| Í nefnd | 8 |
| Bíða síðari umræðu | 1 |
| **Þingmannafrumvörp:** | |
| Bíða 1. umræðu | 14 |
| Í nefnd | 57 |
| **Þingmannatillögur:** | |
| Bíða fyrri umræðu | 23 |
| Í nefnd | 48 |
| Bíða síðari umræðu | 5 |
| **Fyrirspurnir:** | |
| Bíða skriflegs svars | 32 |
| Bíða munnlegs svars | 8 |
| **Alls** | **275** |


Þjóðarsátt um velferð



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra býður flokksmönnum og stuðningsfólki til funda á nokkrum helstu þéttbýlisstöðum landsins frá 14. til 27. maí.

- Miðvikudaginn 14. maí á Hótel KEA, Akureyri
- Fimmtudaginn 15. maí í Víkinni, Hafnargötu 80, Reykjanesbæ
- Mánudaginn 19. maí í Gistihúsinu, Egilsstöðum
- Þriðjudaginn 20. maí í Skrúðgarðinum, Akranesi
- Þriðjudaginn 27. maí í Tryggvaskála, Selfossi

Fundirnir hefjast kl. 20 – Allir velkomnir!

Nánari upplýsingar á www.samfylking.is

Samfylkingin

Málefni Sundabrautar:

## Íbúasamtök vilja samráð

**SUNDABRAUT** Íbúasamtök Grafarvogs og Laugardals hafa sent frá sér tilkynningu þar sem þau lýsa yfir vonbrigðum sínum með vinnubrögð samgönguráðuneytisins.

Í tilkynningunni segir að samtökin lýsi yfir furðu sinni á þeirri ákvörðun að kalla saman opinn fund um málefni Sundabrautar með tveggja daga fyrirvara og án þess að gefa íbúum nokkurn ræðutíma.

Fundurinn var haldinn í Ráðhhúsinu í síðustu viku. Íbúasamtökin krefjast þess að samráð við íbúa í málefnum Sundabrautar skuli virt. - kg



**ÚTSKIPUN** Sjávarafurðir skila meiru í kassann þrátt fyrir minni afla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útfluttar sjávarafurðir:

## Meiri verðmæti fyrir minni fisk

**SJÁVARÚTVEGUR** Árið 2007 nam verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða 127 milljörðum króna og jókst um 2,8 prósent frá fyrra ári. Framleiðslan mæld á föstu verði dróst hins vegar saman um 2,3 prósent.

Magn útfluttra sjávarafurða dróst saman um 6,3 prósent í tonnum talið. Útlutt afurðaverðmæti allra aflategunda nema skel- og krabbadýrum og flatfiski jókst frá fyrra ári. Líkt og árið áður skiluðu frystar afurðir um helmingi útflutningsverðmætis. Af einstökum afurðum vó verðmæti blautverkaðs saltfisks úr þorski þyngst, 12,7 milljarða króna. Af heildarútflutningi sjávarafurða fóru áttatíu prósent til evrópska efnahagssvæðisins, 6,2 prósent til Norður-Ameríku og 6,1 prósent til Asíu. - shá

**SKIPULAGSMÁL**

### Hillir undir sólstofu

Næsti nágranni gestabústaðar forsetaembættisins hefur með samþykkt skipulagsfulltrúa færst einu skref nær því að fá að reisa sólstofu á lóð sinni. Borgaryfirvöld höfðu áður synjað honum um leyfi fyrir sólstofunni, þar sem ríkislögreglustjóri taldi hana ógn við öryggi í gestahúsinu. Úrskurðarnefnd sagði það ekki næga ástæðu og felldi synjunina úr gildi.






Allt að 80% fjármögnun




Kauptu notaðan bíl
hjá Brimborg í dag

# Allur v
# skattu

Opið í dag
frá kl. 9 til 20

í dag
í dag
í kvöld

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

# í dag Brimborg afnemur ígildi vasksins af öllum notuðum bílum til klukkan 20

# irðisauka-rinn burt

## Allt að 80% fjármögnun

Brimborg afnemur ígildi virðisauka-skattsins af öllum notuðum bílum í dag til kl. 20. Komdu í Brimborg og kauptu þér nýjan notaðan bíl á frábæru verði.

**Komdu í kaffi og kleinur**

*Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.*

*Komdu í Brimborg*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**FRÉTTASKÝRING:** Framtíðarskipan löggæslumála

# Yfirmenn ósammála um framtíðarskipan

**Menn eru ekki á einu máli hvernig framtíðarskipan löggæslumála skuli háttað. Ríkislögreglustjóri telur þann kost fýsilegan að sameina lögregluna í eitt lögreglulið undir stjórn embættis RLS. Fjárveitingar til lögreglumála færist frá ráðuneyti til embættisins. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins vill færa deildir sem sinna sérhæfði löggæslu frá RLS til stærstu lögreglustjóraembættanna.**

Skiptar skoðanir eru nú uppi um framtíðarskipan löggæslumála í landinu. Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri telur málum best þannig fyrir komið til framtíðar að lögreglustjóraembættum verði fækkað enn frekar eða niður fyrir tíu. Lögreglustjórar eigi nánast eingöngu að sýsla með lögregluverkefni en ekki verkefni sýslumanna og tollstjóra. Sérfræðingar um stjórnskipulag lögreglu hafi meðal annars bent á fyrirkomulag á Írlandi og álíti að þar eigi að leita fyrirmyndar. Vænlegast til árangurs væri að sameina lögregluna í eitt lögreglulið undir stjórn ríkislögreglustjóra. Þá eigi ákæruvaldið ekki að vera í höndum lögreglustjóranna. Fjárveitingar til löggreglumála færist til ríkislögreglustjóra og þaðan til lögreglustjóra og löggæsluverkefna. Þannig verði fjárveitingum og starfskröftum best varið almenningi til heilla.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, álítur hins vegar mjög koma til álita að færa deildir sem sinna sérhæfðri almennri löggæslu frá embætti ríkislögreglustjóra til stærstu lögregluembætta landsins, það er höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, og eftir atvikum fleiri embætta ef tillögur um enn frekari stækkun embætta ganga eftir. Um er að ræða sérsveitina, alþjóðadeildina, efnahagsbrotadeildina og fjarskiptamiðstöðina.

**Lögreglustjórar fari einungis með lögreglustjórn**

„Ég setti fram fyrir rúmum tíu árum hugmyndir að breytingum á skipulagi lögreglunnar í landinu, fjölda lögreglustjóra og hlutverki þeirra, sem gætu leitt til bættrar starfsemi og skilvirkara og hagkvæmara stjórnkerfis lögreglunnar,“ segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri. Hann segir þær hugmyndir einnig hafa falist í því að lögreglustjórar færu einungis með lögreglustjórn, en ekki verkefni á sviði sýslumanna og tollgæslu eða annarra verkefna utan löggæsluverkefna. „Ég er enn á þeirri skoðun að lögreglustjórarnir eigi nánast eingöngu að sinna lögreglustjórn,“ segir ríkislögreglustjóri. Hann útskýrir að eftir ofangreindar breytingar gætu menn svo velt fyrir sér hjá hvaða lögreglustjóra einstök verkefni myndu liggja hverju sinni. Það færi eftir þörfum á hverjum tíma og faglegu mati.




**LÖGREGLAN** Skoðanamunur á skipan löggæslu í landinu snýst einkum um tilfærslu yfirstjórnar lögreglu, deilda sem sinna sérhæfðri almennri löggæslu, svo og verkefna lögreglustjóra.

**Verkefni á landsvísu**

Haraldur bendir einnig á að ríkislögreglustjóri hafi byggt upp verkefni á landsvísu, eins og fjarskiptamiðstöð, bílamiðstöð, sérsveit, almannavarnadeild, greiningardeild og alþjóðadeild, sem sum eru alþjóðleg verkefni. Mörg verkefna embættisins séu frumkvæðisvinna sem byggð hefur verið upp frá grunni. Haraldur segir að hugmyndir hans að framtíðarfyrirkomulagi löggæslumála eigi stoð í áliti Dr. Niels Bracke sem er helsti sérfræðingur Evrópusambandsins í löggæslumálum og hefur verið ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra til ráðgjafar í þessum efnum um nokkurt skeið.

**Vill sérhæfða almenna löggæslu til lögreglustjóra**

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir umræðu um tilfærslu sérhæfðrar almennrar löggæslu frá embætti ríkislögreglustjóra til lögregluembættanna hafa meðal annars komið fram þegar verkefnisstjórn um nýskipan lögreglumála hafi skilað skýrslu sinni árið 2005. Þar voru gerðar tillögur um fækkun lögregluembætta og nefnt sérstaklega að eftir því sem einstaka lögregluembætti væru stærri því betur væru þau í stakk búin til að taka að sér sérhæfð almenn löggæsluverkefni á landsvísu.

„Þróun í þessa átt væri í samræmi við stöðu mála á hinum Norðurlöndunum,“ útskýrir hann. „Ríkislögreglustjóraembættin þar eru í raun hreinar stjórnsýslustofnanir og einbeita sér að samræmingu og eftirliti með störfum lögregluliðanna, bæði varðandi fagleg atriði sem og markmið og árangur á sviði löggæslu. Þennan þátt innan löggæslunnar er mikilvægt að efla hér á landi.“

Lögreglustjórinn segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra aðaldrifkraftinn í þeim miklu breytingum sem orðið hafa undanfarið í löggæslumálum. Þar sé af mörgu að taka.

„Framsýni hans og þekking á sviði löggæslu og öryggismála hefur gert það að verkum að allir þeir aðilar sem þar leika lykilhlutverk eru í dag mun betur í stakk búnir til að sinna sínum verkefnum en áður.“



FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is



**STEFÁN EIRÍKSSON** Vill að deildir sem sinna sérhæfðri almennri löggæslu færist frá embætti ríkislögreglustjóra til stærstu lögregluembætta landsins.



**HARALDUR JOHANNESSEN** Segir að vænlegast til árangurs sé að sameina lögregluna í eitt lögreglulið undir stjórn ríkislögreglustjóra.




Björn Bjarnason dómsmálaráðherra:

## Stærri og öflugri lögregluumdæmi

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vill stækka lögregluumdæmi enn frekar, utan höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja.

„Með stækkun lögregluumdæma eykst styrkur hvers embættis fyrir sig, þar á meðal til rannsókna,“ segir ráðherra. „Til álita kemur að mæla fyrir um verkaskiptingu á milli einstakra embætta, svo að innan þeirra myndist sérþekking, sem nýttist öllum embættum, ef á henni þyrfti að halda.

Lögregluumdæmi hafi sjálfstæðan fjárhag en fyrir hendi sé fjárlagaliður hjá ríkislögreglustjóra til að auðvelda samskipti milli einstakra embætta, ef um sérstakar aðgerðir og samvinnu er að ræða,“ segir ráðherra enn fremur.

Hann bendir á að tillögur réttarfarsnefndar og ráðuneytisins um ákvæði í frumvarpi um meðferð sakamála, sem er til umræðu á Alþingi, miði að því að ákæruvaldið sé þrískipt, það er hjá ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjórum, öðrum en ríkislögreglustjóra.

„Ásýnd ákæruvaldsins ætti þannig að verða enn skýrari en nú er, með einum ríkissaksóknara og einum héraðssaksóknara, ásamt saksóknurum og öðru starfsliði við embættin,“ útskýrir ráðherra. „Þá er gert ráð fyrir, að lögreglustjórar geti í ríkari mæli en nú lokið máli án ákæru, og ætti það að hlífa sakborningi, lögmönnum og dómurum við að sitja yfir málum, sem eru betur afgreidd með sektargreiðslu en í dómsal.“



**BJÖRN BJARNASON** Dómsmálaráðherra leggur til að lögregluumdæmi hafi sjálfstæðan fjárhag.

Varðandi sérsveitina segir ráðherra að 2004 hafi hún verið flutt til ríkislögreglustjóra, en í aðgerðum eigi hún að lúta boðvaldi viðkomandi lögreglustjóra.

„Flutningurinn kom til vegna þess að sú skipan sem gilti tryggði ekki stöðuga viðveru sérsveitarmanna á höfuðborgarsvæðinu, svo að dæmi sé tekið. Fjöldi sérsveitarmanna byggist á því, að hér sé í landinu nægilega stór og þjálfuð sveit lögreglumanna til að takast á við verkefni eins og flugrán. Ég hef ekki séð nein rök, sem mæla með því að horfið sé frá þeirri skipan, sem kom til sögunnar 2004.“




Hefur gæðin



## Frábær jepplingur með frábæra toggetu

Hyundai Tucson siglir nú inn á markaðinn á fantagóðu verði. Við köllum hann í gamni togara, því hann fer létt með að draga bæði fellihýsi og hjólhýsi. Hann er líka drekkhlaðinn aukabúnaði en innifalið í verðinu er **dráttarbeisli, bakkskynjarar, heilsársdekk og smart vindskeið**. Þetta eru ný við-mið í verði á þessum einum mest selda jepplingi á Íslandi.

B&L
Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hver er framtíðarstefnan í peningamálum?

## Vandræðaleg þögn

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Aðalhagfræðingur Seðlabankans átti í síðustu viku í krafti stöðu sinnar samtal við þekkt þýskt dagblað. Þar kom fram sú afdráttarlausa skoðun að með evru mætti ná betri stöðugleika í þjóðarbúskap Íslendinga.

Þessi ummæli sæta ekki sérlegum tíðindum á heimavelli fyrir þá sök að í meira en tvö ár hefur sú skoðun aðalhagfræðingsins legið fyrir með vel rökstuddum hætti að ávinningurinn af sjálfstæðri mynt væri minni en enginn og hún yki fremur sveiflur en að draga úr þeim. Þeirri niðurstöðu fylgdi fyrirvari um álit Seðlabankans sjálfs.

Í þýska dagblaðinu var enginn slíkur fyrirvari. Eigi að síður má vera að hann hafi átt að fylgja. Á hinn bóginn var tekið fram að upptaka evru væri ógerleg af pólitískum ástæðum. Það er rétt með því að ríkisstjórnin er því andvíg. Forsætisráðherra hefur þar á móti lýst yfir því að senn sé tímabært að gera fræðilega úttekt á peningamálunum.

Hlutverk Seðlabankans er sannarlega ekki að leggja pólitískar línur af þessu tagi. Á hinn bóginn er það skylda bankans í samræmi við sjálfstæði hans að gera fólkinu í landinu grein fyrir hagfræðilegu mati sínu á því hvernig stjórnun peningamála verður best háttað bæði í bráð og lengd. Það á að vera þekkt.

Ríkisstjórnir þurfa að sjálfsögðu ekki að fara að hverju því áliti sem Seðlabankinn lætur í ljós. Ef þannig stendur á er það hlutverk ríkisstjórna að gera þjóðinni grein fyrir þeim ástæðum sem hugsanlega útiloka hagfræðiálit Seðlabankans. Pólitískar ákvarðanir eru eftir það teknar á upplýstum grundvelli.

Í síðustu viku birti Seðlabankinn ársrit sitt um stöðugleika í íslenskum fjármálum. Það er ágæt stöðulýsing. Þar er á hinn bóginn ekki að finna rökstuðning fyrir því að núverandi aðferðafræði við stjórn peningamála dugi til frambúðar. Þar er engin ráðagerð um endurbætur. Þar er heldur ekki að finna röksemdir með eða á móti þeim sjónarmiðum sem aðalhagfræðingur bankans hefur ítrekað lýst bæði heima og erlendis.

Í þessu samhengi þarf enn fremur að hafa í huga að forstöðumaður rannsóknar- og spádeildar hagfræðisviðs Seðlabankans kynnti fyrir nokkrum vikum viðamikla samanburðarrannsókn þar sem fræðilega er rökstutt að með upptöku evru megi ná betri árangri við að hemja verðbólgu. Könnunin var kynnt með fyrirvara um álit Seðlabankans. Í stöðugleikaskýrslunni er engin afstaða tekin til þessarar rannsóknarniðurstöðu.

Þegar til þess er horft að helstu forstöðumenn hagfræðisviðs Seðlabankans hafa tjáð skoðanir sínar og skýrt rannsóknarniðurstöður sínar bæði heima og erlendis með svo ákveðnum hætti verður ekki lengur hjá því komist að kalla eftir áliti bankans sjálfs. Í fyrsta lagi þarf að fá úr því skorið hvort sömu eða ólík sjónarmið ríki á hagfræðisviði Seðlabankans annars vegar og í bankastjórn hins vegar. Í öðru lagi þarf að liggja fyrir hvort mat bankans fer saman við stefnu ríkisstjórnarinnar. Ósamræmi þarf ekki að vera óeðlilegt en á að vera vitað.

Engin ástæða er fyrir Seðlabankann að draga yfir það fjöður ef hann er sammála aðalhagfræðingnum. Telji bankinn hins vegar að þeir vaði í persónulegum vegvillum með mat sitt og rannsóknir á skipulagi peningamálanna verður það að koma fram með skýrum hagfræðilegum gagnrökum. Þögnin dugar ekki lengur til að eyða þeirri óvissu. Hún er í besta falli vandræðaleg en í versta falli ótrúverðug.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871





**Stjórnendur athugið:**

**Viljið þið spara 11 milljónir á ári í húsnæðiskostnað?**

Til leigu á Eyrarbakka nýstandsett atvinnuhúsnæði:
(55 km frá Reykjavík - ca. 40 mínútna akstur)

Atvinnuhús 1.500 fm - leiga á fm. kr. 495. (Gangverð kr. 1.150)
Atvinnuhús 250 fm - leiga á fm. kr. 480. (Gangverð kr. 1.090)
Skrifstofuhúsnæði 210 fm - leiga á fm. kr. 690. (Gangverð kr. 1.400)

Upplýsingar í símum: 661-6800 og 660-1060

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Áunnin réttindi

Geir H. Haarde segir að að í forsætisráðuneytinu hafi verið unnið að því um skeið að gera breytingar á lífeyrisréttindum æðstu embættismanna. Hann segir hins vegar að ekki verði tekin nein réttindi af mönnum sem þeir hafi áunnið sér. Með því á forsætisráðherra við að breytingar á þessum lífeyrisréttindum verði ekki afturvirk. Eftirlaunafrumvarpið var umdeilt, því það gerði æðstu ráðamönnunum kleift að þiggja óskert eftirlaun þótt þeir stunduðu aðra vinnu. Alþingismenn áunnu sér þessi réttindi með því einfaldelga að festa þau í lög. Og skáka nú í skjóli þess.



### Megi þeir bera sig eftir því

Nú má vel vera að það standist ekki lög að gera afturvirkar breytingar á sjálftöku... afsakið, áunnu réttindunum. En þó kemur eitt til greina. Að afnema afturvirkt rétt æðstu embættismanna til að þiggja full eftirlaun á meðan þeir stunda aðra vinnu. Þeim sem finnst á sér brotið væri guðvelkomið að höfða mál á hendur skattgreiðendum og fá greiddar fullar bætur. Verði þeim að góðu.

### Studdi þá gagnrýnendur

Óskar Þór Guðmundsson lögreglumaður skrifaði grein í Morgunblaðið á sunnudaginn um „Taser-valdbeitingartækið“, sem í daglegu tali nefnist rafbyssa. Óskar rekur kosti tækisins og nefnir að það straumurinn í rafbyssu sé í raun miklu minni en í venjulegri jólaseríu og hafi engin áhrif á hjartagangráð. Um efasemdaraddir segir Óskar að þeir sem hafi gagnrýnt rafbyssuna opinberlega séu „akkúrat þeir sem eru stundum í þeim aðstæðum að tækið yrði jafnvel notað gegn þeim“. Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Amnesty International á Íslandi, Þráinn Bertelsson rithöfundur og Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, hugsa sig sjálfsagt tvisvar áður en þau draga ágæti rafbyssa aftur í efa.



bergsteinn@frettabladid.is

## Normannagat



**EINAR MÁR JÓNSSON**

**Í DAG** | Afmæli

Um þessar mundir minnast Frakkar þess með pomp og pragt að fjörutíu ár eru liðin frá þeim atburðum sem kenndir eru við „maí 68“; hefur allt verið á öðrum endanum þess vegna í nokkrar vikur og allar horfur eru á því að svo verði enn um stund, a.m.k. þangað til yfirstandandi maímánuður er allur. Reyndar kom í ljós í rækilegri könnun sem kennarar og sálfræðingar gerðu að mikill meirihluti nemenda í skólum landsins gat alls ekki svarað spurningunni: „hvenær var maí 68?“ Kannske finnst ýmsum ástæðulaust að krefjast svo mikillar söguþekkingar af ungviðinu, en hvað sem því líður er von til að slík fáfræði verði brátt úr sögunni.

Fyrir skömmu las ég í blaði að áttatíu og átta bækur væru nú komnar út um þessa atburði eða þá á leiðinni, og munu þá ekki vera taldar ýmsar endurútgáfur; flest málsmetandi blöð og tímarit gefa út sérhefti, sýndar eru sjónvarpsmyndir, gamlar og nýjar, sérstakar dagskrár eru fluttar í útvarpsstöðvum og þar fram eftir götunum.

Ekki verður nú annað séð en mikill einhugur ríki um þessa atburði fjörutíu árum síðar. Þegar Frakkar voru spurðir að því í skoðanakönnun hvoru megin þeir hefðu verið í götubardögunum í maí 68 sögðu sjötíu og sjö af hundraði að þeir hefðu verið með stúdentum en fjórtán af hundraði að þeir hefðu verið með lögreglunni. Tveir menn sem voru sitt hvoru megin við götuvígin, Daniel Cohn-Bendit leiðtogi stúdenta og Maurice Grimaud fyrrverandi lögreglustjóri Parísar, nú hátt á tíræðisaldri, hittust nýlega í sjónvarpssal og ræddu málin í mesta bróðerni. En það hefur komið fram að lögreglustjórinn var hálft í hvoru á bandi stúdenta, þótt það færi ekki hátt á sínum tíma. Þannig rísa nú hátíðahöldin fjöllunum hærra. En í frönskum veislum sem standa lengi er gjarnan siður, að þegar allt stendur sem hæst gera menn smáhlé og steypa í sig svo sem einu glasi af útsterku brennivíni. Oftast er til þess haft eplabrennivín frá Normandí nálægt áttatíu prósent, og eftir því er þessi siður kallaður, hann heitir sem sé „Normannagat“. Þess vegna var við því að búast að í hátíðahöldunum út af maí 68 stöldruðu menn einhvern tíma við og tækju upp þennan sama sið, og það gerðist. Snemma í maí rann nefnilega upp fyrir mönnum að nú átti Nikulás Sarkozy eins árs afmæli á forsetastól, það var sem sé ár liðið síðan hann vann sinn mikla sigur í forsetakosningum og tók við embætti með stóryrtum yfirlýsingum. Og menn gerðu smáhlé og innbyrtu þetta beiska brennivín, þetta forsetabrugg.

Eins og búast mátti við í Normannagati var það ekki laust við grettur. Eitt vikublaðið birti mynd af fúlum Sarkozy með áletruninni: „Andskotinn, fjögur ár enn...“, en annað blað reiknaði út hvað fjögur ár væru margir dagar, svo menn gætu farið að telja dag frá degi hve langt væri eftir. En menn bentu einnig á það að forsetinn, eða „Napóleon Narcissus“ eins og sumir kalla hann, hafi að vissu leyti haldið sín kosningaloforð: hann lofaði því sem hann kallaði „rupture“ á frönsku, en það er „rof“ á íslensku og felast í því alger þáttaskil eða kúvending í pólitíkinni, og ekki er annað hægt að segja en það hafi orðið mikil rof, á mörgum sviðum.

Það urðu rof í stjórnarstefnu og -stíl. Sarkozy hélt upp á kosningasigurinn með mikilli veislu í dýrasta og fínasta veitingastað Parísar, fór svo að hvíla sig í lystisnekkju sem einn vinur hans, miljarðamæringur eins og nú er sagt, lét honum í té. Þegar hann tók við völdum var það eitt hans fyrsta verk að gera breytingar á reglum um skattheimtu sem höfðu í för með sér miklar skattaívilnanir fyrir auðugasta hluta þjóðarinnar. Þá varð ljóst að Sarkozy ætlaði ekki síst að vera forseti millanna, sem ýmsum fannst að hefðu orðið útundan í forsetatíð fyrirrennaranna.

Það urðu rof í persónulegum stíl. Með sínum sviptingasömu hjónabandsmálum komst Sarkozy þangað sem enginn fyrirrennari hans hafði komist, sem sé á forsíðu ákveðinna vikublaða, „Closer“ og annarra slíkra. Um þennan nýja stíl hafa franskir blaðamenn notað hljóðgerfinginn „bling bling“, hvað sem það á svo sem að merkja. Svo urðu mikil rof milli forsetans og kjósenda. Á stuttum tíma hafa vinsældir hans hrapað niður svo nú er ekki meira en þriðjungur landsmanna sáttur við hann, og vita menn ekki dæmi til slíks hruns áður.

En þetta er ekki allt of sumt. Fyrir skömmu urðu aftur rof og nú milli „gamla“ og „nýja“ Sarkozys. Því skyndilega birtist forsetinn í sjónvarpinu, viðurkenndi alls kyns mistök, einkum hvað snerti tjáningu og stíl, og lofaði bót og betrun. Hann lét ekki sitja við orðin tóm, því nú er hann orðinn alvarlegur, jafnvel hlédrægur og orðvar mjög. Telja sumir að Carla Bruni passi vel upp á hann. Þá ættu menn sem sé að vera ánægðir og geta snúið sér aftur að maí 68 veisluhöldunum. En það gildir ekki um alla. Skopteiknarar og háðfuglar alls kyns sitja nú uppi með sárt ennið og kveina hástöfum: „Gefið okkur gamla Sarko aftur“.

## Talnaleikir ESB-sinna

**UMRÆÐAN**

Bjarni Harðarson skrifar um Evrópumál



**BJARNI HARÐARSON**

Fréttablaðið birti fyrir nokkru tölur sem sýna að 68% þjóðarinnar vill að þjóðin hefji UNDIRBÚNING aðildarviðræðna ESB. Aldrei hefur spurningin verið sett fram með svo óljósum hætti en alloft hefur þjóðin verið spurð að því hvort beinlínis eigi að hefja aðildarviðræður. 2002 vildi 91% landsmanna hefja slíkar viðræður en í sömu könnun reyndust ekki nema 52% hlynnt aðild.

Undirbúningur aðildarviðræðna er mest fólginn í að reka niður vegvísa og vaxtaokur. Sjálfur myndi ég fagna því ef stjórnvöld sneru sér að því. En ég vil ekki inn í ESB, enda er ekki hægt að ganga í ESB við núverandi aðstæður. Gott yfirlit yfir kannanir um ESB–aðild er að finna á heimasíðu Samtaka iðnaðarins. Af þeim má lesa að frá árinu 2003 hefur fylgi við það að hefja viðræður sveiflast frá 69% niður í 55% en í sömu könnunum hefur fylgi við aðild sveiflast frá 52% niður í 36%. Uppsláttur í Fréttablaðinu frá í febrúar um að 55% fylgi við aðildarviðræður sé met eða að fylgi við ESB aðild sé nú í hámarki stenst því ekki skoðun. Vitaskuld getur staðan í þessum málum breyst hratt í þeirri efnahagslægð sem nú ríður yfir. En þá aðeins sem tímabundin óánægja með slæma hagstjórn. Þó er athyglisvert að eini flokkurinn sem hefur aðild á stefnuskrá stórtapar fylgi í könnunum.

Umræðan um ESB einkennist um margt af samskonar draumsýnum og einkenndu fylgismenn sósíalismans. Því er til dæmis haldið fram í sama bláeyga sakleysinu að matarverð og vextir muni lækka um tugi prósenta ef við göngum í ESB. Af því bara. Því er líka haldið fram að ESB muni styrkja íslenska landsbyggðarmenn. Víst er mikið styrkjakerfi í ESB en þeir eru vitaskuld handa hinum fátæku. Ef við ætlum að keppa við Tyrki og Slava verðum við fyrst að verða almennilega fátæk.

Svipuð er sú mýta að efnahagsvandinn hverfi ef við tökum upp evru. Spyrjum Íra, Ítali og Spánverja sem allir óska sér þess nú að hafa eigin mynt til að geta mætt kreppunni og forðað þannig atvinnumissi og gjaldþrotum.

*Höfundur er alþingismaður.*








# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA VEIÐI VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun
TOYOTA & LEXUS þjónusta
GERUM VIÐ ALLAR TEGUNDIR BÍLA
Smiðjuvegur 38 rauð gata • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is



bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360



STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000




Gamall draumur Söndru varð að veruleika þegar hún fékk að synda með höfrungum. MYND/DAÐI

# Í sundi með höfrungum

***Sandra Daðadóttir, nemandi í áttunda bekk í Áltamýrarskóla, er með brennandi ferðaáhuga, þrátt fyrir ungan aldur, og hefur farið víða. Sandra æfir fimleika hjá íþróttafélaginu Gerplu og hefur ferðast mikið með félaginu.***

Af öllum þeim ferðum sem Sandra hefur farið í stendur ein upp úr og mun lifa lengi í minni hennar. Daginn eftir fermingu hennar fór hún nefnilega í ferðalag ásamt fjölskyldu sinni til Dóminíska lýðveldisins.

„Í Dóminíska lýðveldinu gat ég gert nokkuð sem mig hefur dreymt um frá fjögurra ára aldri en það er að synda með höfrungum,“ segir Sandra ánægð.

„Þegar ég og foreldrar mínir vorum að ræða ferminguna og hvernig henni skyldi háttað kom til tals að sameina ferminguna og þennan draum minn um að synda með höfrungum. Ég fór inn á netið og fann stað þar sem boðið var upp á atriði og samveru með höfrungum og ýmsum sjávardýrum,“ útskýrir Sandra.

Með Söndru í för voru foreldrar hennar og bróðir ásamt föðursystur og eiginmanni hennar. Alls var fjölskyldan úti í ellefu daga og fóru þau út strax daginn eftir fermingu Söndru. Veislan sem Sandra hélt var fyrir hennar allra nánustu og var fámenn en góðmenn.

„Fyrir mér var þessi ferð stór og mikil fermingarveisla sem varði í ellefu daga. Ég var aldrei í vafa um hvernig ég vildi hafa ferminguna og páskana eftir að ég fann þessa ferð,“ segir Sandra og bætir við: „Það sem stóð upp úr annars frábærri ferð var dagurinn í Sea World þar sem við syntum með höfrungum og einnig stingskötum, hákörlum, sæljónum og fiskum. Upplifunin í Sea World var stórkostleg og ég og bróðir minn gleymum henni aldrei. Við vorum hræddust við stingsköturnar en það var víst búið að klippa eituroddinn af þeim.“

Í sumar bíður Söndru unglingavinnan en í júlí fer hún í sína næstu ferð sem er keppnisferð í fimleikum með Gerplu til Frakklands.

*mikael@frettabladid.is*


BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Alþrif og teflon
Bón
Djúphreinsun
Mössun
Dekkjahótel
Rafgeymar
Perur
Rúðuþurkur
Bremsuklossar
Sækjum og sendum
Flestar stærðir dekkja á lager
Bílkó þjónusta
Allt á einum stað!
Dekkjaþjónusta
Smurþjónusta
Bón og þvottur
BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**Öngullinn** er beittur og skal handleika hann fumlaust. Gott er að geyma hann í litlum plastílátum svo hann krækist ekki í farangur.






# Veiðiferð fjölskyldunnar

***Veiðiferðir eru góð skemmtun úti í náttúrunni fyrir alla fjölskylduna.***

Á blíðviðrisdögum er fátt skemmtilegra en að standa á árbakka og kasta fyrir fisk með fuglasönginn í eyrunum. Spennan kitlar í magann við að bíða eftir því að bíti á öngulinn og fólk gefur sér tíma til að slappa af.

Á ferðalagi fjölskyldunnar í sumarfríinu er sniðugt að hafa veiðikortið meðferðis og þræða vötnin um landið. Fjölskyldutengslin styrkjast þegar foreldrarnir kenna krökkunum handtökin og krakkarnir læra að umgangast náttúruna.

Áður en lagt er af stað er betra að koma sér upp góðum búnaði. Sveinbjörn Guðmundsson hjá Sportvörum á Krókhálsi segir grunnútbúnað fyrir krakkana fyrst og fremst vera stöng og hjól og svo viðeigandi fatnað.

„Það má alltaf gera ráð fyrir að krakkarnir vaði út í og þá er gott að vera vel stígvélaður. Einnig er mjög gott að vera með sólgleraugu við veiðarnar, bæði til að sjá betur í vatnið og eins öryggisins vegna svo ekki fari öngull í augað.“

Sveinbjörn segir best að byrja á einföldum settum og passa að stöngin sé ekki of stór. Í versluninni hjá honum fást grunnsett frá krónum 6.995 og oft komi krakkarnir með foreldrunum til að velja stöng og spúna. Hann segir í raun ekkert aldurstakmark á hversu ungir krakkar geti veitt, það fari frekar eftir þolinmæði foreldranna.

Sveinbjörn mælir einnig með því að nota flotholt fyrir yngstu krakkana og gervibeitu. Svo er gott að vera með skjólur undir dótið, til dæmis litla bakpoka sem er þá líka hægt að setjast á ef veiðin lætur bíða eftir sér.

*heida@frettabladid.is*



Veiðiferðir eru fjölskylduvænt sport og krakkarnir læra að umgangast náttúruna.



Grunnútbúnaður fyrir krakka í veiðiferð getur verið stöng, hjól, hlífðargleraugu og önglar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM Á VÖNDUÐUM FLUGUM




JAXON

CORTLAND

...Ódýrastir í cortland línum!!



11 feta slöngubátur með hörðum botn.
Burðageta 560 kg
þolir allt að 18 hö.mótor
CE vottaður .
verð.110.000 kr.

Rafmagns mótorar væntanlegir. á 29.900 kr



Tilboð
5 mm. Neopren vöðlur með brjóstvasa, styrkingar á hnjám, stigvél með filtsóla og þægilegar axlaólar.
Verð aðeins kr. 9900,-

VEIÐIPORTIÐ Grandagarði 3, s: 552-9940. -ÓDÝRASTA VEIÐIBÚÐIN Í BÆNUM



**Ferðataska** í skærum lit er áberandi á færibandinu á stórri flugstöð. Taskan týnist síður ef hún er merkt eiganda sínum.

# Ekki bara Eurovision

***Fögur náttúra og skemmtileg menning einkennir Serbíu sem nú býr sig undir að taka á móti Eurovision-gestum. Í haust gefst Íslendingum kostur á borgarferðum til Belgrad.***



Gaman er að ferðast til lítilla bæja og þorpa og sjá hvað þau hafa upp á að bjóða.
NORDICPHOTOS/GETTY

Serbía er landlukt land á Balkanskaga og var stærsti og fjölmennasti hluti Júgóslavíu þegar hún var og hét. Á undanförnum árum hefur ferðaþjónusta í Serbíu blómstrað. Búast má við að fjölmargir leggi leið sína þangað á næstunni meðan Eurovision-söngkeppnin fer fram í Belgrad, höfuðborg Serbíu, 20. til 24. maí.

Borgin hefur upp á margt að bjóða enda ein elsta borg Evrópu, stofnuð á tímum Kelta og Rómverja. Borgin á sér merka sögu ekki síst vegna þess að fáar borgir hafa jafn oft risið upp úr ösku eftir styrjaldir og árásir.

Þótt ekki sé flogið beint frá Íslandi til Belgrad má búast við að margir Íslendingar leggi leið sína til Serbíu meðan á söngvakeppninni stendur. Nebojsa Colic, sem búsettur hefur verið á Íslandi í átta ár og hefur nýlega hafið rekstur ferðaskrifstofunnar Serbíuferðir, ætlar að nýta sér það.

„Ég ákvað að nota tækifærið nú þegar Eurovision er haldin í Belgrad og bjóða upp á nokkrar skoðunarferðir fyrir þá Íslendinga sem þar verða. Svo stefni ég á að bjóða upp á þriggja til fjögurra daga ferðir til Belgrad í haust með beinu flugi frá Keflavík,“ segir Nebojsa og útskýrir að þótt ekki sé flogið beint til Serbíu nú sé auðvelt að komast þangað, til dæmis með því að fljúga í gegnum Kaupmannahöfn.

Ferðirnar sem Nebojsa ætlar að bjóða upp á meðan á Eurovision stendur eru til þriggja borga í nágrenni Belgrad, Vršac, Novi Sad og Kragujevac. Hægt er að nálgast upplýsingar um þær á heimasíðunni www.serbia.is. *thorgunnur@frettabladid.is*

## Áhugaverðir staðir í Serbíu:

**Belgrad**
Belgrad er höfuðborg Serbíu og jafnframt stærsta borg landsins. Meðal staða í borginni sem vert er að skoða er Kalemegdan-kastalinn, höll Ljubicu prinsessu og hernaðarsafnið svo fátt eitt sé nefnt.

**Novi Sad**
Novi Sad er falleg lítil borg í nágrenni Belgrad.

**Manasija-klaustrið**
Klaustrin í Serbíu eru heillandi og þau er gaman að skoða.

**Gamli bærinn í Sirogojno**
Í Sirogojno er eins konar byggðasafn í anda Árbæjarsafns. Þar má kynnast lífinu í hefðbundnu 19. aldar þorpi.

## Um ferðir innanlands

AUÐVELT ER AÐ FRÆÐAST UM ÞJÓNUSTU, ÁNINGARSTAÐI OG AFÞREYINGU ÁÐUR EN LAGT ER Í FERÐALAG INNANLANDS MEÐ ÞVÍ AÐ FARA Á VEFINN FERDALAG.IS.

Ferðamálastofa heldur úti öflugum upplýsingavef fyrir Íslendinga sem eru að skipuleggja ferðir um eigið land er hefur slóðina ferdalag.is. Þar er að finna fróðleik um staðhætti og náttúrufar hvers landshluta fyrir sig, áhugaverða staði, gistingu, umferð, gönguferðir og fjölmargt fleira.

Má fullyrða að hér sé um að ræða stærsta gagnagrunninn um íslenska ferðaþjónustu sem til er í dag. Til dæmis er þar að finna upplýsingar um opnunartíma safna um allt land og lista yfir það sem er á döfinni, golfvelli, veiði, sundlaugar, reiðhjólaleigur og hestaleigur, svo nokkuð sé nefnt. Loks má nefna ýmsar fleiri hagnýtar upplýsingar, svo sem um upplýsingamiðstöðvar, ferðaskrifstofur, vegalengdir á milli staða og ýmislegt fleira. *- gun*



Breiðavík býður upp á hvítan sand í breiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




Hótelstjórnun · Flugþjónustunám · Hagnýtt ferðafræðinám · Starfstengt ferðafræðinám

Á vit ævintýranna?
– spennandi framhaldsnám í boði

innritun stendur yfir

Hótelstjórnun
Nám á háskólastigi kennt í samstarfi við César Ritz Colleges í Sviss.
Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa sveinsprófi í matvælagreinum og/eða stúdentsprófi. Námið veitir alþjóðlegt diploma í hótelstjórnun og tekur tvær annir ásamt 1000 vinnustundum í starfsþjálfun. Í framhaldi býðst nemendum að ljúka BS-námi hjá César Ritz Colleges í Sviss.

Starfstengt ferðafræðinám
Hagnýtt nám fyrir þá sem vilja starfa í ferðaþjónustufyrirtækjum.
Námið skiptist í bóklegt nám í tvær annir og þriggja mánaða starfsþjálfun hjá ferðaþjónustufyrirtæki. Kennt er síðdegis, mánudaga til fimmtudaga.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 21 árs aldri og vera með stúdentspróf eða annað sambærilegt nám.

Hagnýtt ferðafræðinám - fjarnám
Hnitmiðað nám sem er sérsniðið fyrir þá sem starfa við ferðaþjónustu á landsbyggðinni.
Námið tekur tvær annir. Kennsla hefst í október og henni lýkur í apríl.

Flugþjónustunám
Undirbúningsnám fyrir verðandi flugfreyjur og flugþjóna.
Námið tekur eina önn. Kennt er síðdegis mánudaga til fimmtudaga.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 21 árs aldri og vera með stúdentspróf eða annað sambærilegt nám og hafa gott vald á tveimur erlendum tungumálum.

www.mk.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Innritun lýkur 15.maí.
Ferðamálaskólinn | sími: 594 4020 |
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000






Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal í maí. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlegu spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Spennandi heimsborg!
- Fjölbreytt menning
- Himnaríki sælkerans
- Fjörugt næturlíf
- Frábært að versla
- Gott veðurfar

Ekki missa af!
- Ólympíugarðinum
- Mount Royal Park
- LaRonde - skemmtigarðinum
- Grasagarðinum
- Insectarium - skordýrasafninu
- Casino Montreal
- Biodome safninu

Verð kr. 29.990
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð 23. og 30 maí.

Verð kr. 59.990
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Travelodge Montreal m/morgunverði í 7 nætur, 23. og 30. maí.
Sértilboð á Hotel Les Suites Labelle kr. 9.000 aukalega.

Bókaðu beint á www.heimsferdir.is

ENNEMM / SIA • NM32789

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



**Garðkanna** ætti að vera til á hverju heimili. Ef hún er ekki notuð til að vökva blómin má gróðursetja í hana falleg sumarblóm.



Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir leikkona tínir blóm til að lífga upp á heimilið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tíndi blóm í vasa

***Það þarf oft ekki mikið til að hressa upp á heimilið. Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir leikkona greip til einfaldra ráða.***

„Ég tíndi blóm og setti í vasa inni í stofu," segir Jóhanna um nýjustu breytingarnar heima hjá sér.

„Ég vildi lífga upp á heimilið og gleðja Jón Gunnar, sambýlismann minn, sem situr heima og lærir fyrir próf. Ég geri þetta oft á sumrin til að hressa aðeins upp á stemninguna í stofunni. Núna tíndi ég páskaliljur sem ég fann niðri við tjörn, mjög fallegar, og stóðu þær í marga daga."

Jóhanna segist vera nokkuð handlagin en er þó ekkert dugleg við framkvæmdir heima við.

„Ég bý í lítilli íbúð og get ekki sagt að ég sé dugleg við að breyta. Færi frekar til hluti til að hreyfa aðeins við orkunni í húsinu en bara við það að raða öðruvísi þá breytist orkan inni."

Jóhanna, sem sjálf er leikkona, hefur nýlokið við að leikstýra Nemendaleikhúsinu og er komin í langþráð sumarfrí. Hún ætlar að verja því í rólegheitum.

„Nú er ég komin í sveitina í Skagafirðinum og ætla svo að vera í Flatey á Breiðafirði í sumar og hafa það huggulegt."

- rat

# Frá rimlarúmi yfir í alvöru rúm

***Það er spennandi áfangi í lífi barns og foreldra þegar kaupa á fyrsta alvörurúmið.***

Þegar litlu börnin vaxa upp úr rimlarúmunum þarf að huga að mörgu þegar nýtt rúm er keypt. Margt er í boði en alltaf þarf öryggið að ganga fyrir útlitinu. Þegar farið er úr rimlarúmi yfir í stærra rúm er hætta á að litlu grislingarnir detti fram úr til að byrja með. Mikilvægt er því að setja öryggisgrind fyrir þá hlið sem snýr frá veggnum.

Kojurúm eru til af ýmsum toga og er góður kostur þegar plássið er lítið, eitt af því sem hafa þarf í huga er að bilið á milli þrepanna upp í rúmið sé það stutt að lítil höfuð komist ekki þar á milli. Stækkanleg rúm eru oft góð lausn en tryggja þarf að botninn á þeim færist ekki í sundur.

Frekari upplýsingar um rúm og öryggi barna má finna á www.lydheilsustod.is.

klara@frettabladid.is



Þetta Kritter-barnarúm fæst í Ikea og kostar 7.700 krónur. Rúmið er með öryggisfjöl svo barnið detti ekki fram úr í svefni.



Mammut heitir þetta skemmtilega strákarúm. Það fæst í Ikea og kostar rúmgrindin 15.700 krónur.



Þessu kojurúmi má snúa við og þá breytist það í venjulegt rúm með hárri himnasæng. Rúmið heitir Kura og fæst í Ikea og kostar 19.950 krónur.



Þessi koja býður upp á gistingu fyrir þrjá. Undir neðstu kojunni eru skúffur og svo eru blaðarekkar við fótgaflinn. Kojan ber nafnið Olympic og fæst í Rúmfatalagernum. Hún kostar 29.900 krónur.



Þetta sæta Olympic-stelpurúm fæst í Rúmfatalagernum og kostar 26.900 krónur. Gott geymslupláss er undir rúminu, margar skúffur og góð grind.






Kassarnir láta lítið yfir sér en það stórmunar um þá þegar rafmagnsreikningurinn er skoðaður.




# Umhverfisvæn loftræsting

***Loftræsting knúin sólarorku getur verið góð lausn fyrir sumarbústaðinn.***

„Þetta hefur reynst mjög vel og það skemmir ekki fyrir að þetta er alveg umhverfisvænt,“ segir Guðmundur Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Esjugrundar ehf., sem hefur til sölu sólarknúin hita- og loftræstikerfi frá danska framleiðandanum Solarventi. Um er að ræða hitakassa sem festir eru á húsveggi. Þegar sólin skín hitnar loftið í kassanum og vifta sem knúin er sólarrafhlöðu fer í gang og blæs lofti inn í húsið. Loftið í húsinu endurnýjast svo raki og ólykt hverfur. Á sama tíma gefur kerfið góða viðbót til upphitunar enda getur blásturinn verið allt að 30 gráðu heitur. Kerfið starfar óháð öðrum hitakerfum og fer sjálfkrafa í gang fyrir tilstilli sólarinnar.

„Þetta hentar sérstaklega vel þar sem ekki er hitaveita til upphitunar, til dæmis í sumarbústöðum. Í húsum sem standa auð myndast oft raki og fúkkalykt en kerfi af þessu tagi kemur í veg fyrir það,“ segir Guðmundur og útskýrir að með því að nota loftræstingu og hitakerfi af þessu tagi megi stórlækka rafmagnseikninginn.

Guðmundur segir að sólarleysið á Íslandi komi alls ekki í veg fyrir að búnaðurinn virki. „Það þarf í raun bara smá glætu til þess að búnaðurinn fari í gang en auðvitað eru afköstin meiri eftir því sem sólin skín meira,“ segir Guðmundur og bætir því við að best sé að koma búnaðinum fyrir mót suðri þar sem sólar nýtur lengst.

Kerfin fást í ýmsum stærðum og gerðum og þau stærstu ráða við 140 fermetra rými. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni www.esjugrund.is *thorgunnur@frettabladid.is*

allt matur
Alla föstudaga



**Bílar** eru stundum hálfgerð leikföng í meðförum eigenda sinna, en þá er betra að eiga frekar leikfangabíl.




Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066


## Vinsælir í Taílandi

TVEIR BÍLAR FRÁ VOLVO, S80 OG XC90, VORU VALDIR BÍLAR ÁRSINS Í TAÍLANDI.

Á alþjóðlegri bílasýningu í Bangkok voru þessir tveir bílar valdir og þykir valið mikil viðurkenning fyrir Volvo, sem heldur áfram að sanka að sér verðlaunum. Fjöldi gesta sótti bílasýninguna og á tíu dögum mættu um 1,6 milljónir. Volvo S80-bíllinn var valinn sá besti með þróuðustu tækna í flokknum Framúrskarandi vöruþróun á sviði öryggis. En Volvo XC90 hlaut verðlaun fyrir besta sportjeppann.

Aukning hefur orðið á sölu á Volvo í Taílandi, en sölutölur hækkuðu um 36 prósent á árunum 2006 og 2007. *- mmr*





Vespur eru hagkvæmur fararkostur miðað við verð á bensíni nú til dags að sögn Gunnars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Alvöru vespur á íslenskum vegum

***Bensínverð er í sögulegu hámarki og rándýrt er orðið að fylla tankinn. Æ fleiri leita nú leiða til þess að spara og þá er litið til sparneytinna farartækja.***

Vespur hafa nú skotið upp kollinum á Íslandi og sjást þær æ oftar á götum borgarinnar. Gunnar Hansson, leikari og annar eigandi Hanssona ehf., hefur nú á sínum snærum frægustu vespur heims.

Piaggio-vespurnar eru ítölsk hönnun sem hefur notið mikilla vinsælda um allan heim. Piaggio-vespur hafa verið framleiddar í sextíu ár og eru í dag orðnar sautján milljónir.

„Ég held að það sé nokkuð ljóst að þetta verði vespusumarið mikla. Salan hefur verið góð og er fyrsta pöntun að seljast upp sem kemur ekki á óvart vegna ástandsins sem ríkir í efnahagsmálum hér á landi," segir Gunnar og bætir við að vespurnar njóti jafn mikilla vinsælda hjá báðum kynjum og þyki afar hagkvæmur fararkostur.

Hjá Hanssonum ehf. er hægt að fá sex tegundir af vespum en þar er einnig að finna MP3-vespuna svokölluðu sem er mikil bylting í vespuheiminum.

„Hið nýja þríhjól er sannkallað galdratæki. Aldrei hefur svona mótorhjól verið til eins og MP3 og hefur hjólið slegið í gegn um allan heim og er nú loksins fáanlegt hérna á Íslandi," útskýrir Gunnar.

Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér vespurnar frekar er bent á heimasíðuna www.vespur.is en þar er hægt að fá upplýsingar um allar þær vespur sem eru í boði. *mikael@frettabladid.is*



Ný og kjörin fyrir íslenskar aðstæður. Tvö framhjól og einstakur öxulbúnaður gefa ótrúlegt veggrip.



Sú sportlega. Snaggaraleg og smekkleg vespa sem hentar vel fyrir alla.


www.alorka.is
Sumardekk – hjólbarðaþjónusta
Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.
Hagstætt verð og traust þjónusta.
BRIDGESTONE
Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarða
Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!
Reykjavík
Tangarhöfða 15 : 587 5810
Vagnhöfða 6 : 577 3080
Akureyri
Réttarhvammi 1 : 464 7900
ALORKA
PIPAR • SÍA • 80753

Hlífðu bílnum
Eigum til ljósahlífar, húddhlífar og gluggavindhlífar á flestar gerðir bíla:
BMW - Captiva - Citroën - Ford - Honda Hyundai - Isuzu - Jeep - Kia - Land Rover Lexus - Mazda - Mercedes - MMC - Nissan Opel - Peugeot - Renault - Skoda SsangYong - Subaru - Suzuki - Toyota Volkswagen - Volvo
Frí ásetning á staðnum
ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is
Arctic Trucks • Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900

Bíla- og hjólalyftur
Vökvadrifnar á góðu verði
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF

PIPAR • SÍA • 70080

Efnamóttakan hf

Spillum ekki framtíðinni



# Einkamál

Láttu okkur eyða gögnunum

Við sækjum! S. 520 2220 www.efnamottakan.is

# flutningar

MIÐVIKUDAGUR 14. MAÍ 2008

Geymslur eru með lausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki BLS. 6





NORDICPHOTOS/GETTY



## Ert þú að ganga frá bókhaldinu

### og veist ekki hvar þú átt að geyma það?

Hjá okkur eru skjölin þín geymd við fullkomnar aðstæður í nýju öruggu húsnæði. Þú þarft aldrei að hafa áhyggjur af plássleysi, öryggi skjalanna eða því að finna ekki ákveðin s

Með því að nýta þér þjónustu okkar ert þú komin með framtíðarlausn.

- Betri nýting á húsnæði þínu.
- Yfirlit yfir öll skjöl í geymslu.
- Minni tími fer í leit.
- Allur kostnaður skjalageymslunnar verður sýnilegur.

Hafðu samband og láttu okkur þjónusta þig.

Gagnageymslan ehf.
Smiðshöfði 1, 110 Reykjavík,
sími 587-9800, www. gagnageymslan.is

GAGNAGEYMSLAN
Sími 587 9800

# Fór í eina lengstu sendiferð sögunnar

**Grétar Guðni Guðmundsson hefur keyrt sendibíl í 34 ár. Hann segir bílstjórastarfið fjölbreytt og skemmtilegt enda hefur hann farið í margar eftirminnilegar sendiferðir um dagana.**

„Ég flyt allt frá skilaboðum upp í fleiri tonna sendingar,“ segir Grétar Guðni Guðmundsson bílstjóri hjá Sendibílastöðinni hf.

Grétar hefur tvo bíla til umráða, lítinn Toyota Hiace og Volvo kassabíl fyrir stærri farm. Hann þjónustar aðallega fyrirtæki og segir að um sjötíu til áttatíu fyrirtæki og stofnanir versli við hann á ári. „Verkefnin eru eins misjöfn og þau eru mörg og sumar ferðirnar eru eftirminnilegri en aðrar. Einu sinni tók ég til dæmis með mér 6.000 farþega vestur í Dali,“ segir Grétar og útskýrir að þar hafi verið á ferðinni laxaseiði sem átti að sleppa út í á.

Grétar hefur starfað sem bílstjóri í 34 ár og segist síður en svo orðinn leiður á starfinu. „Margir bílstjórar eru í einhæfum verkefnum og aka kannski sama hringinn mánuðum eða árum saman. Það er eflaust þreytandi. Ég veit hins vegar sjaldnast hvaða verkefni bíða mín og það er skemmtilegt. Starfið er líflegt og maður hittir marga,“ segir Grétar og bætir við að margt hafi breyst frá því hann byrjaði í starfinu. „Bílarnir hafa stækkað mikið og flutningatækninni hefur fleytt fram. Áður var allt lausavara og maður þurfti að tína allt í höndunum inn í bílana. Það tók kannski fjórar klukkustundir að ferma bílinn sem tekur 20 mínútur núna með rafmagnslyftum og öðrum hjálpartækjum,“ segir Grétar en bendir á að starfið reyni þó enn talsvert á þrekið.

Grétar sendist aðallega innanbæjar en hefur þó farið í ýmsar langar ferðir. „Árið 1993 fór ég alla leið til Korsíku. Ég hafði tekið að mér verkefni fyrir franska sendiráðið og þegar verslunarfulltrúi á þeirra vegum þurfti að flytja aftur til Frakklands leituðu þeir til mín með að koma búslóðinni í gám. Ég spurði hvort þeir vildu ekki bara að ég kæmi henni alveg á leiðarenda og gerði þeim tilboð sem þeir tóku,“ rifjar Grétar upp. Hann lagði af stað frá Reykjavík á sendibílnum sínum og ók til Seyðisfjarðar þar sem hann ók um borð í Norrænu. „Svo fór ég í land í Danmörku og ók þaðan niður til Parísar og skilaði hluta af búslóðinni af mér. Síðan hélt ég áfram niður til Nice og tók ferju til Korsíku, en þangað átti farmurinn að fara,“ segir Grétar, sem er sannfærður um að þetta hljóti að vera lengsta sendiferð í sögu íslenskra sendibílstjóra, enda tók hún heilan mánuð. *-þo*



Grétar flytur alls kyns farm fyrir fyrirtæki og einstaklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hestakerra og hjólhýsi í einum pakka sem Ingimar á Selfossi flytur inn. Heimasíðan hans er www.ib.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sérútbúinn húsvagn fyrir hesta og menn

**Hestamenn ferðast oft landshluta á milli með gæðinga sína, reiðtygi og viðleguútbúnað. Ingimar Baldvinsson, hjá IB ehf. á Selfossi, flytur inn hjólhýsi sem rúma þetta allt.**



Það er ekki dónalegt að hafa svona aðstöðu á hestamannamótunum.

Ingimar er að bjástra við að koma nýja lúxusvagninum sínum á götuna þegar ljósmyndara Fréttablaðsins ber að garði. Vagninn er með básum fyrir fimm hesta ásamt því að vera íbúð fyrir litla fjölskyldu með rúmum, eldunarútbúnaði, miðstöð og sturtu. „Ég er ekki farinn að nota vagninn en við erum að setja hann á númer eftir nokkra daga,“ segir hann ánægður.

Þetta er enn sem komið er eini vagninn sinnar tegundar á landinu en Ingimar hóf í fyrrahaust að flytja inn áþekka vagna sem rúma frá fimm upp í tíu hross. Auk þess er þar hugguleg kaffistofa með tveimur hellum, köldu vatni, litlum ísskáp, svefnplássi og miðstöð. Sjö slíkir eru komnir til landsins og sá áttundi er á leiðinni. „Vagnarnir eru sérhannaðir fyrir okkur í Ameríku og básarnir passa fyrir íslenska hesta,“ lýsir Ingimar. „Við breyttum vögnunum með því að mjókka þá og lækka þakið svo þeir tækju minni vind á sig. Auk þess látum við setja í þá ABS-bremsur sem evrópskar reglur kveða á um að séu notaðar.“

Ingimar kveðst hafa teiknað upp þær breytingar á amerísku vögnunum sem honum þótti við þurfa meðan hann var staddur hjá framleiðanda þeirra í Indiana. „Ég var bara með hönnuði fyrirtækisins í tvo daga við að sauma þetta saman. Hann var svo einstaklega jákvæður og sagði alltaf: „Já, ég get gert þetta,“ og stóð við það. Útkoman smáþróaðist í að verða svona glæsileg og nú er fyrirtækið farið að markaðssetja kaffistofuna ytra sem við létum hanna fyrir okkur.“

Ingimar segir vagnana það þunga að engin hætta sé á að þeir fjúki. En hvernig bíl skyldi fólk þurfa að eiga til að draga þá? „Amerískan Pickup og það vill svo til að hestamenn eiga flestir þannig bíla,“ segir Ingimar og upplýsir að vagnarnir kosti frá fimm til sjö milljónir, eftir gengi krónunnar. *-gun*



Verkfærataskan verður að vera við höndina. Þú veist aldrei hvenær þarf að negla nagla eða bora í veggi.




Vonandi slasarðu þig ekki í látunum en það er gott að hafa plásturinn tilbúinn.

# Allt við höndina

**Hvaða kassi er nú þetta? Veit einhver hvað þessi veggur er langur? Var ekki hamar hérna einhvers staðar? Þegar flutt er milli íbúða er mikilvægt að hafa röð og reglu á hlutunum. Nokkur einföld verkfæri ættu alltaf að vera til taks og það er pínlegt að gleyma að útvega nauðsynlega hluti eins og pappakassa. Hér eru nokkur atriði sem gott er að muna eftir.**



Kassar eru nauðsynlegir. Víða í verslunum má fá gefins kassa en svo má líka kaupa þá í öllum stærðum og gerðum.



Gott er að merkja alla kassa vel og vandlega og skrifa í hvaða herbergi þeir eiga að fara.



Límbandsrúllan er mikið þarfaþing þegar pakkað er ofan í kassa.



Málbandið kemur að góðum notum við flutninga. Þú gætir jafnvel þurft að mæla dyraopin til að vita hvort húsgögnin þín komist inn eða hvort þú neyðist til að kaupa ný.




# Grand

## RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkomnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 10 – 470 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir sem henta fyrir stórar sem smáar veislur. Frábær aðstaða fyrir stórsýningar, fjarfundi og beinar útsendingar.

**Við leysum málið**
– upplifðu fagmennsku í ráðstefnu- og veisluhöldum.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www. grand.is / radstefnur@grand.is

Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK




Dalery Rabek 1, lokuð boxkerra frá N1. Lengd 300 cm., breidd 155 cm og hæð 160 cm. Tveggja tíma leiga er 2.100 krónur og dagsleiga 3.950 krónur. Einnig er hægt að leigja í hálfan dag og yfir helgi.




Búslóðaflutningakerra frá BYKO, lokuð og þétt. Hálfur dagur kostar 4.560 krónur og heill dagur 9.120 krónur. Burðargeta kerrunnar er 750 kíló.

# Kerrur til flutninga

Fæstir eiga sendibíl eða kerru til að grípa í við flutninga. Víða er þó hægt að leigja sér kerrur af ýmsum stærðum, til dæmis þegar staðið er í búslóðaflutningum eða flytja þarf rusl í Sorpu. Varast skal að leigja of litla kerru ef flytja þarf mikið og þungt og einnig geta litlar vörutrillur komið sér vel við þungaflutninga upp og niður tröppur. Þá er hægt að leigja lokaðar kerrur þegar rignir, þannig að margt er í boði.



Vöru- og tröpputrilla frá BYKO. Hálfur dagur kostar 870 krónur og dagurinn 1.740 krónur. Einnig er hægt að leigja tröpputrilluna í viku á 4.350 krónur.



Variant 3504MR-tækjakerra frá N1, lengd 449 cm. og breidd 172 cm. Hún er leigð í tvo klukkutíma á 3.750 krónur. Dagsleiga er 8.500 krónur. Einnig er hægt að leigja kerruna í hálfan dag og yfir helgi. Upplýsingar um leiguverð á www.n1.is.



Þessa kerru frá Húsasmiðjunni er hægt að fá tveggja og þriggja metra langa. Hálfsdagsleiga á tveggja metra kerrunni eru 1.830 krónur en 3.140 krónur fyrir þriggja metra kerruna. Einnig er hægt að leigja þær í sólarhring, tveggja metra kerruna fyrir 3.294 krónur og þriggja metra kerruna á 5.652 krónur.



Tveggja hásinga kerra frá Húsasmiðjunni. Hálfur dagur kostar 4.290 krónur en sólarhringsleiga er á 7.722 krónur.






Huga þarf að stærð kassa og þyngd hlutasem á að pakka. NORDICPHOTOS/GETTY

## Góð ráð við flutninga

Þegar byrjað er að pakka niður komast margir fljótt að því hversu mikið þeir eiga og oft verður tilhugsunin um að koma öllum eigunum í kassa yfirþyrmandi. Ef tími gefst til er mjög gott að geta farið í gegnum allar eigurnar og gefið eða hent því sem ekki er notað. Hagnýtt viðmið er að henda flík eða hlut sem hefur ekki verið notaður í meira en ár og enginn hefur saknað.

Einnig skiptir miklu máli að pakka rétt í kassa. Ekki dugir að henda einhverju saman, heldur þarf að huga að stærð kassanna og þyngd hlutanna sem á að pakka, hvort þeir séu brothættir og þar fram eftir götunum.

Til dæmis skal nota litla kassa undir þunga hluti eins og bækur, leirtau, potta og pönnur eða stóra og brothætta skrautmuni. Þegar pakka á brothættum hlutum þarf að búa vel um þá. Til þess að spara pláss og pappír er sniðugt að nota tuskur, viskustykki og handklæði heimilisins til að pakka gler- og leirmunum inn í. Stærri kassar henta betur undir léttari hluti. - *kka*


LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA
PÓSTURINN
PÓSTURINN
SÍMI 580 1000
HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA
LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA
PÓSTURINN




## Er kominn tími til að úthýsa akstrinum?

Vörudreifing Pósthússins gæti verið með lausnina fyrir þitt fyrirtæki.
Pósthúsið býður upp á fjölmargar leiðir í vörudreifingu og
þar á meðal er boðið upp á:

- Sérhæfða vörudreifingu
- Hátt þjónustustig og fagleg vinnubrögð
- Heimsendingarþjónustu til fyrirtækja og einstaklinga
- Þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins
- Möguleikann á að fylgjast með stöðu sendingar frá upphafi til enda.

Pósthúsið hefur þróað og innleitt nýtt tölvukerfi sem gefur yfirlit yfir rauntímastöðu sendinga. Það þýðir að hægt er að fylgjast með stöðu sendingar í rauntíma, frá því hún er sótt og þar til afhending á sér stað.
Hægt er að velja um fastar viðkomur, komur eftir pöntun, hraðafgreiðslu eða tímatengda afgreiðslu.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar Pósthússins í síma 585 8330.

Pósthúsið ehf I Suðurhraun 1 I 210 Garðabær I s: 585 8300

Pósthúsið




Þorgeir Jóhannsson, rekstrarstjóri Geymslna, segir geymslurnar nýjan valkost í þjónustu á Íslandi sem sífellt fleiri einstaklingar og fyrirtæki nýti sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eigurnar á öruggum stað

Geymslur bjóða upp á fjölmargar geymslulausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Fyrirtækið er til húsa á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, annars vegar í Miðhrauni 4 í Garðabæ og hins vegar á Fiskislóð 11 í Reykjavík. Samtals er um að ræða yfir 6.000 fermetra geymsluhúsnæði með um 700 geymslum, sem eru frá einum fermetra og upp úr.

„Viðskiptavinir okkar eru bæði einstaklingar og fyrirtæki og nýtir fólk geymslurnar með margs konar hætti. Í þeim eru geymdar búslóðir, bókhaldsgögn og skjöl, lagerar og margt fleira,“ segir Þorgeir Jóhannsson, rekstrarsjóri Geymslna, og nefnir dæmi um hvernig geymslurnar eru nýttar. „Þær geta hentað smærri fyrirtækjum sem eru að hefja rekstur. Þá er hægt að geyma lager eða önnur gögn hjá okkur í stað þess að fjárfesta í stóru verslunar- eða skrifstofuhúsnæði. Eins hafa einstaklingar nýtt geymslurnar í stað þess að fjárfesta í stærra húsnæði.“

Fólk hefur ótakmarkaðan aðgang að geymslunum á opnunartíma og fær það lás og lykil. „Húsin eru upphituð, búin brunavarnarkerfi, þjófavarnarkerfi, vatnsskynjara í gólfum og eftirlitsmyndavélum, og ætti fólk því að vera öruggt um eigur sínar,“ segir Þorgeir. Lágmarks leigutími á geymslunum er einn mánuður og er mánaðar uppsagnarfrestur. Minnstu geymslurnar kosta frá 3.990 krónum í skammtímaleigu en afsláttur er veittur af langtímaleigusamningum. *- ve*


**Flytjum allt milli himins og jarðar til og frá Snæfellsnesi**

Nánari upplýsingar og verðtilboð sími 892 1817

Opnunartími skrifstofu: kl.8:30 til 12:00 og 13:00 til 16:00

Sími skrifstofu 430 8100. Fax 430 8101

RAGNAR & ÁSGEIR EHF.

STYKKISHÓLMI - GRUNDARFIRÐI - SNÆFELLSBÆ

Iðavöllum 10 230 Reykjanesbær | Iceland | sími 421 5452 | icebike@icebike.is










***Komdu og skoðaðu úrvalið og gíraðu þig upp hjá okkur!***

lyfta.is

**BYGGÐAR TIL AÐ ENDAST**



## THULE 2300S

*Öflug undir sleðann eða fjórhjólin!*
Innanmál: 301 x 153 x 40 cm
Heildarþyngd: 750 kg
Burðargeta: 408 kg
Dekk: 13"

**VERÐ**
**220.000,-**

## THULE 1205S

*Vinsælasta heimiliskerran!*
Innanmál: 203 x 116 x 35 cm
Heildarþyngd: 750 kg
Burðargeta: 600 kg
Dekk: 13"

**TILBOÐSVERÐ**
**113.000,-**





## THULE 3205S

*Opnanlegur framgafl!*
Innanmál: 204 x 142 x 35 cm
Heildarþyngd: 750 kg
Burðargeta: 600 kg
Dekk: 10"

**TILBOÐSVERÐ**
**125.000,-**

YFIRBREIÐSLA OG NEFHJÓL FYLGJA MEÐ

# 1205S, 1205P & 3205S

MEIRA ÚRVAL Á WWW.THULETRAILERS.IS

**Lyfta innflutningsverslun ehf** · Njarðarbraut 3a · 260 Reykjanesbær.
Sími: 421 4037 · Fax: 421 7776 · thule@thuletrailers.is · www.thuletrailers.is

THULE® SWEDEN

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

**Ég er á LR-heilsukúrnu**
Orka, vellíðan og kílóin fjúka. Vertu með!!!!! Uppl. Kristína 869 2024 & 894 0045. www.dietkur.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

NUDD Heilnudd, slökun og vellíðan (ekki erótískt) S: 690-8876

Whole body massage Telepone 841 8529.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

3 fallegir svartir skenkar til sölu með granítplötum ofaná,15.þús.upplýsingar 6954606 eða audur_kristin@hotmail.com

## Dýrahald



Púðar , Snyrtiborð , Blásarar , Ódýr Búr . Nýjar vörur www.liba.is



Boxer hvolpar til sölu, afhendast ættbókfærðir frá Íshundum og heilsufarsskoðaðir. Uppl. í s. 456 1510 & 847 0606 & 869 7612. skessa126@simnet.is myndir inná boxer.bloggar.is Erum í Rvk.

Am.Cocker Spaniel hvolpar til sölu með ættbók frá HRFÍ. Tegundin er blíð og henta vel sem fjölskylduhundar. Nánari uppl. á www.draumora.com eða í s.696 4488.

3 gullfallegir kettlingar, kassavanir fást gefins. S. 567 2500 & 690 2500.

Til sölu 2 hamstar í sitthvoru búrinu. S. 845 9123 efir kl. 18.00.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta

HVALALÍF



**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

## Gisting



**TILBOÐSVERÐ Á LEIGU**
**Sumarhús, Spánn.**
Vegna forfalla getum við boðið lausar vikur til 11.06.08 á sérstaklega góðu verði. Uppl. S: 695-9500/822-9520 eða á www.zamaris.piczo.com

## Hestamennska



Leðurjakkar kr. 29,950 svartir og brúnir. Leðurbuxur kr. 23.500 og kr. 23.950 svartar og brúnar.

Tito.is - Súðarvogi 8 - Gsm 861-7388

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

Til leigu 4 herb. 108 fm. íb. á Seltjarnarnesi. Leigist í amk. eitt ár, verð 160 þús m. hita og hússj. Uppl. 897 3525 Jón.

**Íbúðir til leigu**
Skrifstofa Leigulиða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða 517-3440.

Til leigu 50 fm. íbúð í Sandgerði með sérinngangi (neðri hæð í tvíbýli). Leiguv. 60 þ. S. 860 3574.

Rúmg. 2 herb. íb. í Mosó. Laus strax. V. 100 þ. Leigis til 15. sep. S.564 3569 & 694 1331.

Jöldugróf (108). 2 íbúðir ein í lengri og hin skemmri tíma frá 1 júní. S. 863 8892.

54 fm, 2. herb. íb á neðri hæð í einbýli í Hafnarf. Sér inng. Leigist reglus. einstakl eða pari á kr. 95.000.- með hita og rafm. Laus 1 júní. Uppl. í síma 822 1216.

Góð 2. herb. Íbúð í Vesturbæ 107 Rvk. Laus nú þegar. Leigu verð 120 þ. á mán. innifalið hússjóður og hiti. bankaáb./tryggingavíxill skilyrði. Uppl. í s. 898 1188.

78 fm íbúð til leigu. 3 herbergi. 201 kóp. V. 150 þ. 2 mán fyrirframgreiðsla. S. 8673399.

Til leigu ca. 40m2 studió íbúð í Grafarvogi. Skilyrði er reglusemi. Fyrirspurnir sendist á netf. drifa@islandia.is

Ný 98 fm íbúð í Grafarholti til leigu. Uppþvottavél í eldhúsi og parket á gólfum. Þvottahús inn í íbúð. Leiga 140.000 á mánuði. Uppl. í 898 8522

115fm 4.herb sérhæð í Ártúnsholti í Rvk. Leiga 165 þ. Laus strax. Magni 8686647.

## Húsnæði óskast

Ungt par óskar eftir 2ja herb. íbúð í hfj. sem fyrst. S. 868 4003.

Mjög snyrtileg eldri kona sem vinnur við umönnun vantar rúmgott herb. til leigu frá og með 7 jún. Helst í Kóp eða nágerni. S. 846 5319.

## Sumarbústaðir



**Sumarhús í Grímsnesi**
Fallegur 91,5 fm. sumarbústaður á 8.927 fm. eignarlóð í Grímsnes- og Grafningshreppi með flottu útsýni. Öll skipti skoðuð atvinnuhúsnæði, bilar og fl. Uppl. s. 697 9003 eða 891 8543.



**Til sölu 90 fm. sumarhús til flutnings.**
Afhendist fullbúið að utan, fulleinangrað og plastað að innan. Gott staðgreiðsluverð. Uppl. í s. 695 9500.

Til sölu sumarbústaður við Meðalfellsvatn. S. 694 1862.

**Sumarbústaður óskast í sumar!**
Óska eftir að leigja sumarbústað í Grímsnesi eða við Flúðir í sumar. Aðeins vandaður og góður bústaður kemur til greina. Hef áhuga á fastri leigu talsverðan hluta af sumrinu gegn góðri greiðslu. Uppl. í s. 825 7221.

**Húsafell**
Sumarbúst. á besta stað í Húsafelli til leigu í sumar. Uppl. í s. 895 6156. Geymið auglýsinguna.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofur til leigu með aðgang að fundaraðstöðu á sv. 104. Gott útsýni. Uppl. í s. 698 3211.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

## ATVINNA

**Kennara vantar**

Kennara vantar að Grunnskólanum í Breiðdalshreppi næsta skólaár. Meðal kennslugreina: íþróttir, danska og almenn kennsla.

Leitað er að réttindakennurum.

Upplýsingar veitir skólastjóri í síma 470-5571.
Netfang skóla: skoli@breiddalur.is

**Umsóknarfrestur til 29. maí.**

ie Icelandexcursions www.icelandexcursions.is Allrahanda GRAY LINE

Óskum eftir að ráða í nokkur störf bifreiðarstjóra með rútupróf. Um er að ræða bæði framtíðarstarf og sumarafleysingar.

Góð tungumálakunnátta æskileg.

Nánari upplýsingar gefur Rúnar í síma: 540 1303 / 660 1303 eða netfang: runar@iea.is

Iceland Excursions Allrahanda er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki og ferðaskrifstofa í örum vexti. Fyrirtækið kappkostar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi.
Við leitum að drífandi einstaklingum sem vilja verða hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.

## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

# AÐALFUNDUR




Aðalfundur Heyrnarhjálpar verður haldinn 28. maí nk kl 20.00 í húsnæði félagsins Langholtsvegi 111.

**Venjuleg aðalfundarstörf.**
**Önnur mál.**

Gestur fundarins er Helga Vala Helgadóttir og ræðir hún um sjálfstyrkingu og félagsþátttöku.

**TÓNMÖSKVI – RITTÚLKUR – KAFFI.**

**Mætið vel. Stjórnin**

## UPPBOÐ

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, mánudaginn 19.maí 2008 kl. 10:00 á eftirfarandi eignum:**

Garðarsbraut 44, fnr. 215-2620, 640 Húsavík, þingl. eig. Ásgeir Guðmundsson, gerðarbeiðendur Borgun hf, Dreifing ehf, Forlagið ehf, Iðnmark ehf, Item ehf og Sýslumaðurinn á Húsavík.

Garðarsbraut 69, fnr. 215-2673, 640 Húsavík, þingl. eig. Friðrik Atli Sigfússon, gerðarbeiðendur Garðarsbraut 69 húsfélag og Norðurþing.

Garðarsbraut 69, fnr. 215-2676, 640 Húsavík, þingl. eig. Friðrik Atli Sigfússon, gerðarbeiðendur Garðarsbraut 69 húsfélag og Norðurþing.

Lautavegur 8, fnr. 227-1586, 641 Húsavík, þingl. eig. Verktakafélagið Steinholt ehf, gerðarbeiðendur Glitnir banki hf, Íbúðalánasjóður og Sýslumaðurinn á Húsavík.

Lautavegur 8, fnr. 227-1587, 641 Húsavík, þingl. eig. Verktakafélagið Steinholt ehf, gerðarbeiðendur Glitnir banki hf, Íbúðalánasjóður og Sýslumaðurinn á Húsavík.

Röndin 13, fnr. 222-7271, 670 Kópaskeri, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðandi Norðurþing.

Syðri-Bakka eignarhluti gerðarþola, fnr. 154119, Kelduneshreppi, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík.

Vesturvegur 7, frn. 216-7953, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Sumarrós Kristín Jóhannsdóttir og Þorleifur Hannes Sigurbjörnsson, gerðarbeiðendur Leifur Árnason og Sparisjóður Rvíkur og nágr,útib.

Sýslumaðurinn á Húsavík
13. maí 2008.

**Nauðungarsala til slita á sameign - Húsavík**

Byrjun uppboðs vegna beiðni um nauðungarsölu til slita á sameign skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/1991, fer fram á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, mánudaginn 19. maí 2008, kl. 10.00, hafi hún ekki verið felld niður.

Heiti eignar: Höfði, fastanr. 216-3058, Skútustaðahreppi.

Gerðarþolar: Laufey Sigurðardóttir og Guðrún Theódóra Sigurðardóttir.

Gerðarbeiðandi: Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir.

Sýslumaðurinn á Húsavík
13. maí 2008.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Byggingarfyrirtæki óskar eftir verktökum, smiðum og mönnum vönum byggingarvinnu. Mjög mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 893 0174 og 864 7414.**

**Poszukujemy pracowników powyzes 25 lat. Z doswiadczeniem drzy.**
**-Panele**
**-Beton**
**-Gegips**
**Numer Kontaktowy: 861 2815, Karol.**

**Aðstoðarmaður í eldhúsi**
**Óskum eftir að ráða hressan og duglegan starfsmann í eldhús. Íslenskukunnátta skilyrði. Lágmarksaldur 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. s. 893 2323.**

**Helgarvinna**
**Starfsfólk óskast í NK Kaffi Kringlunni laugardaga og sunnudaga. Uppl. á staðnum og í s. 568 9040 & 693 9091.**

Gallerý fiskur

Þjónustufólk óskast í sal!

Þjónustufólk óskast í sal
í vaktavinnu fim.- lau.
Vinnutími 17:30 - 22:00
Ein vakt aðra vikuna,
tvær vaktir hina vikuna.

Uppl. í s. 587 2882
& 869 4443, Kristófer

**Ræstingar**
**Ræstingaþjónustan sf leitar að fólki til kvöldræstingar víða á höfuðborgarsvæðinu.**
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 821-5054.**

**Afleysingar**
**Ræstingaþjónustan sf leitar að fólki til afleysinga í ræstingu. Framtíðarstörf í boði.**
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 821-5059.**

**Skalli Hraunbæ aukavinna**
**Vantar hresst og dulegt starfsfólk í kvöld og helgarvinnu í sumar.**
**Uppl. í s. 567 2880 alla virka daga til kl. 17.**

**American style Hafnarfirði**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu að vinna fyrir rótgróinn vinnustað og sæktu um á americanstyle.is

Óskum eftir að ráða duglega verkamenn til starfa. Mikil vinna. Uppl. í s. 893 3915.

Vanir smiðir óskast til vinnu. Uppl. í s. 899 7883.

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í sal, einnig uppvask. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið, Lækjargötu 8, sími. 551 1014.

**Sumar/Framtíðarstarf strax**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára, verður að hafa bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

**HENDUR.IS**
Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Tölvuumsjónarmaður, bílasmiður, rekstrarstjóri, skjala- og upplýsingastjóri, kranamenn, tryggingafulltrúi, afgreiðslufólk, bifvélavirki, pípulagningamenn, þjónusta í sal á veitingastað, starf í þjónustuborði o.fl.

**Sveitastörf**
16-40 ára starfskraft vantar strax til aðstoðar í sauðburð & önnur störf. Uppl. í s. 865 8104.

**Starfskraftur óskast**
Lipur og reglusamur starfskraftur óskast til sumarafleysingastarfa í byggingavöruverslun í miðborginni. Uppl. í s. 552 4321

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

## TILBOÐ ÓSKAST

**Utanhússmálun og viðgerðir**
# Laugavegur 44
Tilboð óskast í málun, viðgerðir og breytingar á húseigninni að Laugavegi 44, Reykjavík.
**Útboðsgögn og upplýsingar veittar á skrifstofutíma** hjá Ólafi í síma 5511665, oli@danica.is

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV

## Sandblástur og Málun

Vinnslustöðin hf Vestmannaeyjum óskar eftir tilboði í sandblástur og málun á hráefnis og lýsistönkum fyrirtækisins í Vestmannaeyjum.

Verkinu skal að fullu lokið 10. Águst 2008.

Útboðsgögn verða afhent á Teiknistofu Páls Zóphóníassonar ehf , Kirkjuvegi 23 Vestmannaeyjum, frá og með þriðjudeginum 13.mai 2008.

Tilboð merkt "Sandblástur og málun" skal skila á Teiknistofu P.Z. kirkjuvegi 23 í Vestmannaeyjum eigi síðar en fimmtudaginn 22.mai 2008 kl.14.00 og verða opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda, sem þess óska.

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

Aðalfundur Skotfélags Kópavogs verður haldinn fimmtudaginn 15. maí kl. 20.00 í húsi félagsins.

### Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Ung kona með mjög fína rödd vill heyra í karlmanni, ekki eldri en 35 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8743.

Hljóðritun: flott kona með leiktæki. Hér er sko handagangur í öskjunni! Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8495.

Spjallaðu við yndislegu dömurnar á Rauða Torginu. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? Sími 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## TILKYNNINGAR

Reykjavíkurborg

# Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 28. júní 2008

Yfirkjörstjórnir Reykjavíkurkjördæma suður og norður koma saman til fundar í Ráðhúsi Reykjavíkur, fimmtudaginn 22. maí kl. 14.00, til að gefa vottorð um meðmælendur forsetaframboða, skv. 4. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör til forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur, ef unnt er, skili meðmælendalistum með nöfnum meðmælenda úr Reykjavíkurkjördæmum suður og norður til trúnaðarmanna yfirkjörstjórna, Ólafs Kr. Hjörleifssonar og Gunnars B. Eydal, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík, þriðjudaginn 20. maí, svo unnt sé að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnanna.

Reykjavík, 13. maí 2008,

F.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður
Sveinn Sveinsson

F.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður
Erla S. Árnadóttir

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Geitháls- Nesjavallalína 2. Lagning 145 kV jarðstrengs.

**Borgarráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 varðandi 145 kV jarðstreng frá Nesjavallavirkjun að spennustöðinni í Geithálsi.** Um er að ræða niðurgrafinn rafstreng sem liggur á 1,1 km kafla innan marka Reykjavíkur. Jarðstrengurinn mun liggja um Hafravatnsveg, við mörk Mosfellsbæjar, til vesturs sunnan Sogslínu 2, að aðveitustöð Landsnets í Geithálsi.
Tillagan, ásamt umhverfisskýrslu, var auglýst og var til sýnis í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs og á vefsvæði sviðsins, frá 30. janúar 2008 til 12. mars 2008. Athugasemdafrestur rann út þann 12. mars 2008. Engar athugasemdir bárust. Borgarráð, að undangenginni afgreiðslu skipulagsráðs, hefur afgreitt tillöguna. Breytingartillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu hennar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu borgarráðs geta snúið sér til skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar.

Skipulagsstjórinn í Reykjavík.

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

### Staðahverfi og golfvöllur við Korpúlfsstaði
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Staðahverfi að því leiti að sá hluti sem nær yfir syðri hluta golfvallar fellur úr gildi og deiliskipulagið minnkar sem því nemur. Einnig er gerð breyting á deiliskipulagi fyrir golfvöllinn við Korpúlfsstaði sem felst m.a. í að bætt er við níu golfbrautum sem laga sig að núverandi landi og staðháttum. Austast, næst Blikastaðavegi, er jarðvegsfylling sem mótuð verður undir golfbrautir. Hvergi verður gengið á trjágróður sem fyrir er. Einnig verður afmarkað svæði fyrir kennslu- og æfingavöll og tveimur byggingareitum fyrir annars vegar ræsishús og hins vegar efnisgeymslu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Klettháls 13 og 15
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Klettháls vegna lóðanna að Klettshálsi 13 og 15 sem felst m.a. í því að lóðir eru stækkaðar. Einnig er gerð breyting á skilmálum þar sem segir að heimilt verði að byggja bílakjallara og telst flatarmál hans ekki með í nýtingarhlutfalli lóðanna. Byggingareitur bílakjallara afmarkast af lóðarmörkum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Furugerði 1
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Furugerði 1 sem felst m.a. í því að níunda hæð hússins hækkar og stækkar. Fjölgun verður á íbúðum úr sjötíu í sjötíu og sex og bætt við sjö nýjum bílastæðum þ.e. einu fyrir hverja nýja íbúð og einu fyrir starfsmann.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 14. maí 2007 til og með 25. júní 2008**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is.*** Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 25. júní 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 14. maí 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## VANTAR ÞIG
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?**

Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu. Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

## Smiðir
Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

## Múrarar
Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

## PÍPARAR
Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu

**Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf**

## ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR



*Kynnisferðir ehf. óska eftir að ráða í eftirtalin störf á verkstæði fyrirtækisins sem fyrst:*

- *Bifvélavirki eða maður vanur viðgerðum.*
- *Aðstoðarmaður á verkstæði, þarf helst að hafa aukin ökuréttindi.*
- *Bifvélavirkjar til að vinna á kvöld- og helgarvöktum, fullt starf.*

*Starfsstaður er bifreiðaverkstæði Kynnisferða ehf. Vesturvör 34 í Kópavogi.*
*Umsóknir sendast á rekstrarstjóra sem fyrst, eða á netfangið agnar@re.is.*

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

BSÍ / 101 Reykjavík / Sími 562-1011 / main@re.is / www.flybus.is

## SUMARVINNA OG SLÁTTUR
Garðaumhirða óskar eftir að ráða nokkra harðduglega starfsmenn í slátt ofl. í Reykjavík. Þurfa að hafa bílpróf.

Einnig vantar 3 starfsmenn með traktorspróf sem hafa reynslu af slætti á stærri traktorum.

Einnig vantar okkur nokkra starfsmenn í slátt í Reykjanesbæ.

**Upplýsingar í s. 821 2676 á milli kl. 16:30 og 18:00**

## Meiraprófsbílstjóri
**Óskum að ráða meiraprófs-bílstjóra með vinnuvéla-réttindi til þess að vinna á 120 tonnmetra vörubíls-krana. Upplýsingar hjá Arnari í síma 892 7674.**

G-5 KRANAAFGREIÐSLAN EHF.

**G5 Kranaafgreiðslan ehf. - Fiskislóð 79 - 101 Reykjavík**





## Sumarafleysingar
## hjá Húsasmiðjunni

### Bílstjóri með meirapróf

- **Viljum ráða afleysingabílstjóra í sumar**

Leitum að ábyggilegum einstaklingi með reynslu af akstri bifreiða með tengivagni

Meirapróf og tengivagn er algjört skilyrði

Mikilvægt að viðkomandi hafi ríka þjónustulund

Reynsla af kranavinnu er kostur

Umsóknir berist fyrir 17. maí n.k. Nánari upplýsingar veitir Sigurður Svavarsson, rekstrarstjóri í síma 660 3197, **www.sigurds@husa.is.** Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, **www.husa.is.**

**Húsasmiðjan fyrir alla**

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er, sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

**Um Húsasmiðjuna**

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.




IH ICELANDAIR HOTELS

## Tæknimaður óskast

**Verksvið**
- Tæknilegur undirbúningur og frágangur fyrir fundi og aðra viðburði.
- Yfirseta yfir fundum og öðrum viðburðum.
- Tilboðs og áætlunargerð fyrir fundi og aðra viðburði.
- Þjónusta við ytri og innri viðskiptavini
- Viðhald og eftirlit með tæknibúnaði fundar og veislusala.
- Ýmis verkefni fyrir Tæknistjóra.
- Aðstoð við önnur verkefni á hótelinu.

**Hæfniskröfur**
- Iðnnám og/eða stúdentspróf.
- Sjálfstæði, skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Snyrtimennska, kurteisi, þjónustulund.
- Alhliða tækni- og tölvukunnátta ss. hljóðkerfi, myndvarpar og flatskjáir, stýrikerfi og office hugbúnaður.
- Tala og rita íslensku og ensku. Önnur tungumál eru kostur.

Umsóknir sendast til ráðstefnustjóra umsoknir@icehotels.is fyrir 19. maí.

Hótel Loftleiðir er 220 herbergja 4 stjörnu hótel með fjölbreytta veitingar og ráðstefnuaðstöðu. Hótel Loftleiðir er hluti af Flugleiðahótelum hf.



## Spáin er góð!

Stöð 2 leitar að fjölhæfri manneskju í afleysingar við veðurspáagerð og flutning veðurfrétta á Stöð 2. Aðallega er um helgarvinnu að ræða.

Hæfniskröfur:
- góð og heillandi framkoma
- rödd sem hentar ljósvakamiðlum
- framúrskarandi jákvæðni
- háskólamenntun á sviði raunvísinda er skilyrði

Sótt er um á vef 365 miðla - http://www.365midlar.is/Um-365/Storf-hja-365.

Stöð 2 er frumkvöðull á sviði veðurfrétta í sjónvarpi. Fjórir sérfræðingar vinna þar að flutningi veðurfrétta. Stöðugt er unnið að framþróun og leitast við að gera veðurupplýsingarnar sem aðgengilegastar fyrir notendur með eins myndrænum hætti og kostur er. Ítarlegar veðurfréttir eru fyrir útlönd og fróðleiksmolar fyrir almenning á sviði náttúruvísinda svo eitthvað sé nefnt.

2 | 2 SPORT | BYLGJAN 989 | FRÉTTABLAÐIÐ | vísir.is | 365

# Þjóðarsjóður

UMRÆÐAN
Jóhann J. Ólafsson skrifar um efnahagsmál


JÓHANN J. ÓLAFSSON

Hugmyndin um þjóðarsjóð er ekki á réttum tíma. Ef við myndum safna í þjóðarsjóð núna myndi það aðeins dýpka þá kreppu, sem við erum að fara í gegnum í þessum skrifuðum orðum. Við ættum að vera að taka út úr slíkum sjóði í þeim efnahagslegu þrengingum, sem nú fara yfir, ef hann væri til.

Þessi sjóðshugmynd er einni gósentíð of seint á ferðinni. Það er auðvitað rétt hjá Geir H. Haarde forsætisráðherra að skuldlaus ríkissjóður er ígildi varasjóðs fyrir þjóðina. Það eru líka til margs konar varasjóðir í eigu landsmanna, en þeir eru flestir eyrnamerktir sérstökum hlutverkum.

Lífeyrissjóðir ásamt séreignarsjóðum eru varasjóðir gegn minnkandi aflahæfi ellinnar. Tryggingastofnun ríkisins er varasjóður vegna sjúkdóma, elli, slysa o.þ.h. Atvinnuleysissjóður gegn atvinnuleysi. Ofanflóðasjóður og viðlagasjóður gegn náttúruhamförum. LÍN Lánasjóður íslenskra námsmanna og Íbúðalánasjóður ríkisins eru öflugir sjóðir.

Tryggingafélög eru með digra varasjóði gegn alls kyns vá, óhöppum og slysum. Flestir þessara sjóða eru því marki brenndir að eigendur þeirra eru mjög ógreinilegir, stundum ríkissjóður, sveitafélög eða önnur félög, eða sjálfseignarstofnanir eins og lífeyrissjóðirnir. Nokkurs konar fé án hirðis. Nú er spurningin sú hvort nauðsynlegt sé að koma upp enn einum sjóðnum, og það engri smásmíði, sem fari sömu leið og allir hinir sjóðirnir. Mætti ekki alveg eins koma upp varasjóði hjá hverjum og einum á þann hátt að ríkið örvaði sjóðsmyndun hjá sérhverjum með skattaívilnunum?

Á þenslutímum örvaði ríkið fyrirtæki og einstaklinga til að leggja í varasjóð með skattívilnunum. Þegar að kreppti féllu þessar ívilnanir niður svo að drægi úr söfnun og eigendur notuðu sjóðinn til að jafna efnahagssveiflurnar. Heildareignir allra í slíkum sjóðum væru svo birtar af Hagstofu Íslands og gengi heildarupphæðin undir nafninu Þjóðarsjóður.

Menn nefna í þessu sambandi olíusjóð Norðmanna sem fyrirmynd. Sannleikurinn er hins vegar sá, að lífeyrissjóðir Íslendinga eru hlutfallslega stærri en norski olíusjóðurinn. Íslendingar eru í fyrsta sæti hvað varðar lífeyriseign á mann (Hollendingar eru í öðru sæti). Mikið var rætt um fátækt í fyrra. Það er spurning hvort öll þessi sjóðasöfnun komi ekki verst niður á hinum efnaminni. Væri ekki betra að hinir efnaminni ættu meira af þessu fé sjálfir í stað þess að safna þessu í sjóði, sem þeir fá "kannski" greitt úr. Stærstur hluti sjóðanna eru millifærslur til og frá til manna með meðaltekjur, þannig að þeir standa á núlli. Tekjuhæstu mennirnir sem síst þurfa á greiðslum að halda drýgja þannig háar tekjur sínar, en tekjulægsta fólkið fær oftast of lítið.

Er ekki hægt að gera einstaklingana virkari í þessum sjóðum öllum svo menn geti betur fylgst með því hvernig hlutirnir gerast?

Væri ekki hægt að jafna efnahagslega stöðu manna „neðan frá" með því að greiða hinum efnaminni höfuðstól í staðinn fyrir bætur, lán og styrki, a.m.k. jafnframt? Menn hafa of miklar áhyggjur af hinum efnameiri. Það er óþarfi. Margir hinna framsæknu efnamanna eru drifkrafturinn í efnahagslífinu. Eins og tónskáldið Richard Wagner sagði um stjórnun tónlistar: „Hugsið vel um litlu nóturnar, stóru nóturnar sjá um sig sjálfar og koma á eftir."

*Höfundur er heildsali.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Efnahagsvandinn leystur með pennastriki

**Steinunn Steinþórsdóttir námsmaður skrifar:**

Útlitið er svart í heiminum í dag og ekki er Ísland undanskilið því. Ráðamenn og hugsandi fólk reynir að úthugsa lausn á málunum en fáir virðast huga að því augljósa, kletti okkar Íslendinga; sjávarútveginum. Ef ég væri sjávarútvegsráðherra í dag þá myndi ég leysa efnahagsvanda Íslendinga með einu pennastriki. Já, svo auðvelt væri það.

Hvernig? Jú, með því að auka þorskveiðiheimildirnar um 150 þúsund tonn strax í dag! Það eitt myndi bæði bæta efnahag og sálarlíf fólks út um allt land og draga fram bjartsýnisandann þar sem viðskiptahallinn myndi minnka með auknum útflutningi. Gjaldeyristekjur þjóðarinnar myndu aukast og er það ekki það sem við þurfum í dag? Engin áhætta og enginn tilkostnaður! Er nokkur auðveldari leið en þetta? Öll þjóðin myndi njóta góðs af og hugsið ykkur margfeldisáhrifin sem þetta myndi leiða af sér!

Í dag er ástandið á miðunum þannig að elstu menn muna ekki eftir annarri eins fiskgengd og hafa jafnvel orð á því að það sé hægt að ganga Breiðafjörðinn þurrum fótum þar sem hann sé troðfullur af fiski. Sjómenn geta ekki athafnað sig við veiðar á ýsu og öðrum fisktegundum vegna mikillar þorskgengdar en Hafró boðar útdauðum stofni; hvað veldur? Hvort það er vitlaus tími rannsókna eða bara röng aðferð greininga á fiskistofnum í sjónum er ei auðvelt að svara. En allir sem migið hafa í saltaðan sjó eru sammála því að nóg sé af fiskinum. Þetta er lausn fyrir þjóðfélagið allt í heild sinni. Eykur útflutning og skapar gjaldeyri, minnkar viðskiptahallann og, síðast en ekki síst, eykur tiltrú og bjartsýni fólks á lífið og tilveruna. Bara eitt pennastrik: auka þorskveiðiheimildirnar um 150 þúsund tonn. Jákvætt spor í rétta átt. Áhættan er engin!





**Vor í Kaupmannahöfn!**

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

**Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com**

COME 2 SCANDINAVIA
Sími: +45 3325 6425 • Netfang: info@come2scandinavia.com

**LÚXUS** | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina


**BMW 520I**
Nýskr: 06/2004, 2200cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 69.000.
**Verð 4.150.000**


**BMW X5 Diesel**
Nýskr: 06/2005, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 49.000.
**Verð 6.090.000**


**LR DISCOVERY 3 Diesel**
Nýskr: 10/2005, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 51.000.
**Verð 5.800.000**


**LR FREELANDER Diesel**
Nýskr: 04/2007, 2200cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 16.000.
**Verð 5.400.000**

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

**SOFIA COPPOLA KVIKMYNDALEIKSTJÓRI ER 37 ÁRA.**

*„Listir og kvikmyndir eru mikilvæg fyrirbæri í minni fjölskyldu og þar þótti sjálfsagt að rækta þá hæfileika. “*

***Sofia Coppola hefur sent frá sér myndir á borð við The Virgin Suicides, Marie Antoinette og Lost in Translation, en fyrir þá síðastnefndu fékk hún Óskarsverðlaun fyrir handrit árið 2004.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. MAÍ 1970

## *Rauðu herdeildirnar stofnaðar*




Rauðu herdeildirnar var nafn vinstrisinnaðra þýskra hryðjuverkasamtaka öfgamanna. Þau urðu til í Vestur-Þýskalandi snemma á sjötta áratug síðustu aldar, en voru formlega lögð niður árið 1998.

Samtökin stóðu fyrir fjölda hryðjuverka, sprengjutilræða, íkveikja, bankarána, mannrána, gíslatöku og morða á áberandi stjórnmálafólki, embættismönnum og viðskiptafólki í Þýskalandi. Árið 1977 ollu samtökin mikilli ringulreið í þýsku samfélagi vegna þessara voðaverka og er það talið eitt versta tímabil samtakanna. Fyrirmyndir Rauðu herdeildarinnar voru meðal annars vinstrisinnaðir suður-amerískir öfgahópar, og má þar nefna Tupamaros í Úrúgvæ.

Markmiðið var að beita vopnum í baráttu við „kerfið", kapítalismann og amerískan imperíalisma. Einnig héldu þeir fram að NATO-löndunum, sérstaklega þáverandi Vestur-Þýskaland, væri stjórnað af fasistum. Aðalsprautur samtakanna voru Andreas Baader og Ulrike Meinhof, en undir því nafni gengu einnig samtökin: Hryðjuverkasamtökin Baader-Meinhof. Flestir forsprakkarnir náðust og árið 1977 skýrðu yfirvöld frá því að Meinhof hefði svipt sig lífi. Í kjölfarið fylgdi Baader sömu leið. Eini upphaflegi meðlimur samtakanna sem er á lífi er Irmgard Möller.

## MERKISATBURÐIR

**1643** Loðvík XIV tók við völdum í Frakklandi fjögurra ára gamall.

**1912** Friðrik VIII Danakonungur fannst látinn í Hamborg. Það var ekki fyrr en daginn eftir að menn áttuðu sig á því hver þetta væri. Kristján X, sonur hans, tók við krúnunni.

**1919** Átta klukkustunda vinnudagur var lögfestur í Danmörku.

**1955** Varsjárbandalagið er stofnað í Varsjá í Póllandi. Stofnríki voru: Sovétríkin, Pólland, Austur-Þýskaland, Tékkóslóvakía, Ungverjaland, Rúmenía, Búlgaría og Albanía. Tilgangur þess var að vera mótvægi við Atlantshafsbandalagið (NATO).



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við fráfall móður okkar,*

**Sigríðar G. Schiöth.**

Starfsfólk á dvalarheimilinu Hlíð fær alúðarþakkir fyrir kærleiksríka umönnun. Allir sem önnuðust tónlistarflutning við útför hennar fá einnig hjartans þakkir. Guð blessi ykkur öll.

| | |
|---|---|
| Reynir Schiöth | Þuríður Schiöth |
| Margrét Schiöth | Árni Sigurðsson |
| Valgerður Schiöth | Gunnar Jónasson |

og fjölskyldur.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurveig Sigurðardóttir**

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands föstudaginn 9. maí. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 24. maí kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| Sverrir Hjaltason | Guðrún Eyja Erlingsdóttir |
| Sigurður Hjaltason | Aagot F. Snorradóttir |
| Anna Hjaltadóttir | Guðmundur Þorsteinsson |
| Þorvarður Hjaltason | Ólafía Sigurðardóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hjörleifur Þórðarson**

Skógarseli 17, Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 4. maí. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 11-E. Útförin fer fram 15. maí kl. 13.00 í Bústaðakirkju.

Jensína Guðrún Magnúsdóttir

| | |
|---|---|
| Þórður Georg Hjörleifsson | Emelía Blöndal |
| Þórdís Hjörleifsdóttir | Haukur Þór Bjarnason |

og barnabörn.



†

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Jónasar Aðalsteinssonar**

Brúarlandi, Þistilfirði,

sem lést laugardaginn 19. apríl.

| | |
|---|---|
| Arnþrúður Margrét Jónasdóttir | Sigurvin Hannibalsson |
| Eðvarð Jónasson | Kristjana Benediktsdóttir |
| Jóhannes Jónasson | Svanhvít Kristjánsdóttir |
| Sigrún Lilja Jónasdóttir | Rúnar Guðmundsson |
| | Sólveig Þórðardóttir |

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

**ÁRBÆJARSÖFNUÐUR:** FJÖRUTÍU ÁR FRÁ STOFNUN

# Langar að brúa kynslóðabilið

Árbæjarsöfnuður var stofnaður á því herrans ári 1968 og fagnar því fjörutíu ára afmæli í ár. Af því tilefni tók Fréttablaðið séra Þór Hauksson sóknarprest tali.

„Söfnuðurinn var sem fyrr sagði stofnaður árið 1968 og varð að sérstöku prestakalli í byrjun janúar árið 1971. Fyrsti sóknarpresturinn var séra Guðmundur Þorsteinsson, en hann varð síðar dómprófastur. Fyrstu árin bjó hann við ákveðið aðstöðuleysi, en fékk fljótlega starfsaðstöðu í Árbæjarskóla, þar sem hann var með guðsþjónustu, sunnudagaskóla og æskulýðsstarf. Síðan fór fór starf safnaðarins einnig fram í litlu húsi við Hlaðbæ sem þáverandi Framfarafélag hverfisins átti," segir Þór og heldur áfram: „Safnkirkjan í Árbæjarsafni kom einnig í góðar þarfir og af henni fengust afnot, svo og af dómkirkjunni þar sem meðal annars var fermt, en fram að því höfðu allar athafnir í sókinni farið fram í safnkirkjunni"

Um 1960 var byggðin í Árbæ að farin að myndast að einhverju leyti og taldi kannski um tvö til þrjú hundruð íbúa, að því er Þór telur. Þegar söfnuðurinn tók til starfa var hins vegar kominn ágætis skriður á byggð og Þór segir meðlimi Árbæjarsafnaðar fyrstu árin hafa verið á bilinu eitt til tvö þúsund talsins.

„Söfnuðurinn hefur stækkað gríðarlega og í dag eru meðlimir um tíu þúsund talsins. Aðsókn hefur aukist gríðarlega síðastliðin ár og starfið er nú mun fjölbreyttara en fyrr," segir Þór og nefnir þar meðal annars öflugt starf fyrir börn og unglinga auk eldri borgara. „Æskulýðsstarfið er í miklum blóma, bæði sunnudagaskóli og annars konar starf fyrir börn og unglinga. Þar get ég einnig nefnt að við erum svo heppin að hafa alltaf verið í góðu samstarfi við leik- og grunnskóla frá upphafi safnaðarins. Þess vegna fer nokkuð mikið af æskulýðsstarfi fram í skólum hverfisins þar sem við höfum góða aðstöðu," segir Þór sem nefnir einnig gríðarlega öflugt starf eldri borgara. „Við erum með tvo fulltrúa eldri borgara hér í fullu starfi við söfnuðinn. Þar er einnig blómleg starfsemi og má þar nefna opið hús einu sinni í viku og hin ýmsu ferðalög. Þessi hópur er mjög duglegur að sækja þjónustu til okkar og sumir hafa fylgt söfnuðinum í fjölda ára, jafnvel frá upphafi. Enda sést að fólki þykir gott að búa í Árbænum og nú eru heilu kynslóðirnar að koma sér þar fyrir. Unga fólkið hleypir gjarnan heimdraganum og kaupir sína fyrstu íbúð annars staðar, en snýr síðan aftur heim í Árbæinn," segir Þór og nefnir auðvelt aðgengi að náttúrunni sem helsta kost hverfisins. „Þetta er svona samblanda af borg og sveit. Hefur hvoru tveggja. Það er stutt að fara út í guðsgræna náttúruna og njóta þess sem hún hefur að gefa, og síðan er borgin með öllu sem hún hefur að bjóða," útskýrir Þór sem hefur nú hug á að ná tengslum við nýjan hóp. „Bæði eldri borgarar, börn og unglingar eru dugleg að sækja í söfnuðinn, en á afmælisárinu langar okkur að reyna ná í þennan millialdur og ætlum við að fara að vinna svolítið í því."

Fram undan er safnaðarferð í Sólheima sem verður farin næstkomandi sunnudag. Þór segir að markmiðið sé að brúa kynslóðabilið, enda allir velkomnir með. „Ferðinni er heitið í Sólheima þar sem við heilsum upp á fólk þar, kíkjum í kaffi á Grænu könnuna og verðum með guðsþjónustu kl. 14. Það er alltaf voðalega gaman að fara í svona ferðir með söfnuðinum og ég held þessi verði engin undantekning." segir Þór sem reiknar með að afmælinu verði fagnað í kringum kirkjudaginn sem verður haldinn hátíðlegur seinna á árinu.

Allar nánari upplýsingar um Árbæjarsöfnuð má finna á: www.arbaejarkirkja.is

**rh@frettabladid.is**



**SÖFNUÐUR Í BLÓMA** Safnaðarstarfið er öflugt í Árbæjarkirkju og aðsókn hefur aldrei verið meiri, að sögn séra Þórs Haukssonar sóknarprests. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Víkingur í eina öld

Sögusýning sem sett var upp til að minnast 100 ára afmælis Knattspyrnufélagsins Víkings, var opnuð 1. maí í vestursal félagsheimilis þess í Víkinni í Fossvogi. Fyrirhugað er að hún standi í tvo mánuði, til loka júní. Hún verður opin þrjá daga í viku, fimmtudaga frá kl. 16.00-18.00 og laugardaga og sunnudaga frá kl. 14.00 til 16.00 eða eftir nánara samkomulagi. Stefnt er að skipulegri leiðsögn um sýninguna á fimmtudögum kl. 18.00 eða eftir nánara samkomulagi. Aðstandendur sýningarinnar munu standa fyrir leiðsögninni og fyrstur ríður á vaðið Ólafur Þorsteinsson, formaður sögusýningarnefndarinnar, fimmtudaginn 15. maí kl.18.00.

Þá eru fyrirhugaðir í tengslum við sýninguna fyrirlestrar kunnáttumanna og sérfræðinga um byggðaþróunarsögu Bústaða- og Smáíbúðahverfis og almenna íþróttaiðkun hverfisbúa með sérstakri skírskotun til flutnings Knattspyrnufélagsins Víkings í hverfið á sjötta áratug síðustu aldar.

**NAFNIÐ MITT** BJARNFRÍÐUR LEÓSDÓTTIR

# *Hið besta mál að nafnið sé ekki algengt*

Bjarnfríði Leósdóttur þykir nafn sitt fagurt. Ekki bera margir á Íslandi nafnið sem gerir það vissulega einstakt.

„Ég er alnafna föðurömmu minnar og foreldrum mínum þótti kærkomið að skíra mig í höfuðið á henni. Bjarnfríður er vissulega ekki algengt nafn og það er bara hið besta mál," útskýrir Bjarnfríður.

„Nafnið mitt getur þýtt ýmislegt, til dæmis fallegur björn, en fríður getur líka þýtt friður þannig að það getur þýtt þetta bæði."

Bjarnfríður hefur aldrei verið kölluð neitt annað en Bjarnfríður þó að það hafi komið fyrir að fólk hafi reynt að stytta nafn hennar.

„Mér þykir vænt um nafnið mitt og oft hefur nú verið reynt að stytta það en það hefur ekki gengið og ég er ánægðust með nafnið eins og það er og er stolt af því að bera það," segir Bjarnfríður.





**MENNING** Ýmsar menningarlegar uppákomur verða haldnar í Bláa lóninu alla miðvikudaga í maí.

# Menningarlegir miðvikudagar

Menningarlegir viðburðir verða ofarlega á dagskrá í Bláa lóninu alla miðvikudaga í maí klukkan 19.30, en baðgestir munu geta fylgst með þeim á meðan þeir slaka á í lóninu.

Þannig mun blúshljómsveitin Klassart stíga á stokk í Bláa lóninu í kvöld. Þá munu forsprakkar hljómsveitarinnar, Smári og Fríða Dís Guðmundsbörn, flytja lög sem henta umhverfi lónsins.

Gradualekór Langholtskirkju kemur fram miðvikudaginn 21. maí. Kórinn, sem samanstendur af stúlkum á aldrinum fjórtán til átján ára, hefur vakið athygli fyrir einstaka túlkun á íslenskum verkum.

Leikarinn Bergur Ingólfsson mun síðan slá botninn í menningarlegu dagskrána 28. maí með frumsamdinni „bullu" sem hann flytur bæði á íslensku og ensku.

Listir og menning verða einnig í fyrirrúmi sunnudaginn 18. maí, þegar Íslenska vasafélagið verður með gamansama og upplýsandi tónlistaruppákomu í Bláa lóninu, sem fer umhverfis jörðina á átján mínútum. Uppákoman, sem markar endapunkt opnunarhelgar Listahátíðar í Reykjavík, byggir á íslensku þjóðlagi. Hún hefst klukkan 21 og verður Bláa lónið haft lengur opið þennan dag í tilefni af því.

Nánar á www.bluelagoon.is.

AFMÆLI



**GEORGE LUCAS KVIKMYNDALEIKSTJÓRI OG VÍSINDAMAÐUR 64 ÁRA.**



**DAVID BYRNE TÓNLISTARMAÐUR 56 ÁRA.**



**TIM ROTH LEIKARI 47 ÁRA.**




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677




✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Helgi Víðir Hálfdánarson**

Álfaskeiði 104, Hafnarfirði, áður til heimilis á Eskifirði.

Verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju 14. maí kl. 15.00.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Ágústa Garðarsdóttir**
**Jón Garðar Helgason** **Elise Mathisen**
**Edda Dóra Helgadóttir** **Ingvar Ingvarsson**
**Hálfdán Helgi Helgason** **Elínborg Sædís Pálsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

*Við þökkum innilega öllum þeim sem veittu okkur ómetanlegan stuðning og sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og sonar,*

**Björns Kristjánssonar**

kjötiðnaðarmanns frá Patreksfirði, Skúlabraut 45, Blönduósi.

**Ásgeir Már Björnsson** **Kristjana E. Sigurðardóttir**
**Eyþór Björnsson**
**Erla Hafliðadóttir**
**og aðstandendur.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Jón Magnús Gunnlaugsson**

flugvirki, Sólheimum 27, Reykjavík,

lést sunnudaginn 4. maí.
Útför hans fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 15. maí kl. 15.00.

**Nína Sólveig Markússon.**



✝

*Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Garðars Sölvasonar**

Þórðarsveig 1, 113 Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 6-A á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi fyrir góða umönnun.
Guð blessi ykkur öll.

**Edda Hrönn Hannesdóttir**
**María Garðarsdóttir** **Theodór S. Friðgeirsson**
**Elín Inga Garðarsdóttir** **Brynjar H. Jóhannesson**
**Ríkey Garðarsdóttir** **Margrét Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, og afa,*

**Sveins Þóris Þorsteinssonar**

Skólavörðustíg 28, 101 Reykjavík.

**Hjördís Einarsdóttir**
**Lísbet Sveinsdóttir** **Árni Þór Árnason**
**Sveinn Þórir Geirsson** **Tinna Hrafnsdóttir**
**Hjördís Árnadóttir** **Ragnar Þórisson**
**Þórdís Hulda Árnadóttir**
**og barnabarnabörn.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Þórir Daníelsson**

fyrrverandi framkvæmdastjóri Verkamannasambands Íslands, Asparfelli 8, Reykjavík,

sem andaðist miðvikudaginn 7. maí, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 16. maí kl. 13.00.
Fyrir hönd ættingja og vina,

**María Jóhannesdóttir**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdadóttir, systir og mágkona,*

**Auður Eggertsdóttir**

lést á Líknardeild Landspítalans 3. maí síðastliðinn. Útförin fer fram fimmtudaginn 15. maí kl. 13.00 frá Seljakirkju.

**Gunnar Jóhannsson**
**Jóhann Gunnarsson**
**Guðrún Þóra Gunnarsdóttir** **Kári Gunnarsson**
**Oddur Ævar Gunnarsson**
**Eggert Oddur Össurarson** **Guðrún Sigurðardóttir**
**Sólveig Gunnarsdóttir**
**systkini og aðrir vandamenn.**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Guðmundsdóttir**

Bræðraborgarstíg 41, Reykjavík, áður Esjubraut 7, Akranesi,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi, fimmtudaginn 8. maí.

**Haraldur Hafsteinn Helgason** **Margrét Gísladóttir**
**Hulda Hafdís Helgadóttir** **Valdimar Sólbergsson**
**Guðmundur Helgi Helgason** **Anna María Guðmundsdóttir**
**og ömmubörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrönn Kristjánsdóttir**

Dalbæ, Dalvík,

lést 12. maí.
Útförin verður auglýst síðar.

**Anna B. Jóhannesdóttir** **Skarphéðinn Pétursson**
**Guðlaug Baldvinsdóttir** **Hákon Ó. Guðmundsson**
**Birna Blöndal** **Birgir Össurarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# STUÐ MILLI STRÍÐA Sandalar og sjö þúsund freknur

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** HLAKKAR TIL RIGNINGASUMARS Á HEIMAVELLI



Þá er tólfta flugferð ársins að baki. Ég hljóma eins og heimsborgari af guðs náð, en í sannleika sagt voru allar flugferðirnar tólf farnar í bara þremur hollum. Það gerir samt um það bil 0,66 utanlandsferðir á mánuði, sé litið til meðaltals ársins, og það er ekki eitthvað sem ég ætla að halda til streitu á næstu mánuðum. Ég held ég geti sagt að ég sé komin til að vera á klakanum. Í bili.

Það er hins vegar alveg ótrúlegt hvað það getur gert fyrir sálartetrið að komast aðeins út fyrir landsteinana. Í mínum minningum var hvítasunnuhelgum oftast varið í lopasokkum í sumarbústað með snjó á þakinu. Nýliðna hvítasunnuhelgi spókaði ég mig hins vegar í stuttbuxum og sandölum á sólvolgum götum undir bleikblómstrandi trjám. Ég var nefnilega svo heppin að eiga flugmiða í hitabylgjuna sem blessaði íbúa við Eyrarsund með nærveru sinni um helgina, og mig í leiðinni.

Það þarf ekkert að útlista vonbrigðin sem íslensk sumur fela oft í sér í löngu máli, þau þekkja allir sem hafa alið manninn á þessu kalda landi. Eftir þeytinginn sem hefur verið á mér það sem af er ári er ég hins vegar farin að hlakka til að verja sumrinu mínu í lopasokkum í íslensku húsi, tjaldi eða íslenskum sumarbústað. Íslensk sumur eru ekki alslæm, og þá sérstaklega ekki þegar maður hefur þegar fengið að upplifa stuttbuxnastemningu og nælt sér í þrjár freknur eða, í mínu tilfelli, sjö þúsund.

Í sumar ætla ég því að láta Leifsstöð alfarið eiga sig, enda er ég komin með algjört ógeð á öryggistékki og vegabréfsskoðunum. Einu biðraðirnar sem ég ætla að standa í verða í pylsusjoppum víðs vegar um landið og inn á tónleika í höfuðborginni. Ég hlakka til. Og ef rigningin tröllríður öllu og sálin verður komin með skeifu í júlí kann ég ráð við því: bleikblómstrandi planta. Þær eru allra meina bót.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BÍLDSHÖFÐI
SKIPHOLT
TRYGGVAGATA
HAFNARFJÖRÐUR
KÓPAVOGUR
STYLESALAT
Í salatinu er niðursneidd kjúklingabringa, klettasalat, rautt romaine, lollo rosa, frisee salat, ristuð sólblómafræ, beikonbitar og kokteiltómatar.
AMERICAN STYLE

Loftpressur
Mikið úrval loftpressa fyrir iðnfyrirtæki, iðnaðarmenn og í bílskúrinn. Hagstætt verð.
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Kvennakór Reykjavíkur syngur djass & dægurlög í Grensáskirkju Í KVÖLD!
Vortónleikar kl. 20. Miðapöntun: 896 6468. Endurtekið á laugardaginn kl. 17.

Örfáar aukasýningar
Fjórða leikárið í röð bjóðum við uppá sýningar á þessu vinsælasta leikriti áratugarins!
Rúmlega 30.000 áhorfendur komu á 160 sýningar í Borgarleikhúsinu og um allt land.
BORGARLEIKHÚSIÐ
Lau. 17 maí
Sun 18 maí
Fim 22 maí
Fös 23 maí
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Fim. 29. maí kl. 20
Fös 30. maí kl. 19
(ath breyttan sýningartíma)
Lau 31. maí kl. 19
(ath breyttan sýningartíma)
Sun 1. júní kl. 20
ÞETTA ERU LOKASÝNINGAR VERKSINS!
alveg BRILLJANT
SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur
EKKI MISSA AF ÞESSARI BRILLIANT LEIKSÝNINGU!!!!

Þjóðleikhúsið um hel(l)gina
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is
Ástin er diskó, lífið er pönk
e. Hallgrím Helgason
sýn. fim. 15/5 uppselt, fös. 16/5 uppselt,
lau. 17/5 örfá sæti laus
Sá ljóti
e. Marius von Mayenburg
sýn. fös. 16/5 örfá sæti laus
lau. 17/5 ATH. síðasta sýning
Skoppa og Skrítla
e. Hrefnu Hallgrímsdóttur
sýningar lau. 17/5 uppselt
sýningar sun. 18/5 örfá sæti laus

# Aðlögun að umhverfinu

**Listahátíð í Reykjavík verður formlega sett á morgun. Sem kunngjört var fyrir nokkru er megináhersla hátíðarinnar í ár á myndlist; eitt af þeim myndlistarverkefnum sem hátíðina prýða nefnist Module og er samvinnuverkefni átta íslenskra og erlendra listamanna.**


FJÖLHÆFUR KASSI Lädan/The Mobile Box hefur ferðast um götur Gautaborgar og víðar og fært fólki list á óhefðbundinn hátt.

Module er röð sýninga sem fara fram í færanlega galleríinu Lädan/The Mobile Box, sem er einfaldlega hvítur kassi. Upphafsmaður þess er sænski listamaðurinn Mari Lagerquist, en hún fékk hugmyndina árið 2005 þegar henni bauðst að taka þátt í listaverkefni á götum Gautaborgar. Upphaflegi kassinn var tilraun til að auka við listaflóru borgarinnar og breikka litrófið, en svo fór að verkefnið vatt upp á sig og síðan þá hefur Mari unnið að því að galleríið verði hluti af listalífi Gautaborgar.

Þóra Gunnarsdóttir er einn skipuleggjenda verkefnisins hérlendis og jafnframt einn þeirra listamanna sem sýna undir merkjum Module. Hún segir eitt af markmiðum færanlega gallerísins vera að áhorfendur fái tækifæri til að upplifa list utan veggja hefðbundinna sýningarrýma. „Þegar við hófum undirbúningsvinnuna að Module ákváðum við að hver listamaður skyldi velja sér svæði innnan borgarinnar til þess að sýna á. Listamaðurinn tengir síðan verk sitt við svæðið á einhvern hátt, þannig að þessi hvíti kassi verður í raun hluti af umhverfinu. Sýningar í kassanum hafa enda oft teygt anga sína út fyrir hann; það eru engin takmörk á þessu sýningarrými og því verða verkin sem þar eru sýnd meira í ætt við gjörninga en hefðbundnar myndlistarsýningar. Þau tengjast stund og stað og aðlagast umhverfi sínu.“


SAMSKIPTI Ljósmynd af gjörningi sænsku listakonunnar Mari Lagerquist, en hún tekur þátt í verkefninu Module.

Verkefnið Module stendur yfir dagana 15.-23. maí. Á þessari viku sýna tíu listamenn verk sín í kassanum og verður því dagskráin ansi stíf suma dagana. Eins og gefur að skilja nálgast listamennirnir sýningar sínar á ólíkan hátt, en Þóra segir þó ákveðna grunnhugmynd sem tengir verkin saman. „Satt best að segja reyndum við að hafa fjölbreytileikann að leiðarljósi þegar við völdum saman listamenn til þess að taka þátt í Module, þar sem okkur langaði til þess að bjóða upp á margar ólíkar sýnir á reykvískt umhverfi. En við tókum jafnframt tillit til stærsta verkefnisins á Listahátíð í ár, Tilraunamaraþonsins í Hafnarhúsinu. Maraþonið tengir saman vísindi og list, og við höfum farið svolítið svipaða leið með Module. Öll verkin takast á einhvern hátt við tengsl lista og vísinda við hið hversdagslega, en standa jafnframt sjálf.“

Fyrsta sýning Module fer fram á morgun kl. 18 á Tryggvagötu við Hafnarhúsið. Þeim sem vilja kynna sér verkefnið nánar er bent á heimasíðu Listahátíðar í Reykjavík: www.artfest.is

vigdis@frettabladid.is

# Ný sýning í Nýló á Listahátíð

Í Nýlistasafninu á Laugavegi stendur nú yfir skráning á verkum safnsins frá þeim þremur áratugum sem það hefur verið starfandi. Það letur samt ekki safnið til að taka þátt í Listahátíð sem hefst á morgun, en á föstudaginn verður sýning á Laugaveginum á verkum Karl Holmqvist opnuð í Nýlistasafninu, innan um safneign og skjalasafn Nýlistasafnsins sem verið er að skrásetja. Listamaðurinn vinnur markvisst inn í það vinnuferli sem hefur verið í gangi í safninu. Hluti innsetningarinnar beinir sjónum sínum að sögu safnsins, og er nokkurs konar játningaklefi, hinn er úthverfari, svið og míkrófónn þar sem verður að hluta skipulögð dagskrá. Sviðið verður opið öllum eftir að Karl er búinn að flytja sinn gjörning, sem hann kallar Boomtown.


MYNDLIST Nýlistasafnið í aðdraganda Listahátíðar, en þar verður sænskur myndlistarmaður með sýningu og gjörningar safnisns verða kynntir. MYND: FRETTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Karl Holmqvist er fæddur í Svíþjóð og býr og starfar í Berlín. Frá því á níunda áratugnum hefur Karl fengist við tilraunir með tungumálið í verkum sínum og birtast þær helst í formi bókverka, ljóðlistar og upplestra. Karl hefur einnig unnið með innsetningar og myndbandsverk.

Karl Holmqvist hefur haldið einkasýningar í Berlín, London og Stokkhólmi. Hann tók þátt í Utopia Station á Feneyjatvíæringnum 2003, Performa Bienalinum í New York 2005 og 2007 og mun taka þátt í Manifesta 7 í Trento á Ítalíu á næsta ári. Sýning Karls í Nýlistasafninu er fyrsta einkasýning hans hér á landi, en hann dvaldi þrjá mánuði í gestavinnustofu Nifca hér á landi árið 2001.

Meðfram sýningu Karls verður nýstofnað safn um íslenska gjörninga Nýlistasafnsins kynnt yfir Listahátíð.

pbb@frettabladid.is

# Forn rússneskur skáldskapur

Rithöfundurinn og þýðandinn Árni Bergmann heldur fyrirlestur í dag um Ígorskviðu, rússneskt hetjukvæði frá tólftu öld, en þýðing Árna á kvæðinu, ásamt ítarlegum skýringum, kom út hérlendis fyrir nokkrum árum. Árni mun einnig víkja að nýrri þýðingu sinni á Rússasögum, sem marka upphaf sagnaritunar í Rússlandi og greina frá því sem menn snemma á tólftu öld töldu sig vita um fyrstu aldir rússneskrar sögu. Í erindinu verður gerð grein fyrir þýðingu þessara merku texta fyrir rússneska menningu og hugmyndir Rússa um upphaf eigin sögu. Einnig og ekki síður verður fjallað um ástæður þess að ráðist er í að koma þessum fornu rússnesku ritum á íslensku, en þau ættu að vekja áhuga margra þar sem saga og menning norrænna þjóða er einmitt nátengd Rússum á þeim tíma sem um ræðir.

Fyrirlestur Árna fer fram í stofu 201 í Odda og hefst kl. 16.30.

- vþ


ÁRNI BERGMANN Fjallar um þýðingu sína á Ígorskviðu í Odda í dag.

# DAUÐASYNDIRNAR

## GUÐDÓMLEGUR GLEÐILEIKUR

LAUSLEGA BYGGT Á VERKI DANTE ALIGHIERI

„Ég var alveg orðin tvöföld í sætinu af hlátri ..."
„ ... sýningin er dýrleg leikhúsreynsla ..."

Silja Aðalsteinsdóttir
Tímarit Máls og menningar
(tmm.is)

„Sýningin er bráðfyndin og skemmtileg en með háalvarlegum tóni. "

Ingibjörg Þórisdóttir
Morgunblaðið

„Allur frágangur á sýningunni er fyrsta flokks. "
„Ekki missa af Dauðasyndunum."

Páll Baldvin Baldvinsson
Fréttablaðið

„Þessi sýning var svo mikil snilld að mér væri alveg sama þó ég sæi ekkert annað leikrit á næstu árum. "

www.123.is/kollster/blog/



**„Þú sem stígur hérna inn, yfirgef alla von“**

| | |
|---|---|
| Leikarar | Bergur Þór Ingólfsson |
| | Halla Margrét Jóhannesdóttir |
| | Halldóra Geirharðsdóttir |
| | Harpa Arnardóttir |
| Leikstjórn | Rafael Bianciotto |
| Leikmynd | Helga I. Stefánsdóttir/Rafael Bianciotto |
| Búningar | Helga I. Stefánsdóttir |
| Ljós | Halldór Örn Óskarsson |
| Hljóðmynd | Ólafur Örn Thoroddsen |
| Tónlistarstjóri | Kristjana Stefánsdóttir |
| Sviðshreyfingar | Ariane Anthony |
| Aðstoðarleikstjórn | Sólveig Guðmundsdóttir |

**Trúðaleikur fyrir fullorðna sem enginn leikhúsunnandi getur látið fram hjá sér fara.**

**TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI**

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

**> JESSICA ALBA Í STÖRUKEPPNI**

Á heimasíðunni ibeatyou.com má sjá leikkonuna Jessicu Alba taka þátt í störukeppni. Á upptökunni segist Jessica hafa verið mönuð til að taka þátt og tekst að stara í vefmyndavélina í tæpar sjö mínútur án þess að depla auga. Þetta mun ekki vera eina myndbandið af Jessicu á síðunni en unnusti hennar Cash Warren er annar höfundur heimasíðunnar.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Uppastaðurinn Rex bregst við kreppunni

„Þetta er alveg nýtt hér hjá okkur á Rex. „Happy hour!“ Frá níu til miðnættis. Tveir fyrir einn,“ segir Sverrir Rafnsson, vert á Rex.

Nánast er sama hvar borið er niður, veitingastaðaeigendur tala allir um mikinn samdrátt. Bjórsala hefur dregist saman um 30 prósent eftir að reykingabannið tók gildi sem þýðir einfaldlega að samkeppni milli staða er orðin harðvítug. Það sætir tíðindum að Rex, staður sem löngum hefur verið kenndur við uppa, skuli nú bregða á það ráð að bjóða upp á tvo fyrir einn. „Kaupir þú frosinn Heineken eða kokkteil færðu tvo drykki en ekki einn,“ segir Sverrir.

„Já, við erum meðal annars að bregðast við aukinni samkeppni og ekki síður reykingabanninu. En þess má reyndar geta að við erum með bestu reykingaaðstöðu í borginni. En … sko, drykkjan hefur verið að færast í auknum mæli inn á heimilin. Meiri sala er í Ríkinu en minni á veitingastöðum,“ segir Sverrir. Hann segist jafnframt verða þess mjög var að fólk sem leyfir sér að fara út að borða og vilji fá sér drykk á skemmtistað á eftir komi að tómum kofunum. Fólk fer ekkert á stjá fyrr en upp úr miðnætti. Og það sem meira er, fólk sem stundar næturlífið er, að sögn Sverris, farið að láta sér nægja annað kvöldið. Þannig eru föstudagskvöldin orðin miklu rólegri en var.

„Já, segja má að þetta sé okkar svar við kreppunni. „Happy hour“ ætti ekki að rífa eins mikið í veskið. Áfengi er dýrt. Fólk sem fer út að borða og vill svo í kjölfarið fara út að skemmta sér finnur vel fyrir því. Það kostar tugi þúsunda,“ segir Sverrir á Rex. **- jbg**



**SVERRIR Á REX** Þar er nú boðið upp á „tveir fyrir einn“ – en aukin samkeppni er milli skemmtistaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sleipt á háu hælunum

Keppendur í Eurovision eru nú allir komnir til Belgrad og hamast á sviðinu í æfingum. Sviðið mun vera nokkuð sleipt en enginn hefur slasast til þessa. Sumir tala þó um að gott væri að líma eitthvað neðan á skóna sína til að vera alveg öruggir.

Meðal þeirra sem sleipa sviðið er að trufla er söngkonan í belgísku hljómsveitinni Ishtar, Soetkin Baptist. Hingað til hefur hljómsveitin verið alþýðleg og látlaus enda þekktust fyrir túlkun sína á þjóðlögum og miðaldamúsik, en nú er búið að popp hana verulega upp og söngkonan er komin á háa hæla. Hún á í basli með þá á sleipu sviðinu enda ekki vön svona skófatnaði.

Ishtar var stofnuð árið 2003 og er tíu manna hópur. Aðeins sex mega þó vera á sviðinu í Belgrad; söngkonan, lagahöfundurinn og gítarleikarinn Michel Vangheluwe og systkinin Ann, Marleen, Els og Hans Vandaele. Fyrsta plata Ishtar, Troubamour, kom út árið 2005. Á henni voru ástarlög frá miðöldum á mörgum tungumálum, þar á meðal grísku, hollensku, búlgörsku, serbnesku og já, íslensku. Hópurinn er nú með aðra plötu í smíðum.



**POPPVÆDDIR BELGAR** Ishtar syngur og leikur á bullmáli.

Lagið sem þau flytja er á „bullmáli“ og er nokkuð grípandi, minnir einna helst á lagið „Dominique“, sem „syngjandi nunnan“ söng inn á vinsældarlistana 1963. Sú var einmitt belgísk líka. Nú er að sjá hvað bullmálið og háu hælarnir gera fyrir Belga, sem keppa á fyrra undankvöldinu.

Eurovision — ÁTTA DAGAR TIL STEFNU

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus 1800W mótor

**Meðal fáanlegra fylgihluta:**
Hepafilter: Hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
Kolafilter: Hreinsar óæskilega lykt. Góður fyrir gæludýraeigendur.
Parketbursti: Skilar parketinu glansandi.

**Miele ryksugur**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

**TILBOÐ kr.: 18.900**

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200 www.eirvik.is

# Arsene Wenger tjáir sig um Albert

**Arsene Wenger, knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarliðsins Arsenal, fer fögrum orðum um Albert Guðmundsson, fyrrum leikmann Arsenal, í þættinum 10 bestu sem sjónvarpsstöðin Stöð 2 Sport 2 sýnir í sumar.**



**ALBERT OG WENGER** Albert Guðmundsson ásamt Arsene Wenger, núverandi knattspyrnustjóra enska úrvalsdeildarliðsins Arsenal.

„Við höfum verið að leita eftir viðbrögðum frá fólk sem tengist 10 bestu og það er mikið gleðiefni að Arsene tók mjög vel í að tjá sig um Albert Guðmundsson,“ segir Hilmar Björnsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 Sport. „Arsene þjálfaði Mónakó þegar Albert var sendiherra í Frakklandi. Þáverandi yfirmaður knattspyrnumála hjá liðinu kynnti Wenger fyrir Alberti og tókst með þeim mikil vinátta,“ segir Hilmar. „Wenger tjáir sig um Albert sem leikmann og talar sérstaklega um hann sem persónu.“

Að sögn Hilmars talaði yfirmaður knattspyrnumála hjá Mónakó einnig mjög vel um Albert eftir að hafa séð hann spila á sínum tíma í Frakklandi. „Sá maður gerði lítið í því að hæla leikmönnum en hann hældi Alberti á hvert reipi og sagði að hann hefði verið ótrúlegur leikmaður. Síðan talaði hann líka um persónutöfra Alberts og hvaða virðingu hann hafði í Frakklandi sem leikmaður.“

Þess má geta að Ingi Björn Albertsson, sonur Alberts, lánaði Fréttablaðinu ljósmynd af föður sínum og Wenger, sem sá síðarnefndi áritaði með glöðu geði fyrir Inga Björn.

Fyrri upphitunarþátturinn af tveimur fyrir 10 bestu var sýndur á Stöð 2 Sport 2 í gærkvöldi og verður sá síðari sýndur næstkomandi þriðjudag. Fyrsti þátturinn í röðinni hefst síðan 27. maí þegar fjallað verður um Pétur Pétursson. **- fb**



**ARSENE WENGER** Wenger er einn virtasti knattspyrnustjóri ensku úrvalsdeildarinnar.

# Þrettán ára drengur slær í gegn

Ungur drengur að nafni Andrew Johnston kom öllum í opna skjöldu þegar hann hóf upp raust sína í þættinum Britain's Got Talent nú á dögunum. Enginn vissi við hverju var að búast þegar hann steig á svið, augljóslega stressaður, en hann réðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og söng klassíska aríuna Pie Jesu. Hann hlaut einróma lof dómnefndar fyrir frammistöðuna, allir salurinn stóð á fætur og lófatakinu ætlaði aldrei að linna. Frá sex ára aldri hefur hann orðið fyrir einelti af hálfu skólafélaga. „Þeir segja mér að hætta að syngja og þeim finnst klassísk tónlist leiðinleg, en ég hef samt haldið áfram. Mig langar til að gera eitthvað gott við líf mitt,“ sagði hinn ungi Andrew í viðtali við stjórnendur þáttarins, en hann býr í fátækrahverfi í Carlisle þar sem gengi og glæpir eru algengir.

Andrew er talinn mjög sigurstranglegur í keppninni en í fyrra var það klassíski söngvarinn Paul Potts sem bar sigur úr býtum í keppninni.



**ANDREW JOHNSTON SLÆR Í GEGN** Dómnefndin átti ekki til orð þegar Andrew hóf upp raust sína.

# *Sex and the City í London*

Aðdáendur Sex and the City þurfa ekki að bíða lengi enn eftir að fá að njóta kvikmyndarinnar um ævintýri New York-vinkvennanna fjögurra. Myndin var frumsýnd í London, merkilegt nokk, síðastliðið mánudagskvöld. Þýskir aðdáendur fá tækifæri til að sjá myndina í Berlín annað kvöld, en frumsýning í New York er ekki á dagskrá fyrr en 27. maí.

Það mátti þó vart á milli sjá hvors var beðið með meiri eftirvæntingu: myndarinnar sjálfrar eða að sjá hverju stjörnurnar fjórar myndu klæðast á frumsýningunni. Sarah Jessica Parker olli ekki vonbrigðum í græna Alexander McQueen-kjólnum sínum og óvenjulega Philip Treacy hattinum sem hún skartaði líka. Kim Cattrall klæddist rauðum kjól frá Vivienne Westwood, á meðan Cynthia Nixon hélt sig við svart í glæsilegum kjól frá Calvin Klein. Kristin Davis klæddist hins vegar notuðum kjól í anda sjötta áratugarins.



**LONDON, BERLÍN, NEW YORK** Stjörnurnar fjórar, Sarah Jessica Parker, Kim Cattrall, Cynthia Nixon og Kristin Davis, hófu frumsýningarpartíið í London á mánudag. NORDICPHOTOS/GETTY



**FÓKUS Á FÖTIN** Þættirnir um ævintýri Carrie Bradshaw og vinkvenna vöktu síst minni athygli fyrir fatnaðinn sem þær klæddust en eiginlegt innihald. Patricia Fields, búningahönnuður þáttanna og kvikmyndarinnar, var að sjálfsögðu mætt á frumsýninguna í London.

# Arnold til hjálpar

Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, hefur stutt við bakið á um þrjú hundruð starfsmönnum sjónvarpsþáttarins Ugly Betty sem munu missa vinnuna sína á næstunni. Ástæðan er sú að ákveðið hefur verið að taka þættina upp í New York í stað Los Angeles vegna hagstæðari skatta.

Starfsmennirnir sendu auglýsingu til blaðsins Variety, þar sem þeir báðu Arnold um að stöðva þessa þróun. Ríkisstjórinn segir að til standi að breyta skattaumhverfinu en löggjafarvaldið eigi enn eftir að samþykkja tilllögurnar. „Það sem gerðist var að framleiðendur fóru til annarra ríkja og sneru ekki aftur til Kaliforníu. Þeir fóru til Lousiana, Flórída og Nýju Mexíkó vegna þess að þau bjóða upp á meiri skattaafslátt,“ sagði Arnold.



**ARNOLD SCHWARZENEGGER** Arnold styður við bakið á starfsmönnum sjónvarpsþáttarins Ugly Betty.



**ARCADE FIRE** Hljómsveitin Arcade Fire semur tónlist við kvikmyndina The Box.

# Semja tónlist við bíómynd

Hljómsveitin Arcade Fire ætlar að semja tónlist við kvikmyndina The Box með Cameron Diaz og James Marsden í aðalhlutverkum. Leikstjóri myndarinnar er Richard Kelly sem sló í gegn með hinni sérstæðu Donny Darko. Myndin er byggð á stuttmyndinni Button Button eftir Richard Matheson frá árinu 1970.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Arcade Fire semur tónlist fyrir kvikmynd. Markus Dravs mun stjórna upptökum á lögunum en hann var einnig við stjórnvölinn á síðustu plötu sveitarinnar, Neon Bible, og nýjustu plötu Coldplay, Viva La Vida.

# Opnar nýja heimasíðu

**Rokksveitin Metallica hefur opnað heimasíðuna Mission: Metallica þar sem aðdáendur geta séð og heyrt ýmislegt í tengslum við nýjustu plötu hennar sem er væntanleg í september. Fimm ár eru liðin síðan síðasta plata Metallica, St. Anger, kom út.**

**Þeir aðdáendur sem skrá sig á síðuna geta meðal annars unnið baksviðspassa á tónleika sveitarinnar í sumar. Tónleikaferð Metallica um Evrópu hefst í Póllandi 28. maí. Sveitin mun spila á fjölda tónlistarhátíða í sumar, þar á meðal á Reading-hátíðinni á Englandi.**

# Gengu út af settinu

Leikararnir Jake Gyllenhaal og Jessica Biel gengu út af settinu við upptökur kvikmyndarinnar Nailed, eftir að í ljós kom að ekki var nægilegt fjármagn fyrir hendi til að greiða leikurunum. Þau munu vera frá vinnu þar til framleiðendum myndarinnar tekst að sýna fram á aukið fjármagn. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem vandamál koma upp við tökurnar, en James Caan sagði upp hlutverki sínu eftir að honum lenti saman við leikstjórann David O. Russell.



**FÁ EKKI BORGAÐ** Tökum á kvikmyndinni Nailed hefur verið frestað vegna fjárskorts.




# Hell's Angels héldu ekki vatni

Hljómsveitin Dark Harvest er nýkomin heim frá Osló þar sem hún spilaði á alþjóðlegri húðflúrhátíð. Meðlimir Hell's Angels fjölmenntu á svæðið. „Nei nei, við vorum ekkert hræddir við þá, enda eru þetta nú mest megnis ósköp venjulegir gaurar," segir Guðlaugur Falk gítarleikari. „Ég væri miklu hræddari við mafíuna, held ég. Maður fer kannski ekkert að æsa þessa gaura upp í rifrildi en þeir eru fínir á meðan maður er bara sanngjarn."

Gulli og Gísli Brynjar Kristinsson söngvari voru einir á ferð að þessu sinni og spiluðu órafmagnað fyrir gesti. „Við spiluðum einmitt í fyrra í tíu ára afmælisveislu Hell's Angels í Osló. Fórum við þá allir fjórir. Þeir héldu ekki vatni yfir okkur þá, til dæmis gamla Exist-laginu, sem er ekta „biker"-lag. Við fengum það gigg í gegnum Fáfni MC. Maður hefur náttúrulega þekkt þessa gaura, Jón Trausta og þá, síðan maður var gutti. Við erum samt ekkert beint tengdir Hell's Angels. Þeir fíla bara tónlistina okkar og vilja hjálpa okkur eins og þeir geta."

Fulltrúir frá fimmtíu tattústofum voru á hátíðinni og bæði norska sjónvarpið og Discovery fjölluðu um hátíðina. „Það var mjög gaman að fá að spila okkar frumsömdu tónlist á stað eins og þessum, okkur var vel tekið" segir Gulli. „Við gistum á heimili Hell's Angels og þeir sáu alveg um okkur. Virkilega næs. Svo var Willie Nelson í bænum, var að spila á öðrum stað. Umboðsmaður hans er víst í Hell's Angels. Ekki vissi ég það. Það er margur skrítinn grauturinn."


**MEÐ KAMPAKÁTUM TATTÚKÖLLUM** Gísli söngvari á milli tveggja listamanna.

Gísli keypti sér tattúbyssu á ráðstefnunni en Gulli fékk sér nýtt húðflúr. „Mér fannst ekki annað hægt en að fá mér eitt. Ég fékk mér víking á öxlina." - glh

# Verkalýðsleiðtogi verður foringi fréttamanna

**Fréttamenn RÚV hafa farið þá leið að velja sér verkalýðsleiðtoga sem formann, enda standa kjarasamningar fyrir dyrum. Nýr formaður er Aðalbjörn Sigurðsson og mun hann fljótlega blása til félagsfundar þar sem málefni fréttaþula verða rædd.**


**AÐALBJÖRN AÐ STÖRFUM** Hann fór strax á fund Sigrúnar Stefánsdóttur og kom á framfæri óánægju vegna fréttalesturs starfsmanns Rio Tinto Alcan um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég var aðallega fenginn í þetta starf vegna bakgrunns sem verkalýðsforingi," segir Aðalbjörn Sigurðsson fréttamaður. Hann tók nýverið við formennsku í Félagi fréttamanna sem í eru starfandi fréttamenn við Ríkisútvarpið. Áslaug Skúladóttir er fráfarandi formaður, en hún hverfur frá meðal annars vegna þess að hún er að fara að fjölga mannkyninu.

Aðabjörn var áður framkvæmdastjóri Afls, Starfgreinafélags Austurlands, og starfaði þar í fjögur ár. Hann mun njóta þeirrar reynslu þegar fréttamenn RÚV setjast að samningaborði, en þeir eru með lausa samninga. Við breytingu RÚV í opinbert hlutafélag (ohf.) hafa byggst upp ákveðnar væntingar. Auk þess hafa fréttir Vísis af launum útvarpsstjóra vakið eftirtekt.

„Það verður örugglega allt nefnt í komandi kjaraviðræðum. Menn telja sig eiga inni leiðréttingu. Og frekar það heldur en hversu marga þúsundkalla Páll [Magnússon] er með í laun eða hvort hann ekur á Audi eða Yaris verður lagt til grundvallar. Með hlutafélagavæðingu hættum við að falla undir opinbera geirann og eru viðsemjendur RÚV ohf. og Samtök atvinnulífsins. Og þar er mikill munur á réttindum. Það þarf að samræma samninga öðrum samningum á almennum vinnumarkaði og það er flókið," segir Aðalbjörn.

Í Fréttablaðinu var nýverið greint frá því að þulur, sem heyrir ekki undir fréttastofurnar heldur Sigrúnu Stefánsdóttur dagskrárstjóra, hafi lesið útvarpsfréttir. Viðkomandi starfar jafnframt hjá Rio Tinto Alcan í Straumsvík og getur sú staðreynd, burtséð frá þessu tiltekna dæmi, hæglega orðið til að koma niður á trúverðugleika fréttastofunnar. Aðalbjörn segir að borið hafi á óánægju félagsmanna vegna þessa.

„Ég las fyrst um þetta í Fréttablaðinu, fór þá fljótlega á fund Sigrúnar og kom þeim sjónarmiðum á framfæri að það væru fréttamenn sem þætti þetta skrýtið. Hún kom sínum sjónarmiðum á framfæri, svo sem þeim að þarna væri um afleysingamann að ræða en ekki fastráðinn starfsmann," segir Aðalbjörn. Hann segir jafnframt að tilhögun fréttalesturs verði rædd á komandi félagsfundi.

jakob@frettabladid.is

# Lágstemmd en áhrifarík ádeila

Hank Deerfield er tilkynnt að Mike sonur hans hafi snúið aftur heim úr herþjónustu sinni í Írak. Hann sé hins vegar týndur. Deerfield er reynslubolti úr herlögreglunni og ákveður sjálfur að hefja leit að syninum en kemst fljótt að því að hann hafi verið myrtur. Eftir því sem Hank grefur dýpra í fortíð sonar síns kemst hann að ýmsu um dvöl hans í Írak, sem virðist síður en svo hafa verið auðveld.

In the Valley of Elah er nýjasta kvikmynd Pauls Haggis, leikstjóra Óskarsverðlaunamyndarinnar Crash frá 2004. Myndin er fyrst og fremst morðgátumynd, mjög snjöll og óvænt sem slík, en hún er ekkert síður ádeila á stríðsrekstur.

Eitt af meginstefjum myndarinnar er til að mynda að hermenn snúa ekki allir heilir til bara eftir stríðsátök. Titill myndarinnar vísar í söguna um Davíð og Golíat úr Gamla testamentinu, þegar risinn var veginn í Elah-dal; viðeigandi myndlíking fyrir baráttu Hanks gegn hernum. Tommy Lee Jones er algjörlega í essinu sínu í myndinni enda tilnefndur til Óskarsins á dögunum.

Hann er fullkominn í hlutverki lífsreynds manns sem tekst á við mikla sorg og skoðanir sínar á her og stríði. Charlize Theron er fantagóð sem lögreglukonan sem aðstoðar Hank og Susan Sarandon á einnig góða innkomu. Til gamans má reyndar geta þess að í myndinni eru alls fjórir leikarar úr No Country for Old Men, Jones og Josh Brolin en auk þess er kvikmyndatakan í höndum Roger Deakins.

In the Valley of Elah er á köflum lágstemmd mynd en yfir höfuð mjög kröftug. Hún er mynd sem hefur margt að segja. Frammistaða Jones ber hana uppi en það hlýtur að segja eitthvað um hversu frábær leikari hann er að útkoman er ein af áhrifameiri myndum ársins.

Vignir Jón Vignisson-topp5.is



**KVIKMYNDIR**

**In the Valley of Elah**

Leikstjóri: Paul Haggis

Aðalhlutverk: Tommy Lee Jones og Charlize Theron

★★★★

In the Valley of Elah er fyrst og fremst morðgátumynd og hún er mjög snjöll og óvænt sem slík. Hún er lágstemmd en kröftug og vafalítið ein af áhrifameiri myndum ársins.


Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 6, 8 og 10.10 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.50, 8 og 10.10 | L |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |

SAMbíó ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NEVER BACK DOWN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| U2 3D 3-D DIGITAL | kl. 10:30/3D | L |
| IRON MAN DIGITAL | kl. 5:30D - 8D - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| MAID OF HONOR | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 5:50 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 8 | 16 |

SAMbíó KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NEVER BACK DOWN | kl. 8:10 - 10:30 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 6 - 8 | L |
| U2 3D 3-D DIGITAL | kl. 6/3D | L |
| THE HUNTING PARTY | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | kl. 10 | 12 |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:50 | L |

SAMbíó SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| NIM´S ISLAND | kl. 8 | L |
| MAID OF HONOR | kl. 8 | L |
| IRON MAN | kl. 10:10 | 12 |
| RUINS | kl. 10:10 | 16 |

SAMbíó AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NEVER BACK DOWN | kl. 8 - 10:15 | 12 |
| IRON MAN | kl. 8 | 12 |
| THE HUNTING PARTY | kl. 10:15 | 12 |

SAMbíó KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NIM'S ISLAND | kl. 8 | L |
| IRON MAN | kl. 10 | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 | 7 |
| STREET KINGS | kl. 10 | 16 |

SAMbio.is

Mynd sem engin O.C.og / eða Mixed Martial Arts aðdáandi ætti að láta fram hjá sér fara.

NÝTT Í BÍÓ!

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

ÓSKUR BERA ENGAN ÁRANGUR! PROM NIGHT NÓTT DAUÐANS

★★★ "Þrælskemmtileg mynd um baráttu kynjanna. Húmorinn missir sjaldan marks." T.V. - Kvikmyndir.is

★★★ "Bragðgóður skyndibiti sem hæfir árstíðinni fullkomlega" - S.V., MBL

PATRICK DEMPSEY MADE of HONOUR ÞAÐ ÞARF ALVÖRU KARLMANN TIL AÐ VERA BRÚÐARMEYJA!

"HUGLJÚF OG SKEMMTILEG" VJV - TOPP5.IS/FB

★★★★ - V.J.V., TOPP5.IS / FBL

FRÁ LEIKSTJÓRA "SCARFACE" OG "THE UNTOUCHABLES" Sannleikurinn er fyrsta fórnarlambið í stríði REDACTED Ekki missa af myndinni sem Fox News vildi banna!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| IRON MAN | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10.15 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 | |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | 7 |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| REDACTED | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| MADE OF HONOUR | kl. 6 - 8.20 - 10.35 | |
| TROPA DE ELITE | kl. 8 | 16 |
| THE RUINS | kl. 10.20 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| 21 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 8 - 10 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 6 | |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

# Kjötborg best á Skjaldborg

**Kjötborg, heimildarmynd um bræðurna Gunnar og Kristján sem reka kjörbúðina á Ásvallagötu, fékk áhorfendaverðlaun heimildarmyndahátíðarinnar Skjaldborg. 35 íslenskar heimildarmyndir voru frumsýndar um helgina fyrir vestan.**

Þetta er í annað sinn sem Skjaldborg er haldin, en heiðursgestur hátíðarinnar var hinn 82 ára gamli Albert Maysles, guðfaðir heimildarmynda.

Aðstandendur myndanna mættu velflestir á hátíðina, báru saman bækur sínar og skemmtu sér konunglega. Einnig voru sýnd verk í vinnslu og Ásgrímur Sverrisson, ritstjóri vefsíðunnar logs.is, ræddi við leikstjóra þeirra verka.

Patreksfirðingar tóku vel í þessa innrás kvikmyndagerðafólks og opnuðu hús sín fyrir gestunum. Kvenfélagið eldaði plokkfisk í félagsheimilinu og í nýja sjóræningjasafninu var haldin grillveisla. Hátíðin endaði á sveitaballi og limbókeppni, DJ



**STÓRLEIKARI Á VESTFJÖRÐUM** Brian Cox, sem leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni The Good Heart eftir Dag Kára, mætti á hátíðina og leist vel á þá grósku sem er í íslenskri heimildarmyndagerð. Hér er hann ásamt ferðamálafulltrúanum Soffíu Gústafsdóttur.

Platurn frá Oakland í Kaliforníu þeytti skífur en systir hans Ragnhildur Magnúsdóttir frumsýndi mynd um bróður sinn á hátíðinni.



**STUTT BROT** Friðrik Þór Friðriksson sýndi stutt brot úr heimildarmynd sinni, Sólskinsdrengur, á heimildarmyndahátíðinni. Hér er hann ásamt Hafsteini Gunnari Sigurðssyni, einum af skipuleggjendum hátíðarinnar.

# Galdurinn enn til staðar eftir 11 ára bið

Bítlarnir fullunnu allar sínar plötur á sjö ára tímabili. Það tók þau Geoff Barrow, Adrian Utley og Beth Gibbons sem skipa Bristolsveitina Portishead hins vegar ellefu ár að gera Third... Portishead sló í gegn með plötunni Dummy árið 1994 og fylgdi henni eftir með plötunni Portishead þremur árum síðar.

Nú er þriðja platan loksins komin. Yfirleitt veit það ekkert sérstaklega á gott að sveitir séu svona lengi að koma frá sér plötu, virðist það oft vera ávísun á andleysi og vandræðagang. Það er þess vegna sérstaklega ánægjulegt að komast að því að Third er mjög vel heppnuð, eiginlega alveg frábær. Sveitinni hefur tekist að gera plötu sem er mjög ólík fyrri plötunum, en samt er Portisheadstemningin þarna ennþá. Söngur og textar Beth Gibbons setja sterkan svip á útkomuna eins og áður, en tónlistin er harðari og hrárri, og líka fjölbreyttari. Eins og á fyrri plötunum er gríðarlega mikil áhersla lögð á að ná réttu stemningunni. Hljómurinn og útsetningarnar, sem eru þaulúthugsaðar niður í minnstu smáatriði, búa til galdurinn.

Third er sérstaklega heilsteypt verk. Svínvirkar frá upphafi til enda.

Trausti Júlíusson



**TÓNLIST**
**Third**
Portishead
★★★★

Third var ellefu ár í smíðum, en hún er biðarinnar virði. Harðari og hrárri Portishead, en Portishead-galdurinn er enn til staðar.



**DIGITAL MADNESS** Hljómsveitin Digital Madness kemur fram á tónleikunum í kvöld.

# Fyrsta platan í áratug

Hljómsveitin Infernó 5 heldur útgáfutónleika á Barnum á fimmtudag til að fagna sinni fyrstu plötu í rúman áratug, Fávitaeinveldi. Aðrir sem koma fram verða Gjöll, Product 8, Digital Madness og Klive, sem mun kynna efni af sinni fyrstu sólóplötu, Sweaty Psalm. Sérstakur gestur verður Kokkur Kirkjan Kvæsir sem mun kynna plötusafnið sitt fyrir gestum kvöldsins. Tónleikarnir verða haldnir á öllum hæðum Barsins með aðstoð nútíma margmiðlunartækni. Viðburðurinn er samstarfsverkefni Nýju samvinnuhreyfingarinnar og Triangle Productions. Nánari upplýsingar um viðburðinn má sjá á síðunni myspace.com/electronicethics.







## > Atvik umferðarinnar



Glæsimark Scotts McKenna Ramsay hjá Grindavík í leik gegn KR á KR-vellinum. Bæði markið sjálft og spilamennskan í aðdraganda þess var fyrsta flokks.

## > Bestu ummælin

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, sá fulla ástæðu til bjartsýni eftir 5-3 skell gegn Keflavík. „Ég er virkilega stoltur af mínu liði. Við börðumst allar níutíu mínúturnar, alveg sama hvað á dundi, og það var nú nóg af því,“ sagði Willum Þór í viðtali við Fréttablaðið í leikslok í Keflavík.



# sport

sport@frettabladid.is

**1. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** VERSTA BYRJUN MEISTARA Í 39 ÁR

# *Aldrei fleiri mörk í fyrstu umferð*

Það er óhætt að segja að leikmenn í Landsbankadeild karla hafi farið vel af stað í fyrstu umferð tólf liða efstu deildar sem fór fram um síðustu helgi. Öflugur sóknarleikur var þá í fyrirrúmi hafður og alls voru skoruð 24 mörk í leikjunum sex, eða 4 mörk að meðaltali í leik.

Íslandsmeistarar Vals fengu heldur óvæntan skell gegn Keflavík í fyrstu umferðinni og töpuðu 5-3 í fjörugum leik í Keflavík en þetta var versta byrjun Íslandsmeistara í 39 ár.

Jafntefliskóngar Breiðabliks, sem gerðu níu jafntefli á síðustu leiktíð, urðu að sætta sig við enn eitt jafnteflið þegar þeir mættu ÍA.

KR-ingar stóðust pressuna með 3-1 sigri gegn Grindavík, þar sem tvö mörk þeirra komu á lokakafla leiksins.

Fjölnir stimplaði sig hressilega inn í fyrsta leik í sögu félagsins í efstu deild þegar Grafarvogsliðið sigraði Þrótt örugglega 0-3 í nýliðaslag.

Nýju þjálfararnir, Þorvaldur Örlygsson hjá Fram og Heimir Guðjónsson hjá FH stýrðu liðum sínum til sigurs.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 22, Fjölnir
**Flest skot á mark:** 13, Fjölnir
**Fæst skot:** 3, HK
**Hæsta meðaleink.:** 7,5, FH
**Lægsta meðaleink.:** 3,9, HK
**Grófasta liðið:** 25 brot, ÍA
**Prúðasta liðið:** 8 brot, Grindavík
**Flestir áhorf.:** KR-völlur, 2089
**Fæstir áhorf.:** Valbjarnarv., 769
**Áhorfendur alls:** 8730

> **Besti dómarinn:** Einar Örn Daníelsson fékk hæstu einkunn dómara í einkunnargjöf Fréttablaðsins eða 8 fyrir fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar en hann dæmdi leik KR og Grindavíkur á KR-vellinum.

# Hungrið og leikgleðin halda mér ungum

**Tryggvi Guðmundsson bar af í fyrstu umferð Landsbankadeildar karla. Hann skoraði mark og lagði upp þrjú gegn HK í 4-0 sigri FH en í átta leikjum hans í 1. umferð Íslandsmóts hefur hann skorað alls tólf mörk.**

**FÓTBOLTI** Það kemur eflaust fáum á óvart að Tryggvi Guðmundsson hljóti nafnbótina leikmaður 1. umferðarinnar hjá Fréttablaðinu. Tryggvi átti stjörnuleik á Kópavogsvelli gegn þar sem hann lék HK-vörnina grátt. Þrjár stoðsendingar og eitt mark var uppskeran.

Tryggvi spilaði sitt fyrsta heila tímabil í efstu deild árið 1993 en hafði fengið smjörþefinn sumarið áður. Hann skoraði sitt fyrsta mark í efstu deild í fyrstu umferðinni 1993 í 2-1 tapi gegn Fram með ÍBV. „Ég man vel eftir þessum leik,“ sagði Tryggvi en áður hafði hann spurt hvort það væri virkilega svona langt síðan.

En hverju sætir árangur hans í fyrstu umferðinni? „Ég er greinilega klár þegar flautan gellur,“ sagði Tryggvi léttur. „Ég veit ekki hvað þetta er. Ég tala reyndar oft um að þetta felist í leikgleðinni, mér finnst þetta svo gaman,“ sagði hinn síungi Tryggvi sem er 33 ára.

Tryggvi lék lengi sem atvinnumaður erlendis og atvinnumennskan er í fyrirrúmi heima á Íslandi líka. „Ég æfi vel. Þó að ég sé kominn á þennan aldur vil ég ekki missa af æfingu. Ég bið líka sérstaklega um að spila alla æfingaleiki, annað en kannski margir leikmenn. Hungrið og leikgleðin heldur mér ungum,“ segir hann og bætir við að hann hugsi vel um líkamann.



**YFIRBURÐIR** Tryggvi Guðmundsson var besti maður 1. umferðar Landsbankadeildarinnar. Hann sýndi frábæra takta og var HK-ingum illviðráðanlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tryggvi er, eins og allt FH-liðið, greinilega tilbúinn fyrir átökin í sumar. „Við erum með lengsta undirbúningstímabil í heimi og eftir átta mánuði af leiðindum þá er upphafsflautan eitthvað sem maður hefur beðið lengi eftir. Við höfum æft vel í vetur og komum tilbúnir til leiks.“

Reynslubanki Tryggva er greinilega drjúgur og hann virðist ekkert vera að fyllast. Hann bendir á að hækkandi aldri fylgi líka kostir, ekki bara gallar. „Það er oft talað um að menn séu að verða of gamlir en eitt af því jákvæða við að eldast er að maður verður reyndari og klókari um leið. Hæfileikarnir hverfa ekkert með aldrinum þrátt fyrir að hraðinn detti kannski niður,“ sagði Tryggvi sem hefur enga tölu á því hversu mörg mörk hann hefur lagt upp.

„Ég hef ekki hugmynd um hvað ég hef lagt upp mörg mörk, það er ómögulegt að vita. Þótt ég hafi mikið álit á sjálfum mér þá hef ég ekki haldið þessum tölum til haga,“ sagði Tryggvi.

**hjalti@frettabladid.is**

## TRYGGVI Í 1. UMFERÐINNI:

**Með ÍBV:**
1993: 1-2 tap fyrir Fram – 1 mark
1994: *Í leikbanni í 1. umferð*
1995: 8-1 sigur á Val – 4 mörk
1996: 1-3 tap fyrir Leiftri – Ekkert mark
1997: 3-1 sigur á ÍA – 2 mörk

**Með FH:**
2005: 3-0 sigur á Keflavík – 1 mark
2006: 3-0 sigur á KR – 2 mörk
2007: 3-2 sigur á ÍA – 1 mark
2008: 4-0 sigur á HK – 1 mark
*Samtals: Átta leikir og tólf mörk.*








**BARÁTTA** Keflavík veitti KR harða mótspyrnu á Sparisjóðsvellinum í Keflavík í gær. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

1. umferð Landsbankadeildar kvenna lauk í gær:

# KR lenti í kröppum dansi í Keflavík

**FÓTBOLTI** KR sigraði Keflavík 1-2 og Breiðablik bar sigurorð af Afturelding 1-3 þegar síðustu leikirnir í 1. umferð Landsbankadeildar kvenna fóru fram í gær.

Vesna Smiljkovic kom Keflavíkurstúlkum yfir í lok fyrri hálfleiks en Hrefna Huld Jóhannesdóttir jafnaði leikinn stuttu síðar. Staðan var 1-1 alveg þangað til á 85. mínútu þegar Katrín Ómarsdóttir skoraði og sá til þess að öll stigin þrjú færu í Vesturbæinn. Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR, var virkilega sátt með sigurinn og hrósaði baráttugleðu Keflavíkurliðsins.

„Þetta var baráttusigur hjá okkur. Keflavíkurstúlkur mættu gríðarlega grimmar til leiks en sem betur fer náðum við að klára dæmið. Ég er í raun mjög sátt með sigurinn og sátt við að vera búin að fara til Keflavíkur vegna þess að ég er viss um að mörg lið eiga eftir að lenda í erfiðleikum þar,“ sagði Helena sem kvað deildina virka jafnari í sumar.

„Þetta virðist vera jafnari deild í sumar og það er það sem allir vilja en ég hefði nú alveg þegið að geta verið rólegri á hliðarlínunni í þessum leik,“ sagði Helena á léttum nótum. **- óþ**

## ÚRSLIT

### *Landsbankadeild kvenna*

Keflavík-KR 1-2
1-0 Vesna Smiljkovic (40.), 1-1 Hrefna Huld Jóhannesdóttir (41.), 1-2 Katrín Ómarsdóttir (85.).
Fjölnir-Fylkir 0-2
0-1 Thelma Gylfad. (4.), 0-2 Lára Gunnarsd. (5.).
Afturelding-Breiðablik 1-3
0-1 Harpa Þorsteinsdóttir (19.), 1-1 Sigríður Þóra Birgisdóttir (26.), 1-2 Greta Mjöll Samúelsdóttir (59.), 1-3 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (80.).
HK/Víkingur-Stjarnan 1-1
0-1 Björk Gunnarsdóttir, 1-1 Karel Sturludóttir (58).

### *1. deild karla*

Þór-KS/Leiftur 3-2
1-0 Ármann Ævarsson (19.), 2-0 Ibra Jagne (26.), 2-1 Gabríel Reynisson (62.) 2-2 Gabríel Reynisson (76.), 3-2 Alexander Linta (88.).



**KRISTJÁN** Er tilbúinn að taka á sig launalækkun tímabundið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Erfið fjárhagsstaða Fylkis:

# Vandinn bitnar ekki á liðinu

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að rekstur knattspyrnudeildar Fylkis hafi gengið erfiðlega mun það ekki bitna á leikmönnum liðsins. Þetta sagði Örn Hafsteinsson framkvæmdastjóri félagsins við Fréttablaðið og neitaði því um leið að leikmenn hefðu verið beðnir um að taka á sig tímabundna launalækkun til að sporna við fjárhagsvandanum eins og Stöð 2 greindi frá í gær.

Bæði Kristján Valdimarsson og Ian Jeffs, leikmenn Fylkis, staðfestu að þeir hefðu fengið greidd laun og að þeir hafi ekki verið beðnir um að taka á sig launalækkun. „Það er ekki búið að lækka launin hjá einum né neinum en ef það kæmi upp verður það bara rætt,“ sagði Kristján og bætti við að hann væri tilbúinn að hjálpa uppeldisfélaginu sínu með því að taka á sig tímabundna launalækkun ef uppeldisfélag sitt væri í vanda. **- hþh**

Ítalski körfuboltinn:

# Tap hjá Roma



**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson skoraði þrjú stig á þeim sautján mínútum sem hann spilaði í 75-73 tapi Lottomatica Roma gegn Tisettanta Cantú í öðrum leik liðanna í úrslitakeppni ítölsku úrvalsdeildarinnar.

Roma vann fyrsta leikinn í einvíginu örugglega. **- óþ**




# Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent

## Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á höfuðborgarsvæðinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.




**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgina, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar–apríl 2008.

Fíton/SÍA

## > Nicolas Cage

Cage heitir réttu nafni Nicholas Kim Coppola. Leikstjórinn Francis Ford Coppola er föðurbróðir hans. Ástæða þess að hann breytti nafninu var að hann vildi ekki láta ættarnafnið hafa áhrif á feril sinn sem leikara. Í kvöld má sjá Nicolas Cage í myndinni The Weather Man sem sýnd er á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HLUSTAR Á ÚTVARP

# Gamansöngleikir Múlabræðra

Hlustaði á fimmtudagskvöldið síðasta á dagskrá Útvarpsleikhússins um Rjúkandi ráð, söngleik Píróman eða þá Jónas og Jón Múla Árnasyni og Stefán Jónsson, frá 1959. Þátturinn var annar af fjórum þáttum sem helgaðir eru upptökum frá sviðsetningum á verkum þeirra bræðra sem Stefán hafði einhver afskipti af - alla vega einu sinni. 1959 var býsna afkastamikið ár í starfsemi sjálfstæðra leikhópa: fimm fyrirtæki voru starfandi það árið. Rjúkandi ráð var leikið í Glaumbæ og Austurbæjarbíó, en Flosi Ólafsson stóð fyrir sýningarhaldinu og urðu 55 sýningar á verkinu og áhorfendur yfir tíu þúsund.

Annað kvöld verður svo flutt dagskrá um Allra meina bót, verk sem upphaflega var samið fyrir sumarfundi Sjálfstæðisflokksins 1960 og hét þá Að skera eða skera ekki.



Farið var dult með nöfn höfunda en þeir bræður voru þá yfirlýstir kommúnistar og þjóðræknismenn og á svörtum lista sem slíkir.

Allra meina bót er sýnu betra verk en Rjúkandi ráð, sem er óttalega þunnt þótt þar séu drög að söngnum fræga Fröken Reykjavík. Upptökurnar frá þessum árum bregða skýru ljósi á leikstílinn sem er frumstæður víða. Frumsamin gamanverk þessara ára voru fjölmörg og kepptu við lauflétta gamanleiki, enska eða ameríska, en í starfinu voru jafnframt drög að meiri tíðindum: stofnun Gríma var í skjóli þessa léttmetis. Þátturinn um Allra meina bót er á dagskrá annað kvöld eftir fréttir á Rás 1.

**FLOSI ÓLAFSSON VAR DRIFFJÖÐUR Í REKSTRI SJÁLFSTÆÐRA LEIKHÓPA UM 1960.**

## EKKI MISSA AF



▶ **17.45 Rachael Ray** SKJÁREINN



▶ **19.30 The Simpsons** STÖÐ 2



▶ **20.20 Tim Gunn's Guide to Style** STÖÐ 2



▶ **20.55 Hrúturinn Hreinn** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Ararat** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.15 Listahátíð í Reykjavík** (e)
**15.45 Alla leið** (2:3) (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum**
**17.55 Alda og Bára** (17:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki** (28:35)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Nýi skólinn keisarans** (32:42)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Fæðingarheimilið** (5:9) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð. Addison Montgomery læknir heimsækir gömul skólasystkini sín til Kaliforníu.
▶**20.55 Hrúturinn Hreinn** (19:40) (Shaun the Sheep) Hreyfimyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna.
**21.10 Tvö á tali** (2:4) (Talk to Me) Bresk þáttaröð um útvarpsmanninn Mitch Moore sem er yfir sig hrifinn af kærustu besta vinar síns. Leikstjóri er Dearbhla Walsh og meðal leikenda eru Max Beesley, Laura Fraser, Joseph Millson, Emma Pierson og Kate Ashfield.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Bob Dylan** (1:2) (No Direction Home: Bob Dylan) (e)
**00.20 Kastljós**
**00.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 The Weather Man**
**08.00 Pelle Politibil**
**10.00 Wide Awake**
**12.00 Fíaskó**
**14.00 Pelle Politibil**
**16.00 Wide Awake**
**18.00 Fíaskó**
**20.00 The Weather Man** Bandarísk bíómynd frá 2005.
▶**22.00 Ararat** Verðlaunamynd sem fjallar á áhrifamikinn hátt um þjóðarmorð Armena og þau áhrif sem þau hafa enn í dag á armenska innflytjendur í Kanada.
**00.00 Æon Flux**
**02.00 U.S. Seals II**
**04.00 Ararat**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Homefront**
**11.15 Standoff**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Sisters**
**14.00 Wife Swap**
**14.45 Grey´s Anatomy**
**15.30 Friends**
**15.55 Skrímslaspilið**
**16.18 BeyBlade**
**16.43 Tracey McBean**
**16.53 Könnuðurinn Dóra**
**17.18 Ruff´s Patch**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
▶**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends**
▶**20.20 Tim Gunn´s Guide to Style**
Tim Gunn leggur línurnar í stíl, hönnun og tísku í þessum nýja þætti sínum.
**21.10 Grey´s Anatomy**
Fjórða sería þessa vinsælata dramaþáttar. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema George, sem féll á lokaprófinu og þarf því að slást í hóp með nýju læknanemunum. Þeirra á meðal er systir Meredith.
**21.55 Medium**
**22.40 Oprah**
**23.25 Grey´s Anatomy**
**01.50 Rome**
**02.50 Rome**
**03.45 Grey´s Anatomy**
**04.30 Medium**
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## SPORT *besta sætið*

**15.50 Gillette World Sport**
**16.20 PGA Tour 2008**
**17.15 Spænsku mörkin**
**18.00 UEFA Cup** Bein útsending frá úrslitaleiknum í Evrópukeppni félagsliða.
**20.50 Cristiano Ronaldo**
**21.40 Bardaginn mikli (Joe Louis - Max Schmeling)** Joe Louis er einn frægasti þungavigtarmeistari boxsögunnar. Ferill hans er um margt einstakur en Louis var þó ekki ósigrandi. Hann tapaði frekar óvænt fyrir Þjóðverjanum Max Schmeling árið 1936 og tók ósigurinn mjög nærri sér. Tveimur árum síðar fékk Louis tækifæri til að koma fram hefndum, en þá voru nasistar orðnir mjög áhrifamiklir. Schmeling var fulltrúi Hitlers og stuðningsmanna hans sem trúðu á yfirburði hvíta kynstofnsins.
**22.35 World Series of Poker 2007**
**(World Series of Poker 2007)** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**23.25 UEFA Cup**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska 1. deildin** Bristol City - Crystal Palace.
**15.55 Enska úrvalsdeildin** Portsmouth - Fulham. Útsending frá leik í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.
**17.40 Premier League World**
**18.10 Coca Cola mörkin**
**18.40 Enska 1. deildin** Hull - Watford. Bein útsending frá umspilsleik Hull og Watford í ensku 1. deildinni.
**20.40 10 Bestu - Upphitun**
**21.30 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
**22.30 4 4 2** Þáttur um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
**23.50 Enska 1. deildin** Hull - Watford. Útsending frá leik í umspili ensku 1. deildarinnar.

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.25 Vörutorg**
**16.25 Snocross** (e)
**16.55 World Cup of Pool 2007** (e)
▶**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.20 Kid Nation** (e)
**20.10 Top Chef** (3:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Þema þáttarins er að gera girnilega rétti úr hráefni sem þykir ekki mjög aðlaðandi.
**21.00 America's Next Top Model** (12:13) Tyra Banks er mætt aftur til leiks og leitar að nýrri ofurfyrirsætu. Þetta er tíunda fyrirsætuleitin og þættirnir eru sýndir aðeins viku eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum. Tyra hefur nú fengið nýjan meðdómara en það er fyrirsætan Paulina Porizkova sem tekur við af Twiggy Lawson.
**21.50 Lipstick Jungle – Lokaþáttur** Þáttaröð sem byggð er á metsölubók frá höfundi Sex and the City. Aðalsöguhetjurnar eru þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Það er komið að lokaþættinum og Wendy þarf að fást við erfiðan handritshöfund sem getur ekki klárað myndina sína. Nico þarf að endurskoða líf sitt og sambandið við Kirby eftir að eiginmaður hennar fær hjartaáfall. Victory á nýja aðdáendur, íshokkístjörnu og eiginkonu hans, á sama tíma og hún er að venjast því að Joe sé orðinn yfirmaður hennar.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Boston Legal** (e)
**00.20 Jekyll** (e)
**01.10 C.S.I.**
**01.50 Vörutorg**
**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.10 og 18.20.



visir.is ...ég sá það á visir.is

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.10**

### Grey's Anatomy

Einn vinsælasti þáttur í heimi snýr nú loksins aftur eftir verkfallsleyfi. Hér er á ferð fjórða þáttaröðin og samskipti læknanna á Seattle Grace-sjúkrahúsinu verða sífellt flóknari. Eru Derek og Meredith endanlega hætt saman? Hvað gerir George þegar hann fer að búa með Lexie? Og nær Sloan að bræða hjarta hinnar grjóthörðu Hahn?

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ HELL'S KITCHEN

**STÖÐ 2 KL. 20.20**



Sem fyrr fær þátturinn til sín nokkra efnilega áhugamenn um matreiðslu sem heyja einstaklega harða keppni um starf á glæsilegum veitingastað, en líka hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramsey, sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur fyrir viðvaningshátt þeirra og grátbrosleg mistök í eldamennskunni. Það eru aðeins fimm keppendur eftir og nú keppa allir á móti öllum í að hrífa hundrað framhaldsskólanema með ljúffengum mat.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Lesarinn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Í öðrum heimum – vísindaskáldskapur kvenna
**23.00** Listin og landafræðin
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**6.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld**
**17.30 Rock School**
**18.15 X-Files**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld**

**20.30 Rock School** Töffarinn og goðsögnin Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss er mættur í annað sinn og tekur nú að sér að gera agalausa og kjaftfora unglinga að alvörurokkurum.

**21.15 X-Files** Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

**22.00 Hell's Kitchen** Klárasti, kröfuharðasti og kjaftforasti kokkur heims, Gordon Ramsey, er mættur í þriðja sinn í Eldhús helvítis; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðinni til þessa. Sem fyrr fær hann til sín nokkra efnilega áhugamenn um matreiðslu og þeir heyja einstaklega harða keppni um starf á glæsilegum veitingastað, en líka hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramsey, sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur fyrir viðvaningshátt þeirra og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.

**22.45 Shark**
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen eru umsjónarkonur. Elísabet Jökulsdóttir og Katrín Júlíusdóttir kíkja við ásamt leynigesti.

**21.00 Hitamál í þjóðfélaginu** Umsjónarmaður er Markús Þórhallsson. Gestir þáttarins eru Einar Árnason og Sturla Jónsson vörubílstjórar og Helgi Vilhjálmsson í Góu. Hitamálin eru kjör landsmanna, málefni aldraðra og hátt olíuverð.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.25** Flåten **11.50** Ha' det godt **12.20** Sporløs **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Pigerne mod drengene **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** AMIGO **15.30** Shanes verden **15.55** Tjulahop - musikvideo **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge i haven **18.30** Danskernes Krønike - Vores ferie **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Optaktsudsendelse til det Europæiske Melodi Grand Prix **22.40** Seinfeld **23.00** SPAM 2008

## NRK 1

**11.30** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **12.00** Presidenten **12.45** Giro d'Italia direkte: 5. etappe **15.30** Oddasat - Nyheter på samisk **15.45** Historien om ... **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Dyrestien 64 **16.25** Todds verden **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Veterinær på safari **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Abrahams barn **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** The Wire **22.45** Neste stopp Beograd **23.10** Kulturnytt

## SVT 1

**8.35** Grej och Mojäng **8.45** Ett med mobilen **8.55** Banderoll **9.10** Banderoll - debatt **9.25** Katten, musen, tiotusen - sydkurdiska **9.35** Bibliska berättelser - spanska **9.45** Jag kan lite kinesiska **10.00** Rapport **10.05** Sista terminen **10.35** Lantz i P4 **11.05** Var fan är mitt band? **12.35** Big Love **13.30** Morgonsoffan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.05** Eurovision Countdown 2008 **15.30** Karamelli **16.00** Bolibompa **16.20** Dagens visa **16.25** Simskola **16.30** Mamma Spindels alla små kryp **17.00** Bobster **17.15** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Brottet **20.00** Debatt **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Uppdrag Granskning **22.25** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige



## GAMLA MYNDIN



*„Ég hafði alltaf mjög gaman af fötum og uppáhaldslitirnir voru rauður og kóngablár. Ég var ófeimin við undarlegar blöndur í fatavali og var eflaust eins og jólatré á köflum. Það hefur aðeins dempast með árunum en uppáhaldslitirnir eru þeir sömu.“*

Katrín Jakobsdóttir alþingismaður.

Myndin var tekin í maí 1996 þegar Katrín varð dúx í MS.

# Brynjar vill íslenskt Boston Legal

„Var þetta ekki bara næsta skref? Ég held að það sé tími til kominn að fá raunsæja mynd af íslenskum lögfræðingum. Við erum ekki eins leiðinlegir og menn kynnu að halda,“ segir Brynjar Níelson hæstaréttarlögmaður.

Í farvatninu er Réttur, ný íslensk sjónvarpsþáttaröð í átta þáttum um líf og störf íslenskra lögfræðinga. Handritshöfundar eru þau Sigurjón Kjartansson, Kristinn Þórðarson og Margrét Örnólfsdóttir og hefur Brynjar átt fundi með þeim. „Menn eiga það til að rugla saman hugtökum hér á landi. Oft koma þeir með ranghugmyndir frá Bandaríkjunum hvernig þetta virkar og ég var bara að útskýra fyrir þeim hvernig tungumál væri talað fyrir dómi hér á landi,“ útskýrir Brynjar en hann hefur ekki mikið álit á þeim lögfræðingaþáttum sem hafa flætt yfir íslenskt sjónvarp undanfarin ár. Eða ekki síðan Perry Mason vann hvert málið af fætur öðru. „Ég hef þó haft gaman af Boston Legal, finnst skemmtilegt hvernig þeir taka á málefnum líðandi stundar og setja þá í lögfræðilegt samhengi. Vonandi verða þessir þættir eitthvað í líkingu við þá,“ segir Brynjar.

Sigurjón sagði í samtali við Fréttablaðið að þetta væri vissulega lögfræðidrama þar sem einkalíf lögfræðinga yrði ekkert síður í kastljósinu en dómsmál þeirra. „Hver og einn þáttur er sjálfstæð saga og þar er fylgt eftir einu máli frá a til ö. Hins vegar verður einkalíf lögfræðinganna í framhaldsþáttastíl,“ útskýrir Sigurjón sem var að vonum sáttur við samstarfið við Brynjar. „Maður vill ekki láta hanka sig á einhverjum lögfræðilegum smáatriðum,“ útskýrir hann. Ekki liggur fyrir hvenær hafist verði handa við tökur á þáttunum, hverjir skipi aðalhlutverkin né hver leikstýri, en Sigurjón sagði þau mál eiga að skýrast á næstunni.

**- fgg**



**GOTT SAMSTARF** Brynjar Níelsson sér til þess að menn tali rétt lögfræðitungumál í nýjum sjónvarpsþáttum sem Sigurjón Kjartansson á hugmyndina að.



**LÁRÉTT**
**2.** barnahjal **6.** kusk **8.** hamfletta **9.** tilvera **11.** samanburðart. **12.** frækorns **14.** dans **16.** tveir eins **17.** nálægt **18.** drulla **20.** horfði **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ekki læs **3.** frá **4.** fugl **5.** hamingja **7.** ófreskja **10.** röst **13.** utan **15.** rænuleysi **16.** skaði **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** babl, **6.** ló, **8.** flá, **9.** ævi, **11.** en, **12.** sæðis, **14.** tangó, **16.** tt, **17.** nær, **18.** aur, **20.** sá, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT: 1.** ólæs, **3.** af, **4.** blesgæs, **5.** lán, **7.** óvættur, **10.** iða, **13.** inn, **15.** óráð, **16.** tap, **19.** ró.

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið



**MEÐ BLEIKU ÍVAFI** Svart og bleikt er meginþemað í búningum þeirra Friðriks og Regínu sem voru ekkert að halda þeim leyndum heldur frumsýndu strax á fyrstu æfingu.

### FRIÐRIK ÓMAR OG REGÍNA ÓSK: MEÐ EINKASVÍTUR Á HÓTELINU Í SERBÍU

# Í ræktina um miðja nótt

Ekki væsir um þau Friðrik Ómar og Regínu Ósk í Serbíu. Þau eru hvort með sína svítuna á hótelinu í Serbíu. „Hér er allt í toppklassa og okkur gæti ekki liðið betur. Vinnufundirnir eru haldnir inni á herbergjunum okkar enda eru þau með glæsilegasta móti,“ segja Friðrik Ómar og Regína.

Fyrsta æfing hópsins var í gærmorgun og bæði Friðrik og Regína eru sammála um að hún hafi gengið vel. „Okkur leið alveg ofsalega vel á sviðinu,“ segir Regína og Friðrik skýtur því inn í að tæknihliðin hafi verið á heimsmælikvarða.

Regína og Friðrik voru ekki í neinum feluleik á fyrstu æfingunni og frumsýndu búningana sem þau klæðast á undanúrslitakvöldinu. „Við ákváðum frá fyrsta degi að æfa atriðið með öllu og það má ekki gleyma því að við þurfum ekki að koma Íslendingum á óvart. Við þurfum að koma Evrópu á óvart og vildum því breyta út af vananum,“ útskýrir Friðrik. Regína bætir við að auðvitað eigi eitthvað eftir að breytast þegar nær dregur en þetta sé grunnurinn.

Mikla athygli vakti hér heima að Friðrik Ómar nýtti sér þjónustu Ingibjargar Gunnarsdóttur sem notaði dáleiðsluaðferð til að ná fram hámarksárangri í Smáralindinni. Ingibjörg kemur til Serbíu á föstudaginn en Friðrik sjálfur segist vera fullur sjálfstrausts og telur sig jafnvel ekki þurfa þjónustu hennar þegar að stóru stundinni kemur.

Og það er kannski ekki að undra að þeim Friðriki og Regínu skuli líða vel. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hafa þau verið dugleg í ræktinni og hún verður ekki látin sitja á hakanum þrátt fyrir að út fyrir landsteinana sé komið. „Við vorum vöknuð klukkan fjögur í morgun, fórum þá í ræktina og svo í förðun,“ segja Friðrik og Regína sem gefst lítið færi á að taka því rólega enda fram undan blaðaviðtöl og blaðamannafundir.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

„Great minds think alike,“ er stundum sagt upp á engilsaxnesku og gaman að fylgjast með því hversu samstiga samherjarnir og sjónvarpsstjörnurnar **Sigmundur Ernir** og **Jón Ársæll** eru þegar viðmælendur eru annars vegar. Þannig var Bjarni Haukur gamanleikari viðmælandi Sigmundar í Mannamáli nýverið og hefur einnig verið auglýstur sem viðfang Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki. Um helgina ræddi Sigmundur Ernir við Jakob Frímann sem einnig verður efniviður Jóns Ársæls í næsta þætti. Þannig að viðtalshaukar Stöðvar 2 kunna að læsa klónum saman í þá þar sem safinn er.



**Árni Matthíasson** og þeir Moggamenn eiga í stökustu vandræðum með bloggsvæði sitt en þar togast á anarkisminn sem hlýtur að vera forsenda þess hversu netið blómstrar og svo þess að vilja viðhalda virðingu sinni – eða firra sig kvörtunum. Enn einni síðunni hefur verið lokað á moggablogginu: hebbi.blog.is. Þar hefur Herbert Fr. Stefánsson skrifað og þykir í skrifum sínum að mörgu leyti líkjast ofurbloggaranum Stefáni Fr. Stefánssyni. Herbert kvartaði í síðasta bloggi sínu undan árásum á sig og í athugasemdakerfinu lýsti kona hans, Sigurlaug Helgadóttir Eggerz, eftir honum: Sagði hann ekki hafa komið heim síðan á föstudag. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að engan Herbert Fr. né nafn konu hans er að finna í þjóðskrá.



Vogar á Vatnsleysuströnd er fallegt bæjarfélag um 1.300 íbúa, en það hefur helst verið í fréttum að undanförnu vegna ýmissa fíkniefna- og ofbeldismála. Nýverið gaf bæjarfélagið út glæsilegan litprentaðan „hér-er-gott-að-búa“ bækling, en heldur þótti friðsömum bæjarbúum sumum skjóta skökku við að húsið á forsíðu bæklingsins er hús einhvers frægasta íbúa Voga: **Annþórs Kristjáns Karlssonar** dæmds handrukkara með meiru. **- jbg**

Hátíðni rafsuðuvélar
Taka allt að 4 mm vír. Handhægar - aðeins um 5 kg. Flott verð.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is


Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?
Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.
Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér frímiða í bíó.
Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: 585 8300 / 585 8330 eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is
pósthúsið
Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is

# Bubbi Morthens fluttur í Kjósina

Bubbi Morthens flutti ásamt fjölskyldu sinni í nýja húsið við Meðalfellsvatn á föstudaginn. „Það er óhætt að segja að Kjósin sé magnaður staður,“ segir Bubbi, „og það er ekki leiðinlegt að labba um landareignina þar sem maríuerlur og þrestir standa syngjandi í lóðaúthlutunum, býflugur suða og kryddjurtir ilma. Það er bara eitt orð yfir þetta: Sveitasæla.“

Þó stutt sé í bæinn segist Bubbi helst vilja dvelja við Meðalfellið. „Það er mokveiði í vatninu, sem er eins og gler í logni og fjallið er freistandi. Maður gengur samt ekki upp á fjöll heldur hleypur upp á þau. Ég er ekki enn búinn að hlaupa upp á það en trúðu mér, það kemur að því. Þótt það sé hrikalega erfitt.“

Nýja Bubba-platan Fjórir naglar kemur út á afmælisdegi Bubba, 6. júní. Titillagið er komið í spilun og þar kveður við sálarlegan tón. Bubbi segir lagið alls ekki einkennandi fyrir plötuna. „Nei, það ægir öllu saman á þessari plötu. Það eru alls konar stílar á henni, pönk, soul, þjóðlagatónlist og tónlist sem var í tísku rétt eftir aldamótin 1900. Það er samt ákveðinn hljómur sem bindur hana saman og má lýsa sem töffaragítar.“

Fjórir naglar er fyrsta sólóplata Bubba með nýju efni síðan 2005, þegar hann gerði skilnaðarplötutvennuna Ást og Í 6 skrefa fjarlægð frá paradís. **- glh**



**NÝTT HÚS OG NÝ PLATA** Bubbi Morthens er kominn í sveitasæluna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






## Mongoose Crossway 350

**Slétt 28" dekk sem renna ótrúlega vel á götunni. Auðveldara upp brekkurnar með læsanlegum framdempara. Stillanlegt stýri og þægilegur hnakkur**

**49.900 kr.**

**ALVÖRU FJALLAHJÓL**

**VARIST EFTIRLÍKINGAR**



## Mongoose Switchback SX

**26" dekk sem henta fyrir flestar aðstæður Með læsanlegum framdempara, Stillanlegu stýri og þægilegum hnakk.**

**39.900 kr.**



## Mongoose Tyax Super

**Hörkuhjól með læsanlegum framdempara og vökva diskabremsum.**

**73.900 kr.**



## Hjólatölva

**Mælir m.a. hraða og vegalengd. Nauðsynlegur fyrir "Hjólað í vinnuna"**

**2.990 kr.**

**GAP**

**WWW.GAP.IS**

**FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7**

S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri




**BAKÞANKAR**

Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Ósýnilega lífstykkið*

Mikið getum við konur þakkað fyrir að vera uppi nú en ekki fyrir til dæmis sextíu árum. Burtséð frá því að þá var eigi ætlast til annars af okkur en að sveipa heimilið hreingerningarilmi og okkur sjálfar dulúð, þá var hvorki búið að finna upp hárblásarann né sléttujárnið. Dagur án þessara þarfaþinga er ónýtur sem kunnugt er nema við séum löglega afsakaðar a) í útilegu á Hornströndum eða b) á spítala. Lífseig skuplutískan langt fram eftir síðustu öld var engin tilviljun. Innan í hverri kverkbundinni slæðu var úfinn hausinn á sáróánægðri konu sem fann að eitthvað vantaði í tilveruna en vissi ekki hvað.

**SKUPLUKONAN** upplifði ekki frelsið sem við hér og nú njótum. Með blásið og sléttað hárið getum við klætt okkur á hvern þann hátt sem okkur sýnist því ekkert er bannað. Nema það sem er alveg glatað auðvitað. Sú tíð er liðin að konur láti tískuna reyra sig í þvingandi lífstykki, slíkt þarf engin kona sem kann að reikna út BMI. Það eina sem þarf er að vigta sig vikulega, telja hitaeiningar, æfa massíft og voilá! Hið ósýnilega lífstykki heldur okkur í fínu formi án andarteppu.

**TÆKNIN** er líka sannarlega á okkar bandi. Þær sem ekki eru svo heppnar að vera mjög grannholda með mjög stór brjóst og útnar varir, geta slegið upp í símaskránni fjölda lækna sem glaðir leiðrétta mistökin. Varla er hægt að hugsa sér betri fjárfestingu en í sjálfstrausti, hugum að því. Þetta er samt vissulega dálítil ákvörðun og sumar óar kannski við svæfingunni, aðgerðinni eða sársaukanum. En á frelsistímum er til lausn á öllu og nú er til dæmis komið á markaðinn alveg frábært gloss sem gerir varirnar útblásnar og rosalega kynþokkafullar. Og reyndar hliðstæður áburður fyrir brjóstin. Kannski er þetta úr sömu línu og undrakremið sem konur hreinlega verða að eiga til að upplifa almennilega fullnægingu sem gerir gamaldags útgáfuna hlægilega snautlega.

**BURTSÉÐ** frá tíma og rúmi má vel sjá samsvörun í skuplukonunni og þessum slæðuklæddu múslímakonum. Það er alveg magnað hvernig þær láta hið félagslega taumhald kúga sig langt niður fyrir velsæmismörk. Hvernig geta þær látið þvinga sig í þetta slæðudót og sumar jafnvel búrku! Skil ekki af hverju þær gera ekki uppreisn.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 13. maí, 135. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.15 | 13.24 | 22.35 |
| Akureyri | 3.41 | 13.09 | 22.39 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




**Prius – við erum komin upp á næsta stig.**

Öll höfum við hugmyndir um hvernig framtíðin verður. Ólíkar hugmyndir. Við hjá Toyota sjáum fyrir okkur hreinni heim og stefnum óhikað á framleiðslu bíla sem menga ekkert. Leiðin þangað er löng og ströng en við erum komin upp á næsta stig. Prius er knúinn bæði rafmagns- og bensínvél. Hann er sjálfum sér nógur um rafmagn og gefur frá sér allt að 55% minna koldíoxíð en hefðbundnir bensínbílar af svipaðri stærð. Hann er umhverfisvænni og mikilvægt skref í átt að hreinni heimi.

Komdu og reynsluaktu Prius – upplifðu næsta skref.

Verð frá 3.490.000 kr.

HYBRID SYNERGY DRIVE
The power to move forward

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070